

## Dýrmætt verkefni

Stundum fléttast verkefni lífsins og leikhússins saman. Það á við um **Margréti Vilhjálmsdóttur** sem fer með aðalhlutverk í *Virginíu Woolf* í Borgarleikhúsinu. Harminn geymir hún í fortíðinni og sinnir þess í stað dýrmætasta verkefni lífsins. ➔30



Aðventusiðir og hið ljúfa líf ➔52



Ungt fólk fær brengluð skilaboð úr klámi ➔38



Bestu og verstu bókarkápurar ➔58

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK  
• ÚTIVIST OG FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlökönun Gallup apríl-júní 2015

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LANDSLAG  
*Ragna Róbertsdóttir*

KÆRLEIKSKÚLAN  
Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNA  
OG UNGMENNA

STYRKARFÉLAG LAMADRA  
OG FATLAÐRA

Gefðu draumagjöfina

Opið til kl. 18

SMÁRALIND


OPIÐ FRÁ KLUKKAN  
10-18 LAUGARDAG  
13-18 SUNNUDAG

YFIR 1000 HUGMYNDR AÐ GÓÐUM JÓLAGJÖFUM

Kringlan



## Veður



**Vetrarlegt veður** á landinu í dag. Norðanatt, víða hvassviðri eða stormur, 18-23 m/s, en fer að lægja vestanlands í kvöld. Stórhrið fyrir norðan, en skafrenningur og einhver í á sunnanverðu landinu. **SJÁ SÍÐU 66**

## Kæurur í Hlíðamáli felldar niður

**LÖGREGLUMÁL** Kæurur um rangar sakargiftir og kæra um nauðgun á brotaþola í Hlíðanauðgunarmálinu svokallaða hafa allar verið felldar niður hjá lögreglu. Þetta staðfestir Jón H. B. Snorrason aðstoðarlög- reglustjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Kæurnar þrjár bárust í kjölfar kæru tveggja kvenna um nauðgun eftir aðskildar bekkjarskemmtanir Frumgreinadeildar Háskólans í Reykjavík. Tveir karlar á fertugsaldri voru kærðir fyrir annað atvikið sem á að hafa átt sér stað í íbúð þess eldri við Miklubraut í Hlíðahverfi.

Í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um málið kærði Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, verjandi annars mannsins, konurnar tvær fyrir rangar sakargiftir og aðra þeirra fyrir nauðgun. Í nauðgunarkærunni sagði að konan hefði lagst hjá öðrum manningum, samnemanda sínum, á dýnu á gólfi íbúðarinnar og haft við hann munnmök í nokkrar sekúndur. Maðurinn hefði beðið konuna að hætta sem hún hefði gert.

Þessi kæra hefur nú verið felld niður hjá lögreglunni og rannsókn hætt. Kæurur á konurnar tvær um rangar sakargiftir hafa sömu- leiðis verið felldar niður. Rannsókn er lokið á nauðgunarkærum kvennanna tveggja og þær hafa verið sendar til ríkissaksóknara.

– snæ

» Kæurnar þrjár bárust í kjölfar kæru tveggja kvenna um nauðgun eftir aðskildar bekkjarskemmtanir Frumgreinadeildar Háskólans í Reykjavík. Tveir karlar á fertugsaldri voru kærðir fyrir annað atvikið sem á að hafa átt sér stað í íbúð þess eldri.

## Karlar í krapinu



Snjóatíð síðustu daga hentar ágætlega þeim Birgi Bernhöft og Jóhanni Haraldssyni sem notuðu tækifærið í gær til að kæla sig aðeins niður eftir setu í heita pottinum í Kópavogssundlaug. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Keyra annan hvern dag

**INDLAND** Frá áramótum mega öku- menn í Nýja-Delí, höfuðborg Indlands, bara aka bíl sínum annan hvern dag. Ákvörðunin var kynnt í gær.

Nýju reglurnar eru til þess að bregðast við loftslagsvandanaum en fáar borgir í heiminum menga meira en Nýja-Delí. Voru þær settar fram eftir úrskurð æðsta dómstóls borgarinnar um að aðgerða væri þörf. „Það er eins og við búum í gasklefa,“ segir meðal annars í úrskurðinum.

Bílar með skráningarnúmer sem enda á oddatölu mega keyra á dögum sem enda á oddatölu en hið gagnstæða mun gilda um bíla með skráningarnúmer sem enda á sléttri tölu. – þea


# Mæðgur á Siglufirði kljást við krabbamein

Sjöfn Ylfa Egilsdóttir berst við krabbamein í brisi sem hefur dreift sér. Stuttu áður hafði móðir hennar greinst með krabbamein. Þær hafa stutt hvor aðra í gegnum ferlið. Sjöfn Ylfa horfir björtum augum á framhaldið.

**SAMFÉLAGSMÁL** Sjöfn Ylfa Egilsdóttir, 27 ára tveggja barna móðir, greindist með krabbamein í brisi stuttu eftir fæðingu yngra barns hennar. Hálfu ári áður hafði móðir hennar einnig greinst með krabbamein. „Við höfum gengið í gegnum þetta saman og það hefur verið mikill styrkur fyrir okkur,“ segir hún.

Sjöfn Ylfa og öll hennar fjölskylda eru búsett á Siglufirði. Hún á tvö börn með unnusta sínum; þriggja ára soninn Ásgeir Úlf og hina níu mánaða gömlu Franziscu Ylfu. „Ég greindist rétt fyrir verslunarmannahelgi með krabbamein í brisi sem hafði síðan dreift sér út í lifrina. Þar fundust illkynja frumur. Ég fór því strax í lyfjameðferð eftir verslunarmannahelgina og við vonum það besta,“ segir Sjöfn Ylfa sem tekur sjúkdómi sínum af æðruleysi. „Börnin mín eru mér allt og ég lifi fyrir þau í dag. Svo er unnusti minn líka stóð mín og stytta og hefur gefið mér mikinn styrk í baráttunni.“

Móðir hennar, Kristín Úlfadóttir, greindist með brjóstakrabbamein í mars síðastliðnum. Þær mæðgur hafa því gengið í gegnum lyfjagjöf saman frá því Sjöfn Ylfa greindist. „Móðir mín kláraði lyfjagjöf nú fyrir mjög stuttu. Það má segja að við erum miklu nánari eftir þessar hremmingar. Þó að við höfum alltaf verið mjög nánar þannig þá hefur þetta þjappað okkur mjög saman og sameinað okkur. Við höfum stutt hvor aðra og ég hef haft ofboðs-



Sjöfn Ylfa er í miðri lyfjameðferð vegna krabbameins sem hún greindist með í ágúst síðastliðnum. Móðir hennar, Kristín Úlfadóttir, hefur nú lokið lyfjameðferð við brjóstakrabbameini. MYND/SJÖFN YLFA

Ég greinist rétt fyrir verslunarmannahelgi með krabbamein í brisi sem hafði síðan dreift sér út í lifrina. Þar fundust illkynja frumur. Ég fór því strax í lyfjameðferð eftir verslunarmannahelgina og við vonum það besta.

Sjöfn Ylfa Egilsdóttir

lega gott af því hversu mikið mamma hefur stutt mig,“ segir hún.

Haldnir voru styrktartónleikar í kirkjunni á Siglufirði síðastliðinn miðvikudag fyrir ungu fjölskylduna. Samfélagið er lítið og telur Sjöfn Ylfa ótrúlegt að sjá þann mikla samhug sem birtist í mætingunni á tónleikana. „Þegar ég horfði yfir allan hópinn í stútfullri kirkju var eins og hjartað hefði stöðvast í smá sund. Maður var orðlaus yfir því hve margir standa með manni. Ég er mjög þakklát fyrir þann hlýhug samfélagsins.“ sveinn@frettabladid.is

visir.is Lengri útgáfa er á Vísu

Salan er hafin!  
**Sumarið 2016**

Allt að:  
**100.000 kr.**  
bókunar-  
afsláttur

Tenerife Mallorca Alicante Krít



Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is  
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444



VITA er lífið



# Allt til jóla í Smáralind

Gerðu jólainnkaupin í hlýlegri  
jólstemningu um helgina. **Opið til kl. 18**

## Laugardagur 5. desember

- Kl. 13.00–15.00 **Köttudagurinn.** Gestum býðst að skreyta  
piparkökur og smakka smákökur
- Kl. 15.00 **Verðlaunaafhending í Piparkökuhúsaleik  
Köttu.** Skoðaðu öll glæsilegu piparkökuhúsin!
- Kl. 15.30 **Jón Víðis töframaður**
- Kl. 16.00 **Mosfellskórinn**
- Kl. 17.00 **Tríðið Tríólur**

## Sunnudagur 6. desember

- Kl. 13.30 **Íþróttálfurinn og Siggí sæti**
- Kl. 15.00 **Jóladjass**
- Kl. 16.00 **Swing Kompaníð** með Grétu Salóme Euro-  
visionfara og Unni Birnu úr Fjallabræðrum í  
forgrunni spilar jólasveiflu

**Látum gott af okkur leiða!**  
Gefðu eina auka jólagjöf og  
settu undir jólatréð í Smáralind.




 **SMÁRALIND**



TÖLUR VIKUNAR 30.11.2015 TIL 06.12.2015




af sorpi eru árlega fluttir með Herjólfri frá Vestmannaeyjum.



**6.000** bílar fara yfir Helliðsheiði á degi hverjum.

**70.000** hross eru til í landinu á hverjum tíma.



fjöldun hefur orðið í hópi zúista frá því í október.

**9,8 megavött** ætlar SSB Orka að fá með virkjun í Svartá í Bárðardal.



**4 til 4,5 milljarðar** voru ofgreiðslur neytenda í eldsneyti á árinu 2014, segir Samkeppniseftirlitið.



**55.000 krónur** fá atvinnuleitendur í jólauppbót.



**6 af 60**

lögreglubílum á höfuðborgarsvæðinu verða búnir skammbýssum.

## Þrír í fréttum Sunddrottning, spítali og lögregluskortur

**Eygló Ósk Gústafsdóttir** varð



fyrst íslenskra kvenna til að vinna til verðlauna á stórmóti í sundi. Eygló Ósk hlaut bronsverðlaun í 100 metra

baksundi á Evrópumeistaramótinu sem haldið er þessa dagana í Ísrael og hún hlaut einnig bronsverðlaun í 200 metra baksundi.

**Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis**, sagði að



nefndin léti ekki andlegt ofbeldi ná til sín. Verið væri að leggja gríðarlega pressu á nefndina og kenna forystunni um

ad Landspítalinn fengi ekki nægilega mikið fé. Þetta sagði Vigdís í kjölfar ummæla Páls Matthíassonar um viðbrögð forystu nefndarinnar við beiðni um meira fjármagn. Í kjölfarið ályktuðu lækna- og hjúkrunarráð spítalans um málið og bentu á að Íslendingar væru eftirbátar OECD-landa í framlögum til heilbrigðismála.

**Ólöf Nordal innanríkisráðherra**



sagði í viðtali við Fréttablaðið að svara þyrfti kalli ríkislög-reglustjóra um fleiri lögregluþjóna. Nú dygðu hins vegar

ekki fjármunir til þess. Hún sagði skipan samráðshóps sem fara á ítarlega yfir meðferð nauðgunarmála í réttarvörsluferfinu vera í takt við það sem væri að gerast í nágrannalöndum og þróun löggjafar.

# Ríflega þrisvar sinnum fleiri ofbeldiskonur leita meðferðar

Níu konur sem eru gerendur heimilisofbeldis hafa leitað sér meðferðar hjá Körlum til ábyrgðar. Fyrir ári voru þær tvær. Skömm, þöggun og ótti við að missa börnin kemur í veg fyrir að karlmenn fari úr aðstæðum.

**VELFERÐARMÁL** Átakið Karlar til ábyrgðar hefur boðið upp á meðferð fyrir gerendur heimilisofbeldis undanfarnin ár. Fyrir tæpum tveimur árum var byrjað að bjóða konum upp á meðferð. Tvær konur höfðu leitað sér meðferðar fyrir rúmu ári. Í dag hafa níu konur leitað sér meðferðar.

Vegna fleiri kvenna sem leita sér aðstoðar mun nafni meðferðar vera breytt í Heimilisfríð á næstu dögum. Aðstandendur meðferðarinnar segja nafnbreytinguna endurspeglar breytta umræðu í samfélaginu.

Samt sem áður eru mun fleiri karlmenn sem leita aðstoðar og þeim fjölga ár frá ári. 42 prósentum fleiri karlmenn hafa sótt meðferð á fyrstu sex mánuðum þessa árs en í fyrra og frá byrjun hafa 450 karlar leitað sér aðstoðar. Andrés Ragnarsson, sálfræðingur hjá Körlum til ábyrgðar, segir skömm og litla umræðu um ofbeldi gegn körlum valda því að það fái frekar að þrífast í skjóli þagnar.

„Það er gott að karlmenn stigi fram og segi frá sinni reynslu. Það opnar umræðuna og brýtur niður staðalmyndir. Aukin umræða um konur sem beita ofbeldi skilar sér vonandi í því að fleiri konur leita sér hjálpar hjá okkur,“ segir hann.

Andrés segir ekki mikinn mun á hvernig ofbeldisbeiting er hjá kynjunum en það sé munur á afleiðingum ofbeldisins.

„Almennt er það svo að afleiðingar ofbeldis karla gegn konum eru alvarlegri. Þá er ég ekki að gera lítið úr afleiðingum ofbeldis sem konur beita, en í krafti aflsmunar eru konurnar almennt í meiri hættu.“



Skömm, ótti við að missa börnin og mögulega staðalmyndir um karlmannsku koma í veg fyrir að karlmenn segi frá ofbeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er gott að karlmenn stigi fram og segi frá sinni reynslu. Það opnar umræðuna og brýtur niður staðalmyndir.

Andrés Ragnarsson sálfræðingur



Andrés segir ofbeldið geta verið stjórnþæki en það sé ekki síður vanmáttur. „Þá kunna þau ekki að bregðast við ögrandi aðstæðum – eru fátæk á því sviði. Það koma upp ögrandi aðstæður, þeim finnst þeim ógnað og kunna jafnvel aðeins að bregðast við á einn hátt – eða eins og haft var fyrir þeim sem börnum. Hlutverk okkar er að kenna öðruvísi viðbrögð.“

erlabjorg@frettabladid.is

## Karlar óttast að missa börnin

Drekaslóð býður öllum fórnarlömbum ofbeldis ráðgjöf. Þangað leita meðal annars karlar sem verða fyrir heimilisofbeldi. „Karlmenntala mikið um andlegt ofbeldi en það er sannarlega líka líkamlegt ofbeldi. Konur beita til að mynda frekar áhöldum,“ segir Thelma Ásdísardóttir ráðgjafi.

Thelma segir tvennt koma til sem veldur því að færri karlar leiti sér aðstoðar. Konur eigi til að beita börnunum fyrir sig og hótta því að ef þeir fara þá fái þeir ekki að hitta börnin. „Og það er nú þannig að réttur kvenna í forræðismálum er mjög sterkur.“ Í öðru lagi sé eins og karlar geri sér síður grein fyrir að þeir séu beittir ofbeldi. „Það er eðlilegt út af skorti á umræðu og skömmin getur verið mikil. Margir menn hringja hingað til þess að fá staðfestingu á að það sé verið að beita þá ofbeldi og fá svo ráðgjöf í kjölfarið.“

Karlmenn tala mikið um andlegt ofbeldi en það er sannarlega líka líkamlegt ofbeldi. Konur beita til að mynda frekar áhöldum.

Thelma Ásdísardóttir, ráðgjafi á DrekaSlóð



## Tryggingargjaldið verður ekki lækkað

**EFNAHAGSMÁL** Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, segir ekkert svigrúm til að lækka tryggingargjaldið strax um áramótin. Hann telur kröfu um lækkan gjaldsins til marks um að laun hafi hækkað of mikið í síðustu kjarasamningum.

Í dag greiða atvinnurekendur 7,5% af launum hvers starfsmanns í tryggingargjald. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins og forseti Alþýðusambands Íslands hafa skorað á ríkisstjórnina að lækka gjaldið á næsta ári til að koma til móts við þær launahækkanir sem fylgja nýjum kjarasamningum.

„Við myndum stefna ríkinu beint í hallarekstur ef við tækjum 2,5% af tryggingargjaldinu strax á næsta ári eins og verið er að tala um,“ segir Bjarni. Hann segir þó koma til greina að lækka tryggingargjaldið á næstu árum.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnu-

Baðir þeir flokkar sem nú mynda ríkisstjórn gagnrýndu mjög harkalega skattahækkanir síðustu ríkisstjórnar gagnvart atvinnulífinu, en þrátt fyrir að þetta séu þriðju fjárlög sem þessi ríkisstjórn er að afgreiða hafa ekki verið stigin nein skref til lækkunar.

Þorsteinn Víglundsson framkvæmdastjóri SA



lífsins, segir að ekki verði hægt að ganga frá samkomulagi um þær viðbótar kostnaðarhækkanir sem SALEK samkomulagið feli í sér án nauðsynlegra mótvægisáðgerða. „Fjármálaráðherra bendir réttilega á að launahækkanir séu orðnar allt of miklar. Þess vegna höfum við gert þessa kröfu um mótvægisáðgerðir til að lágmarka skaðleg áhrif af allt of miklum kostnaðarhækkanum.“ Þorsteinn segir að ýmsar mótvægisáðgerðir séu í boði. „Við höfum þó bent á að lækkan tryggingargjalds sé skilvirkasta aðferðin þar.“

Þorsteinn segir SA vera mjög ósátt við þá ákvörðun stjórnvalda að hafa í tvígang hækkað almenna tryggingargjaldið samtímis því að svigrúm hafi skapast til lækkunar á atvinnutryggingagjaldinu. „Við krefjumst þess að það verði tekið til baka af því að við teljum að launatengdir skattar sem þessir komi fyrir tækjum mjög illa.“ –sg

4. - 11. JANÚAR

**KEISARA SIGLING LEIÐIN**

MOSKVA > PÉTURSBORG

Í ALLT SUMAR

FRAMHALD JÓLA Í MOSKVA

Mesta vetrarhátíð Rússa

VIETNAM / KAMBÓDÍA

HIÐ ÓÞEKKTA INDÓKÍNA

Nýjar að hætti heimamanna

7. - 22. FEBRÚAR

MID-ASÍA - INDLAND - GEORGÍA - ARMENÍA

... og fleiri frábærar ferðir víða um heim!

**Bjarmaland** ferðaskrifstofa Sími: 770 5060

**bjarmaland.is** Höfuð samband [bjarmaland@bjarmaland.is](mailto:bjarmaland@bjarmaland.is)



GJAFAKORT KRINGLUNNAR ER GJÖF AF ÖLLU HJARTA



# ALLT FYRIR JÓLIN Á EINUM STAÐ

Njóttu aðventunnar með okkur í Kringlunni. Við bjóðum þér inn í hlýjuna þar sem þú getur keypt allt fyrir jólin og notið jólalegar skemmtidagskrár sem verður full af söng og fjöri.

## LAUGARDAGUR

**14:00**  
LATIBÆR  
SOLLA STIRÐA OG GOGGI MEGA

**15:00**  
EINAR MIKAEL TÖFRAMAÐUR

**16:00**  
JÓLATÓNLIST  
MATTHÍAS STEFÁNSSON  
OG KARL OLGEIRSSON

JÓLASVEINAR Á FERÐINI  
ILMANDI KAFFI FRÁ TE & KAFFI  
OG PIPARKÖKUR

## SUNNUDAGUR

**14:00**  
BARNAKÓR BÚSTAÐAKIRKJU

**14:30**  
LATIBÆR  
ÍPRÓTTAÁLFURINN  
OG SIGGI SÆTI

KÍKTU Á NÝJAN  
OG ENDURBÆTTAN

**BIÓGANG**

Á 3. HÆÐ

OPIÐ  
LAUGARDAG 10-18  
SUNNUDAG 13-18

Kringlan



## Lögmenn óska skýringa

**LÖGREGLUMÁL** „Ég held að það eigi að vera mjög auðvelt fyrir lögregluna að hafa uppi á lögmönnum sem eru tilbúnir að mæta,“ segir Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands. Á mánudag greindi Fréttablaðið frá bréfi Afstöðu, félagsfanga, til lögmannafélagsins þar sem fram kom óánægja með þá verjendur sem lögregla skipar sakborningum.

Í fréttinni sagði Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn að menn væru misviljugir til að taka að sér verjendastörf. Bakvaktarlisti félagsins hefði ekki virkað sem skyldi.

„Það stenst enga skoðun. Við erum með á annað hundrað lögmenn skráða á þessa bakvakt. Það er biðröð um að komast á vaktina,“ segir Ingimar.

Hann segir Lögmannafélag Íslands hafa í smíðum bréf til lögreglunnar. „Þar er sérstaklega óskað skýringa á því hvers vegna ekki er verið að nota listann. Við höfum svo sem gert það áður, bæði í bréfum og á fundum með lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og fengið loforð um að þetta fyrirkomulag verði virt.“ - **SNÆ**

## Jóhann Tryggvason



Málverkasýningin er að Garðatorgi 7, Garðabæ, gengið inn á torgið meðfram turni. Þegar inn á torgið er komið er sýningin í öðru bili frá hægri. Sýningin verður opin frá laugardeginum 5. desember til miðvikudagsins 9. desember frá kl. 14 til 17, alla dagana. (Eftir það eftir samtali, símanúmerið á hurð).

Málverkasýning Jóhanns Tryggvasonar  
Elliðaárdalurinn o.fl.

## Jólaleg



Vaxmynd söngkonunnar Rihönnu, sem rætur á að rekja til Barbados, er í jólaumgjörð og búningi á vaxmyndasafni Madame Tussauds í Berlín í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Starfsfólk bankanna fær ekki jólabónusa

Stóru viðskiptabankarnir þrír ætla ekki að greiða starfsfólki sínu jólabónus í ár. Ekkert ákveðið um málið í Íslandsbanka og Arion banka. Desemberuppþót greidd samkvæmt kjarasamningum. Síðast greiddi Arion banki jólabónus 2013.

**VIÐSKIPTI** Stóru viðskiptabankarnir þrír greiða starfsfólki sínu ekki jólabónusa í ár, samkvæmt heimildum blaðsins. Opinberlega hefur þó ákvörðunin bara verið tekið hjá einum. Jólabónusar hafa ekki verið greiddir út síðan Arion banki gaf starfsmönnum sínum 125 þúsund króna bónusgreiðslu árið 2013.

Enginn jólabónus verður í Landsbankanum að sögn Rúnars Pálmarssonar, upplýsingafulltrúa bankans. Starfsmenn bankans, eins og aðrir starfsmenn fjármálafyrirtækja, fá þó desemberuppþót sem á árinu 2015 nemur 78 þúsund krónum miðað við fullt starf. Ekki stendur heldur til að greiða út jólabónusa til starfsmanna Kviku (nýja nafn gamla MP banka og Straums) að sögn Hildar Þórisdóttur, markaðs- og mannauðsstjóra fyrirtækisins.

„Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um jólabónus í Arion banka, varðandi desemberuppþót þá verður hún samkvæmt kjarasamningum,“ segir Haraldur

Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um jólabónus í Arion banka.

Haraldur Guðni Eirsson forstöðumaður samskiptasviðs Arion banka

Guðni Eirsson, forstöðumaður samskiptasviðs Arion banka. Hann segir jólabónus ekki hafa tíðkast hjá bankanum.

Þá liggur ekkert fyrir um jólabónus hjá Íslandsbanka, samkvæmt upplýsingum frá Eddu Hermannsdóttur, samskiptastjóra bankans. Desemberuppþót sé samkvæmt kjarasamningum.

Fyrir jólin í fyrra greiddi enginn bankanna né MP banki starfsfólki sínu sérstakan bónus fyrir jólin. Hjá MP banka fengu starfsmenn innpakkaðar jólagjafir en engar bónusgreiðslur.

Þegar Arion banki greiddi starfsfólki sínu uppþót 2013, þá fengu

starfsmennirnir 125 þúsund króna bónusgreiðslu fyrir jólin, auk 30 þúsund króna gjafakorts.

Stjórnendur Arion banka ákváðu þá að veita bónusgreiðsluna þar sem fagtímaritið The Banker, sem gefið er út af viðskiptaritinu Financial Times, valdi bankann sem banka ársins á Íslandi 2013. Það árið fengu starfsmenn hinna viðskiptabankanna engar bónusgreiðslur en fengu þó innpakkaðar jólagjafir. Auk þess fengu starfsmenn desemberuppþót.

Íslandsbanki hlaut viðurkenningu The Banker sem banki ársins á Íslandi 2014 en veitti þó ekki bónusgreiðslur jólin 2014.

Fyrir hrun fengu starfsmenn fjármálafyrirtækja greiddan svokallaðan 13. mánuðinn í desemberuppþót. Hann gat numið á bilinu 150 til 450 þúsunda króna. Opnað var fyrir þann möguleika árið 2001 að fá greidda þessa umbun vegna álags í tengslum við áramót.

saunn@frettabladid.is



## Leikandi jólagjöf

Gjafakort í Þjóðleikhúsið gleður unga sem aldna, enda ávísun á upplifun og ævintýri.

Hafðu samband við miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551 1200 eða á [midasala@leikhusid.is](mailto:midasala@leikhusid.is)

Töfrastund sem gleymist seint.







HÚSASMIÐJAN



blómaval

Pegar þú kaupir seríu hjá okkur styrkir þú gott málefni  
Húsasmiðjan gefur bóluefni gegn míslingum eða mænu sótt fyrir hverja selda seríu til jóla.



# SERÍUR & JÓLALJÓS

## 20-40% AFSLÁTTUR

útiseríur • inniseríur • skrautseríur • gluggaljós • aðventuljós o.fl.



### JÓLAHÁTÍÐ Skútuvogi í dag



Jólaveinar

**Jóland Blómavals**  
Jóland Blómavals er ævintýraheimur sem glatt hefur börn og fullorðna í áratugi.

**13:45 Jólaveinar**  
skemmta börnunum



Helgi Björnsson

**14:30 Helgi Björns**  
syngur jólalög og lög af nýju plötunni

**15:00 Kvinnakór**  
Kópavogs



Gunnar Helgason

**15:30 Gunnar Helgason**  
Upplestur og áritun.  
Mamma klikk!  
5 stjörnu bók!

### Jólahlaðborð



í Skútuvogi alla helgina kl. 13-19

**AÐEINS 1.980 kr**

Börn 10 ára og yngri 500kr

Kaupum jólatréð  
snemma. Geymið  
utandyra og það  
helst ferskt og flott

Öllum jólatrjám fylgir  
janúar glaðningur  
Blómavals!

## JÓLATRÉ

Eitt verð  
veljið sjálf  
150-240 cm  
Normannspínur  
standard flokkur  
takmarkað magn

# 3.390 kr

aðeins þessa helgi





# Falleg jólatré

Gæðajólatré - sem endist ár eftir ár!

Þessi jólatré eru í hæsta gæðaflokki auk þess að vera mjög falleg og líkjast þannig raunverulegum trjám. Einföld samsetning.

- Ekkert barr að ryksuga
- Eldtraust
- Ekki ofnæmisvaldandi
- Engin vökvun
- 12 stærðir (60-500 cm)
- 10 ára ábyrgð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stálfótur fylgir

Opnunartímar:  
Virkir dagar kl. 09-18  
Laugardagar kl. 11-18  
Sunnudagar kl. 12-18

**Skátarnir**  
Hraunbær 123 | s. 550 9800 | skatar.is



Harry Þór Hólmgeirsson hreinsaði snjó af þaki hótelsins 1919 í Hafnarstræti í Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vaxandi vá í vetrarríki

Maður sem rekið hefur körfubílaþjónustu í 25 ár hefur ekki séð viðlíka ástand og nú er í höfuðborginni vegna mikils snjóþunga og klaka utan á húsum. Fólk er varað við því að stefna sér í hættu við hreinsun af þökum og rennum.

**ÖRYGGISMÁL** „Það er skelfilegt ástand í Reykjavík,“ segir Harry Þór Hólmgeirsson hjá Körfubílum ehf. Undanfarna daga hafa Harry og félagar þeyst um og aðstoðað vegna snjó- og klaka-fargansins sem liggur yfir öllu.

Margir hafa lent í vatnsleka og þeim virðist vera að fjölga. „Ég er búinn að vera í þessu í 25 ár, eins og leigubilstjórinn sagði um árið, og ég hef ekki séð svona ástand áður. Það eru einhver mjög skritin skilyrði með miklum snjó og frosti,“ segir Harry sem hefur ekki tölu á simtölunum síðustu daga. „Það er bara allt á fullu.“

Hitinn frá húsum nær hjá sumum að þíða undan snjónum á þökunum og vatnið sem þá myndast kemst ekki burt því niðurföllin er stífluð af frosti. Vatnið leitar því inn í húsin. Harry segir mikið tjón víða en engin leið sé að anna öllum sem leiti aðstoðar.

„Það er ekkert hægt að berja því þá eyðileggur maður bara rennurnar. Það þarf bara að bíða eftir þíðu. Við brjótum niður grýlukerti og mokum snjó frá rennum og inn á þökina til að létta á. Sum staðar tókum við rennur sundur svo vatnið komist sína leið,“ segir Harry. Ekki sé notað heitt vatn en stundum salt sem virki hægt og rólega.

Harry kveðst gáttadur á því hvernig sum hús séu byggð. „Maður er búinn að sjá sorgleg dæmi um hús sem eru á floti,“ segir hann og nefnir sem dæmi hús með valmaþökum og hús í Hlíðunum og miðbænum. „Þetta er bara úti um allt.“

Sigurbjörn Guðmundsson, varðstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, segir reynt að komast hjá útköllum vegna snjóvanda og lekamála til að liðið geti verið tilbúið í það sem að því snýr fyrst og fremst, eldsvoða. Slökkviliðið vísir þess í stað á körfubílaþjónustur.

„En auðvitað reynum við að hjálpa fólki ef það er komið í einhverja neyð. Og ef þessi fyrirtæki eru öll bundin í verkefnum þá höfum við verið að hjálpa örlítið til.“

Sigurbjörn segir að þótt það sé hægara sagt en gert sé mjög mikilvægt að hreinsa frá rennum og niðurföllum og af þökum. „En það er um að gera að fara varlega og vera ekki að stefna sér í hættu uppi á efri hæðum, það er aðalmálið. Fólk á ekki að standa uppi á svalahandriðum og þess háttar.“

Sigrún Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS, tekur í sama streng og Sigurbjörn varðstjóri. „Fólk á ekki að rjúka upp í stiga eða



Gríðarleg grýlukerti utan á húsi á Miklubraut gætu fallið með tilheyrandi hættu fyrir þá og það sem undir er. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Fólk á ekki að rjúka upp í stiga eða upp á bratt þak í þessu umhverfi sem er núna.**

Sigrún Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS



upp á bratt þak í þessu umhverfi sem er núna þar sem er slyshætta. Það verður að fá einhvern sem er með rétt tæki og tól.“

Sigrún varar jafnframt við hættu sem skapast þegar hitinn fer yfir frostmark eins og í stefndi í gærkvöld. Þá sé viðbúið að snjóhengjur og grýlukerti falli niður. „Þá er mikilvægt að ekki sé hætt á að einhverjir séu þar undir og að fólk sé ekki að leggja bílunum sínum beint undir þakinu. Og ef fólk nær ekki að hreinsa þetta niður og er hrætt um að einhver geti verið undir, að það afmarki þá svæðið með borðum eða öðru því um líku,“ ráðleggur Sigrún Þorsteinsdóttir.

gar@frettabladid.is



# GEFÐU GEIT

**GEFÐU GJÖF SEM GEFUR**

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is getuðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunna, matjurtagaró, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

www.gjofsemgefur.is  Hjálparstarf kirkjunnar



# GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Sérstök jólatilboð 

Leikhúskvöld fyrir sækera  
Gjafakort fyrir tvo  
og ljúffeng leikhúsmálið  
12.500 kr.

**Mamma Mia**  
Miði fyrir tvo á  
ABBA söngleikinn sem  
enginn má missa af  
12.900 kr.

**Njála**  
Miði fyrir tvo á Njálu  
og eitt eintak af  
Brennu-Njáls sögu.  
12.200 kr.

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS



# SLÁUUM Á VERÐBÓLGUNA

Ríki og sveitarfélög geta sparað hundruð milljóna króna á ári með því að kaupa flugmiða hjá WOW air. Þrátt fyrir það hefur útboði Ríkiskaupa á farmiðakaupum ítrekað verið frestað. Til að minna opinbera aðila á að fara vel með skattpeningana okkar höfum við því ákveðið að bjóða þeim sem stýra innkaupunum verðbólguþeyðandi áminningu.




FLUGFÉLAG FÓLKSINS



# Vandinn og verkefnið sem fram undan er

Loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra er stærsta verkefni mannkyns til næstu áratuga. Afneitun vandans hefur tafið eða komið í veg fyrir aðgerðir. Lausnir eru þó til og lykkillinn – loftslagssamningur – er í smíðum á Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París.



## VÍSINDIN Hafa kveðið upp sinn dóm LOFTSLAGIÐ ER AÐ BREYTAST

- HLYNUN JARÐAR ER AÐ MESTU AF MANNAVÖLDUM
- CO<sub>2</sub> HELDUR HITA SÓLAR FÖNGNUM Í ANDRÚMSLOFTINU
- HITASTIG HEFUR HÆKKAÐ UM **+0,12°C** Á ÁRATUG FRÁ 1951
- 70%** ER NAUÐSYNLEG MINNKUN Á LOSUN GRÓÐURHÚSA-LOFTTEGUNDA FRÁ 2000 TIL 2050

## ÁHRIF Á JÖRÐINA OG JARÐARBÚA 2014 VAR HEITASTA ÁR ALDARINNAR

**Jörðin**

- ÖFGAFULLT VEDURFAR
- 20-30% ALLRA TEGUNDA Í PLÖNTU- OG DÝRARÍKINU Í ÚT-RÝMINGARHÆTTU
- EYDING SKÓGA VELDUR 18-20% AF LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA
- YFIRBORÐ SJÁVAR HÆKKAR UM 26 TIL 82 CM Á ÞESSARI ÖLD
- SÚRNUN HAFSINS EYKST, VISTKERFI STRANDA OG SJÁVAR ERU Í HÆTTU

**Fólk**

- VATNSSKORTUR
- ÓÖRUGG FÆÐUÖFLUN
- HEILSUVÁ
- LOFTSLAGS-FLÓTTAMENN
- ÁTÖK

→ Jörðin lifir kannski af en hvað með jarðarbúa? ←

## HVAÐ GETUM VIÐ GERT? NÁÐ SAMKOMULAGI Í PARÍS Á 21. LOFTSLAGS-RÁÐSTEFNU SP (COP21)

- VONDU FRÉTTIRNAR**  
Klukkan tifar
- GÓDU FRÉTTIRNAR**  
Enn er tími, ef við hefjumst handa strax

Árið 2015 höfum við allt sem til þarf

STEFNU-MÖRKUN

TÆKNI

VÍSINDI

FJÁRMUNIR

... OG ÞÚ

**PÓLÍTIKS VILJA ER ÞÖRF**

LOSUN GRÓÐURHÚSA-LOFTTEGUNDA EYKST ENN

HÆGIR Á AUKNINGU (-50%)

HÁMARK DREGIÐ ÚR LOSUN OG KOLEFNANOTKUN MINNKUÐ

**KOLEFNIS-HLUTLEYSI**

1900 2025 2070

Markmið er að takmarka hlýnun jarðar við 2°C

*Dæmi um aðgerðir*

## LAUSNIRNAR ERU TIL VIÐ PURFUM AÐ AÐLAGAST OG MILDA ÁHRIFIN

**ORKA**

AÐ AUKA NOTKUN ENDURNYJANLEGRA ORKUGJAFNA OG NYTA ORKU BETUR

**FRAMLEIÐSLA**

HREINNI FRAMLEIÐSLA OG AUKIN SEIGLA LANDBÚNAÐAR

**LÍFSSTÍLL**

MINNI SÓUN MATVÆLA, ÁBYRG NEYSLA OG GRÆNNI SAMGÖNGUR

**BÆTT VIDVÖRUNARKERFI**

**VISTKERFI**

SJÁLFBÆR NÝTING STRANDA, VARÐVEISLA HEILBRIGÐRA SKÓGA



NÝR MITSUBISHI OUTLANDER

# TILFINNINGIN ER ÓLÝSANLEG ÞAR TIL ÞÚ PRÓFAR

5 ÁRA  
ÁBYRGÐ



**Mitsubishi Outlander** er kominn með nýtt útlit. Betur búinn fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll er vandfundinn og ekki skemmir verðið fyrir. Komdu í reynsluakstur og fáðu tilfinninguna sem svo erfitt er að lýsa – jafnvel eftir að þú prófar.

**Mitsubishi Outlander**  
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

**5.390.000 kr.**



MITSUBISHI  
MOTORS

FYRIR HUGSANDI FÓLK



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



# Hlýnun jarðar sést hvað best á Íslandi

Breytingar á tiltölulega einföldu vistkerfi Íslands gera það að verkum að allar breytingar sjást greinilega. Nýjar lífverur verða áberandi í vötnum og í sjó. Vatn verður innan tíðar ein mesta auðlind mannkyns. Ísland er fjórða vatnsríkasta þjóð heims.

Svavar Hávarðsson  
svavar@frettabladid.is



**UMHVERFISMÁL** Rannsóknir á íslensku ferskvatnsauðlindinni eru hvað mikilvægastar í ljósi áhrifa hnattrænnar hlýnunar. Hvergi eru merki hlýnunar eins greinileg hérlandis.

„Það sem við sjáum á Íslandi, bæði á landi, vatni og sjó, er að breytingarnar eru að gerast fyrir framan nefið á okkur,“ segir Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar. „Þetta sést kannski fljótar og gleggja en víða annars staðar, kannski vegna þess að við erum á mörkum ákveðinna loftslagssvæða. Hér eru tiltölulega fáar tegundir dýra, frekar einfalt vistkerfi sem bregst mjög hratt við.“

Hér eru aðeins fimm tegundir ferskvatnsfiska og því er auðvelt að merkja þegar ein gefur eftir eða annarri vex ásmegin. Víða annars staðar eru tegundirnar taldar í tugum og mun erfiðara að greina breytingar og að sjá hlutina gerast.

„Þegar við fáum inn nýjar tegundir þá verða þær fyrirferðarmiklar, eins og með flundruna í ferskvatni og það sama er að gerast í sjó eins og makrill hefur sýnt og sannað,“ segir Sigurður og bætir við að bleikja í ferskvatni sé nær horfin úr grunnum láglendisvötnum á Suður- og

Pað sem við sjáum á Íslandi, bæði á landi, vatni og sjó, er að breytingarnar eru að gerast fyrir framan nefið á okkur.

Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar



Vesturlandi þar sem hún þolir ekki við þegar þau hitna, en bleikjan er hánorræn tegund með útbreiðslu víða á norðurhveli. Sjúkdómar hafa t.d. komið upp í bleikjustofnum vegna hlýnunar.

Jónína Herdís Ólafsdóttir, líffræðingur á Veiðimálastofnun, bendir á að ferskvatnsvistkerfi eru samkvæmt rannsóknum mest röskuðu vistkerfi heimsins, einkum vegna tilhneigingar manna til að flykkjast um þau og raska vatnasviðum. Þar að auki eru þau gjarnan virkjuð og notuð sem fráveitur fyrir ýmsan úrgang.

„Ferskvatn er einnig sú vist sem stendur mest ógn af loftslagsbreytingum. Á meðan fuglar og sjávardýr við Ísland geta enn sem komið er flutt sig norðar með hlýnandi veðurfari, þá eru mörg ferskvatnsdýr kyrrsett í vatni og ám og hafa takmarkaða möguleika til búferlaflutninga. Ferskvatn er það vistkerfi



Ferskvatnsvistkerfi verða fyrir hvað mestu álagi vegna hlýnunar. FRÉTTABLAÐID/GVA

á Íslandi sem hefur nú þegar fengið á sig þungt högg og eru áhrif loftslagsbreytinga skýr í rannsóknargögnum Veiðimálastofnunar. Sum vötn á landinu hafa hlýnað um 2-3 gráður á einungis þremur áratugum og miðað við spár jarðfræðinga mun

gifurleg bráðnun jökla hafa mikil áhrif, bæði á lífríki í ferskvatni sem og jafnrennsli í vatnsbólum. Ferskvatnsvannsóknir koma því til með að vera í brennidepli á komandi áratugum,“ segir Jónína.

Samkvæmt Sameinuðu þjóð-

unum eru Íslendingar fjórða ríkasta ferskvatnsþjóð heims miðað við höfðatölu, en á sama tíma er fjallað um þá staðreynd á Loftslagsráðstefnunni í París að ferskvatn kemur til með að verða takmörkuð auðlind í heiminum síðar á þessari öld.

# JÓLIN ERU HJÁ OKKUR

Jólaökukur,  
Smákökukur,  
Stórar piparkökukur  
til að skreyfa,  
Pipakökukhús  
o.m.fl.



PRENTUNIS



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austraströnd 14 • Hringbraut 35 • Fálkagata 18 • Langahlíð • Dalbraut 1



Utanríkisráðherra Frakka er ekki ánægður með ganginn í samningavinnunni. MYNDAKREDIT

## Menn gyrði sig í brók

# 195

þjóðir heims hafa hver um sig samninganefnd í París en þær hafa tíma til 11. desember til að komast að samkomulagi um texta loftslagssamningsins.

**UMHVERFISMÁL** Ekki voru liðnir nema fjórir dagar af Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París þegar Laurent Fabius, utanríkisráðherra Frakka, beindi varnaðarorðum til samninganefnda landanna 195, sem nú reyna að berja saman tímamótloftslagssamning, um að gyrða sig í brók. Með sömu vinnubrögðum verði vinnunni aldrei lokið fyrir tilætlaðan tíma – eða 11. desember næstkomandi.

Eins og kunnugt er reynir alþjóðasamfélagið í París að ná saman um markmið í loftslagsmálum sem geta snúið þróuninni við – hnattrænni hlýnun sem innan fárra áratuga mun að óbreyttu kynna fyrir mannkyni vandamál á áður óþekktum skala.

Skilaboðin sem Fabius flutti voru að allt of hægt gengi, en reynslan frá fyrri loftslagsráðstefnum, en þessi er sú 21. í röðinni, kennir að ráðstefnan muni dragast á langinn og teygja sig einhverja daga fram yfir boðaða lokadagsetningu.

Hugi Ólafsson, formaður íslensku sendinefndarinnar, vék að þessu atriði á kynningarfundi fyrir Parísarfundinn. Á máli Huga var að skilja að þrátt fyrir að markmiðið væri

skýrt, og þörfin fyrir samkomulag knýjandi, þá væri flækjustig lokafrágangs samningsins gríðarlegt. Hann tiltók nokkur helstu álitamál í samningsdrögnum: Hnattrænt markmið um losun, ábyrgð þróaðra ríkja og þróunarríkja, samræmt bókhald og gegnsæi, fjármál og tjónabætur og lagalegt form samningsins.

„Það er líka ekki hægt að ganga að því sem vísu að samkomulag náist í París. Það er líka með öllu líka hvað það verður sterkt. Það er ólíka næsta víst að viðræður halda áfram eftir fundinn um útfærslur á ýmsum atriðum,“ sagði Hugi á fundinum.

–shá



# FRÁBÆR TILBOÐ!



**KRONBORG**  
OF DENMARK

Kauptu 2 kódda og sparaðu  
**6000**

**ANDADÚNSÆNG**

SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:

**12.990**

Sparið  
**7000**  
af sængum

**OPIÐ TIL KL. 20:00**  
UM HELGINA Í SKEIFUNNI,  
SMÁRATORGI OG KORPUTORGI

**25%**  
AFSLÁTTUR  
af öllum sokkum

**FALKETIND ANDADÚNSÆNG**  
Notaleg og góð sæng fyllt með 90% af andadúni og 10% af andafiðri. Þyngd: 750 gr. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Þolir þvott við 60°C. Stærðir: 135 x 200 sm. 19.990 nú **12.990** 135 x 220 sm. 21.990 nú **14.990** 200 x 220 sm. 29.990 nú **22.990**  
Koddi: 50 x 70 sm. 1 stk. 7.995 2 stk. 9.990 Vnr. 4026150, 4226104



**20%**  
AFSLÁTTUR  
af öllum borðstofu-  
stólum



**20-30%**  
AFSLÁTTUR  
af öllum  
handklæðum  
\*GILDIR TIL 06.12

**20%**  
AFSLÁTTUR  
af öllum HØIE  
sængurvera-  
settum



**GÆÐASÆNGURVER**



**25%**  
AFSLÁTTUR  
af öllum  
skrifborðs-  
stólum



**35%**  
AFSLÁTTUR  
af völdum  
leikföngum



Sparið  
**40.000**  
krónur

NÚ VERÐ FRÁ:

**39.950**

FÆTUR OG BOTN FYLGJA

**RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA TIL 09.12  
\*NEMA AF HANDKLÆÐUM

**SleepWell**

90 x 200 sm. 79.950 nú **39.950**  
120 x 200 sm. 89.950 nú **49.950**



**SLEEPWELL DÝNA**  
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m². Innifalln í verði er 4 sm. Þykk yfirdýna. Fæst í tveimur stærðum. Vnr. 8880000913, 8880000914



# Þráðlaus gjöf



Apple TV (Þriðja kynslóð)

Verð **12.990.-**

Apple TV (fjórða kynslóð)

Verð frá **26.990.-**

Nýjasta Apple TV er eitt sniðugasta smátækið á heimilinu

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur



MacBook Air

Verð frá **189.990.-**



iPad

Verð frá **49.990.-**

#### \*Vaxtalaus greiðsludreifing

Fram að jólum bjóðum við handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli. Við kaup á iPhone bjóðast lánin til allt að 6 mánaða en til allt að 12 mánaða við kaup á öðrum vörum.

Við kaupverð leggst 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 330 kr., við hvern gjalddaga.



# gleður



Beats Solo2 heymartól

Verð **47.990.-**



Beats Studio heymartól

Verð **59.990.-**



Beats Pill - Hátalari

Verð **32.990.-**



Powerbeats - Heymartól

Verð **32.990.-**



Libratone Zipp - Hátalarar

Verð frá **44.990.-**



Shadow - Heymartól

Verð **18.990.-**



Skullcandy Uproar  
Heymartól

Verð **7.990.-**



Skullcandy Smokin bud  
Heymartól

Verð **7.990.-**



Skullcandy Hesh - Heymartól

Verð **13.890.-**



Sol Republic - Hátalarar

Verð **11.990.-**

Verðslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Þjónustudeild Epli er opin laugardaga 12-16





## Danir kusu þvert á flokka um ESB

**DANMÖRK** Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, segir greinilegt að kjósendur hafi töluverðar efasemdir um Evrópusambandið.

Danir felldu á fimmtudag með naumum meirihluta tillögu stjórnvalda um að afsala sér einni af fjórum undanþágum Danmerkur frá Evrópusambandslöggjöfni.

Niðurstaðan er áfall fyrir stjórnina, og þýðir meðal annars að Danir geta ekki mikið lengur tekið þátt í lögreglusamstarfi Evrópuríkja, Europol, án þess að semja sérstaklega um fyrirkomulag þátttöknunar.

Í gær birti danska skoðanakönnunar-fyrirtækið Epinion tölur sem sýna að í þjóðaratkvæðagreiðslunni á fimmtudag hafi Danir að mestu kosið þvert á flokka.

Þannig skiptust kjósendur Sósíaldemókrata nokkurn veginn í tvennt eftir því hvort þeir kusu með tillögunni eða á móti, þótt forysta flokksins hafi eindregið hvatt menn til að samþykkja.

Og þriðjungur stjórnarflokksins Venstre var á móti tillögunni.

Løkke forsætisráðherra segir greinilegt að gera þurfi breytingar á Evrópusambandinu þannig að það verði „grennra“ og aðildarríkin fái tækifæri til að leysa aðstoðandi vandamál hvert á sinn máta.

„Þetta er eitt af því sem Cameron í Bretlandi hefur sett á dagskrána á næstunni. Og Danmörk á einnig að taka þetta upp,“ sagði Løkke á Facebook-síðu sinni í gær. – **gb**



Forsætisráðherra Danmerkur, segir nauðsynlegt að gera breytingar á Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Angela Merkel kanslari og Ursula von der Leyen, varnarmálaráðherra þýsku stjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Þjóðverjar senda hermenn í stríð

Meirihluti Þjóðverja styður ákvörðun þýska þingsins um stuðning við hernað Frakka og fleiri ríkja gegn Íslamska ríkinu í Sýrlandi. Ákvörðunin samt umdeild.

**ÞÝSKALAND** Þýska þingið samþykkti í gær að senda þýska hermenn til að taka þátt í hernaði á hendur „Íslamska ríkinu“ svonefnda í Sýrlandi. Að visu eiga hermennirnir ekki að taka þátt í bardögum, heldur vera franska hernum til aðstoðar.

Alls greiddu 445 þingmenn atkvæði með aðgerðunum en 146 voru á móti.

„Mér sýnist að það þurfi fjári góð rök ef maður greiðir atkvæði gegn þessu andspænis þessari grimmilegu mannfyrirlitningu,“ sagði Norbert Röttgen, sem er formaður utanríkisráðgjafar þýska þjóðþingsins. Hann sagði nauðsynlegt að Evrópuríki átti sig á því að hryðjuverk og styrjaldir í Mið-Austurlöndum ögni öryggi þeirra sjálfrá. „Árum saman höfum við látið þennan heimshluta eiga sig.“

Þýskir hermenn hafa á seinni

**Árum saman höfum við látið þennan heimshluta eiga sig.**

Norbert Röttgen formaður utanríkisráðgjafar þýska þjóðþingsins

árum tekið þátt í hernaði meðal annars í Afganistan, Írak og Malí, en annars voru Þjóðverjar lengi vel ansi tregir til að halda í stríð eftir að hafa farið hamförum í seinni heimstyrjöldinni með skelfilegum afleiðingum.

Ákvörðun þingsins í gær hefur verið umdeild í Þýskalandi. Ekki síst hefur gagnrýnin snúist um að hernaðurinn gegn Íslamska ríkinu sé mjög ómarkviss og alger óvissa ríki um afleiðingarnar.

„Í staðinn fyrir að berjast gegn Íslamska ríkinu þá eruð þið að styrkja

það,“ sagði Sagra Wagenknecht, þingmaður Vinstri flokksins.

Þá hefur Angela Merkel kanslari verið gagnrýnd fyrir að halda í stríð fyrst og fremst til þess að sýna samstöðu og „vera með“ í aðgerðum Frakka, Bandaríkjanna, Breta og fleiri ríkja.

Samkvæmt skoðanakönnun sem sjónvarpsstöðin ARD lét gera eru 58 prósent Þjóðverja fylgjandi hernaðinum en 37 prósent á móti.


Breska þingið samþykkti á miðvikudaginn að taka þátt í loftárásum á Íslamska ríkið. Frakkar hófu loftárásir í kjölfar voðaverkanna í París nýverkið, Bandaríkjamenn hafa í meira en ár varpað sprengjum á bækið hryðjuverkamanna í Sýrlandi og Rússar byrjuðu í haust að varpa sprengjum á uppreisnarmenn gegn Bashar al Assad Sýrlandsforseta.

Þjóðverjar ætla að senda allt að 1.200 hermenn, sex njósnaþotur og eina freigátu. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)



„Skemmst er frá því að segja að hér er komin unaðsleg bók sem hægt er að lesa aftur og aftur og njóta lestursins ætíð jafn vel.“

KB / DV



53 ævintýri Grimmsbræðra í líflegri endursögn Philps Pullman og frábærri þýðingu Silju Aðalsteinsdóttur.

**FORLAGIÐ**  
www.forlagid.is



Komdu og skoðaðu úrvalið!

# Hljójar gjafir í jólapakkann

DIDRIKSONS 1913  
Grundsund SWEDEN

Columbia



**COLUMBIA TWIST DIP  
BARNAÚLPA**  
Stærðir XXS-XL

**17.990 KR.**



**DIDRIKSONS PATCH**  
Stærðir S-XXL

**24.990 KR.**



**DIDRIKSONS SHELTER**  
Stærðir 36-44

**29.990 KR.**



**COLUMBIA FLASH FORWARD**  
Stærðir S-XXL

**24.990 KR.**



**COLUMBIA CARSON PASS**  
Stærðir XS-XL

**49.990 KR.**



**DIDRIKSONS BROOKE  
BARNAÚLPA**  
Stærðir 130-170

**11.890 KR.**



**COLUMBIA FLASH FORWARD**  
Stærðir XS-XL

**24.990 KR.**



**DIDRIKSONS SHAWN  
BARNAÚLPA**  
Stærðir 2-8

**10.990 KR.**



**COLUMBIA GYROSLOPE  
BARNAÚLPA**  
Stærðir XXS-XL

**17.990 KR.**



**DIDRIKSONS YED ÚLPA**  
Stærðir S-XXL

**29.990 KR.**

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500

AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630



Munið  
gjafabréfin!



## Afgreiðslutímar í desember

Lau. 5. des. 10-16  
Sun. 6. des. 12-16  
Mán. 7. des. 10-18  
Þri. 8. des. 10-18  
Mið. 9. des. 10-18

Fim. 10. des. 10-18  
Fös. 11. des. 10-18  
Lau. 12. des. 10-18  
Sun. 13. des. 12-18  
Mán. 14. des. 10-18

Þri. 15. des. 10-18  
Mið. 16. des. 10-18  
Fim. 17. des. 10-22  
Fös. 18. des. 10-22  
Lau. 19. des. 10-22

Sun. 20. des. 12-22  
Mán. 21. des. 10-22  
Þri. 22. des. 10-22  
Þorláksmessa 10-23

Aðfangadagur 10-12  
Jóladagur Lokað

**Ellingsen**  
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



# Geðlyfin virka ekki ein og sér



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**K**ristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur gefið út að stefnt sé að því að fjölga sálfræðingum í heilsugæslunni um átta á næsta ári. Hann hefur sagt að hann vilji fjölga sálfræðingum enn frekar – um fjórtán til viðbótar árin 2017 og 2018. Þessu ber að fagna.

Talið er að um helmingur þeirra sem glíma við sjúkdóma í Evrópu glími við geðraskanir. Einn af hverjum fimm þjáist af þunglyndi og kvíða á ári hverju.

Engin ástæða er til annars en ætla að íslenskar tölur séu sambærilegar. Samt fara eingöngu um 6,5 prósent af útgjöldum heilbrigðiskerfisins í geðheilbrigði. Og það þrátt fyrir þá staðreynd að gríðarlegur fjöldi Íslendinga þjáist af geðröskunum. Birtingarmyndirnar eru allt í kring og þarf vart að tíunda hér. Þó er bent á að sjálfsvíg er algengasta dánarorsök ungra karlmannna. Vandinn blasir við. Hann er grafalvarlegur. Samt hefur rúmunum á geðsviði Landspítalans fækkað úr 240 í 118 á síðustu 15 árum.

Geðlyfin virka ekki ein og sér. Samkvæmt nýjustu rannsóknum er samtalsmeðferð langáhrifaríkust þegar kemur að því að meðhöndla kvíða og þunglyndi, sem eru algengustu geðraskanirnar. Því skýtur skökku við að sálfræðipjónusta sé ekki niðurgreidd af ríkinu, en geðlæknar fá greitt úr sameiginlegum sjóðum. Það ætti því engan að undra að við séum Evrópumeistarar í notkun þunglyndislyfja. En þrátt fyrir þrettánfaldan vöxt á notkun geðlyfja frá árinu 1975 hér á landi hefur þeim ekki fækkað sem falla fyrir eigin hendi og öryrkjum vegna þunglyndis hefur fjölgað. Raunar eru 38 prósent af örorku á Íslandi til komin vegna geðrænna veikinda.

Árið 2000 var beinn og óbeinn kostnaður vegna þunglyndis á Íslandi varfærnislega áætlaður um sex milljarðar króna. Framreiknað mætti nærri tvöfalda þá tölu. Niðurgreiðsla sálfræðipjónustu, sem Kristján Þór ætlar nú að ýta undir, er gleðiefni. Meiri og betri meðhöndlun mun að dómi margra fræðimanna skila sér í færri veikindadögum, minnkandi örorkubótum, auknum skatttekjum og meiri framleiðni. Mest er um vert, að hópi fólks mun líða betur.

Að borga fyrir einkatíma hjá sálfræðingum er ekki á allra færi. Tímarnir eru dýrir. Það er mikilvægt sem aldrei fyrr að færa sálfræðinga nær fólkinu – gera reglulegar heimsóknir til þeirra að sjálfsgögnum hlut fyrir þá sem vilja og þurfa.

Við eigum gott fagfólk á geðsviði Landspítalans sem hefur þurft að þola óþolandi niðurskurð og fengið alltof litla athygli stjórnvalda.

En þrátt fyrir allt er það samt galin hugmynd að fyrsta stopp ungmenna sem finna fyrir depurð sé geðdeild og að innlagn sé inni í myndinni. Stundum getur gott samtal komið í staðinn og gert kraftaverk – og sparað stórfé.

Sálfræðingar á heilsugæslustöðvum er skynsamlegt fyrsta skref heilbrigðisráðherra í þessum efnunum.



Vandinn blasir við. Hann er grafalvarlegur. Samt hefur rúmunum á geðsviði Landspítalans fækkað úr 240 í 118 á síðustu 15 árum.

Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



### Mögnuð jólagjöf

Fyrir jóln 1982 seldust fjórtán þúsund eintök af sundlaugarbláa fótanuddtækkinu frá danska raftækjaframleiðandanum Clairól í Radióbúðinni sálugu. Fjórtán þúsund eintök af þessum upphafna bala hvíla nú í geymslum um allt land fullir af grifflum og legghlífum sömu jóla, Sodastream-tækjum, Lazer-Tag byssum og öðrum afturgöngum hátíðar Mammons. Hvað verður það í ár? Skrefateljari og hrukubani í smekklega hönnuðu armbandi? Djúsgerðarvél sem varðveitir vítamín og eilífa æsku? Í stað þess að bæta við grafreit mistakanna þessi jólin er ég með hugmynd.

#### Eitthvað fallett

Hún lifði aðeins sjötiu og fjórar mínútur. Hope Lee lét hins vegar meira gott af sér leiða á skammri ævi en margir sem lifa heila öld.

„Rétt áður en hún dó kreisti hún á mér fingurinn,“ sagði faðir Hope í samtali við breska fjölmiðla. „Ég brotnaði saman.“

Foreldrar Hope, hjónin Andrew og Emma Lee frá smábænum Newmarket á Englandi, vissu að dóttir þeirra myndi ekki eiga langa ævi. Þegar Emma var komin þrettán vikur á leið, en hún gekk með tvíbura, kom í ljós að annað föstrið var með alvarlegan galla í miðtaugakerfi. Þeim var boðið að eyða föstrinu. Foreldrar voru hins vegar staðráðnir í að snúa þessum hræðilegu fréttum upp í eitthvað fallett.

Fyrir rétt rúmri viku varð Hope Lee yngsti líffæragjafi Bretlands. Emma ákvað að ganga með stúlkuna, þrátt fyrir að henni væri ekki hugað líf eftir fæðingu, svo einhver fengi að njóta góðs af nýrum hennar og frumum úr lifur.

„Eitthvað gott kom út úr þessu,“ sagði faðirinn klökkur. „Það er kona sem er nú á batavegi þökk sé Hope. Fyrir okkur var dóttir okkar hetja.“

#### Tífandi tímasprengja

Nokkrum dögum síðar, síðastliðinn þriðjudag, gengu í gildi í Wales lög um ætlað samþykki fyrir líffæragjöf. Varð

Wales þar með fyrsta land Stóra-Bretlands til að stíga það skref að ganga út frá því að fólk vilji gerast líffæragjafar við andlát sé þess kostur nema annað sé tekið fram.

Á Íslandi er þessu öfugt farið. Gengið er út frá ætlaðri neitun. Engan þarf því að undra að mikill skortur er á líffæragjöfum hér á landi.

Samkvæmt skoðanakönnunum vilja áttatíu til níutíu prósent Íslendinga gefa líffæri eftir andlát sitt. En þegar til kastanna kemur stöndum við okkur illa í samanburði við nágrannaþjóðir. Á árunum 2008 til 2012 komu 24 látnir einstaklingar til álita hér á landi sem líffæragjafar. Sextán þeirra gáfu líffæri en í átta tilfellum var líffæragjöf hafnað, eða í þriðjungi tilfella.

Nú þegar tuttugu dagar eru til jóla og spurningin hvað skal setja í jólapakkana í ár vofir yfir eins og tífandi tímasprengja vil ég benda lesendum á lausn sem bæði einfaldar lífið og kann að bjarga mannlífum. Að gerast líffæragjafi er gjöf verðmætari en öll fótanuddtæki veraldarinnar samanlögð. Hún kostar ekki neitt og krefst ekki einu sinni taugatrekkjandi leiðangurs í Kringluna. Á vefsíðu Landlækniseimbættisins er á einfaldan hátt hægt að skrá sig sem líffæragjafa en það tekur einungis nokkrar mínútur.

Og við getum gert meira.

#### Hreinar nasir

Ekki alls fyrir löngu lögðu níu þingmenn fram lagafrumvarp á Alþingi um líffæragjafir. Vilja þingmennirnir að nema megi brott líffæri úr líkama látins einstaklings, hafi sá hinn sami ekki lýst sig andsnúinn því.

Mikið hefur verið rætt um hve lítið sé að gera í þingsal Alþingis um þessar mundir og þar sitji menn og bara bori í nefið til að fylla upp í aðgerðaleysið. Nú þegar þingmenn hljóta að vera komnir með hreinustu nasir á íslenskum vinnumarkaði er spurning hvort þeir geti ekki tekið fingurinn úr nefinu eitt andartak og rætt þetta mál. Málefnið gerast varla mikið brýnni en lagasetningin gæti bjargað fjölda mannlífa ár hvert. Það væri mögnuð jólagjöf.

### RANDALÍN, MUNDI OG AFTURGÖNGURNAR ÞÓRDIS GÍSLADÓTTIR OG ÞÓRARINN M. BALDURSSON



ER ÞAÐ SATT AÐ  
VEITINGASTAÐIR  
SELI KATTAKJÖT?



Þórdís Gísladóttir

Fyrsta bók höfunda  
hlaut Bóksalaverðlaunin  
og Fjöruverðlaunin.

Þórarinn M. Baldursson myndskreytti.

ÍSLENSKU  
BÓKMENNTA  
VERÐLAUNIN

FRÁBÆR BÓK  
FYRIR 5-10 ÁRA

Tilnefning



BJARTUR



30! years 4MATIC

HWTA\_HUBID/BA - 15-2019



## Ný kynslóð sportjeppa Mercedes-Benz GLC

Mercedes-Benz GLC er nýr sportjeppi sem svarar kröfum nútímans um aukinn kraft, bætta aksturseginnleika, meira rými, þægindi og sportlegt útlit. Af búnaði má nefna byltingarkennda nýu gíra 9G-TRONIC sjálfskiptingu og DYNAMIC SELECT, sem gerir ökumanni kleift að velja milli fimm aksturskerfa og laga þannig eiginleika bílsins að aðstæðum hverju sinni. Í vetrarfærðinni kemur svo 4MATIC fjórhjóladrifið sér vel við að komast vandræðalaust á áfangastað.

Komdu í Öskju og kynntu þér þennan einstaka sportjeppa.

**Verð frá 8.360.000 kr.**

GLC 220 d með 9 þrepa sjálfskiptingu og 4MATIC fjórhjóladrifi.

**Mercedes-Benz**

The best or nothing.





# LÁTUM DRAUMANA



## DENVER

Tveggja sæta sófi. Með brúnu slitsterku microfiber áklæði. Stærð: 168 x 98 x 88 cm.

**99.990 kr.**  
~~129.990 kr.~~



## DENVER

(Dines, 2010; Stewart og Szymanski, 2012).

tel að mörg ungmenni prófi ýmislegt sem þau sjá í klámi sem þau hefðu jafnvel annars ekki prófað. Þar má nefna að í klámfefni á netinu má finna mikið um endaparmsmök, hóp kynlíf og „cum shots“ þar sem karlmaður brundar yfir konuna, þá í andlit, munn eða líkama.

Aðrar rannsóknir hafa sýnt að mikið klámahorf getur haft áhrif á getu einstaklinga til að tengjast öðrum og halda sér í sambandi. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að bæði mikill sýnileiki kláms í umhverfinu og klámahorf geti haft slæm áhrif á sjálfsmynd og líkamsmynd ungmenna. Einnig getur það haft áhrif á kynhegðun og kynferðislega örvun einstaklinga. Í heimildarmynd um klámfikla kom fram að →





„Besta  
bók Yrsu.“  
FRÍÐRIKA BENÓNÝS,  
KILJUNNI

★ ★ ★ ★  
STEINÞÓR GUBBJARTSSON,  
MORGUNBLAÐINU

★ ★ ★ ★  
HRINGBRAUT.IS

★ ★ ★ ★  
BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR,  
FRÉTTABLAÐINU



„HÚRRA YRSA!“

GUÐRÚN BALDVINSDÓTTIR, DV

„Sjúklega góð glæpasaga“

HRINGBRAUT.IS



# 11 ÁRA

Rannsóknir hafa sýnt að meðalaldur þeirra sem horfa á klám í fyrsta skipti er um 11 ára

# 42,7%

Rannsóknir hafa sýnt að um 42,7% allra einstaklinga sem nota internetið skoða þar klámefni



# 96

# MILLJARÐAR DOLLARA

Árið 2006 var klámiðnaðurinn metinn á 96 milljarða dollara á heimsmælikvarða

# 500 MILLJÓNIR

Um það bil 500 milljónir klámsiðna er að finna á internetinu

# 13.000

Gefnar eru út 13.000 kvikmyndir um klám á ári hverju\*

\*Staðreyndir úr ritgerð Ásthildar Erlu

→ klámahorf hafði mikil áhrif á kynhegðun þeirra og getu til kynferðislegar örvar. Kynlífið þurfti t.d. að vera mjög afbrigðilegt eða gróft til að það veitti þeim örvar og var því lítið um tilfinningar eða nánd í sambandi þeirra við kynlífsfélaga.

#### Þarf öflugri kynfræðslu

Kynfræðslu þurfti að efla að mati Ástrósar Erlu. Þá ekki aðeins til ungmenna heldur einnig til almennings. „Það er einhver kynfræðsla í boði í skólum, en ekki næg. Það þarf að tala meira um kynlíf og klám og aðstoða ungt fólk við að greina á milli kláms og veruleika. Einnig er mikilvægt að tala um hvernig á að efla góð samskipti, jafnrétti, nánd og tilfinningar. Það hafa nokkrar rannsóknir sýnt að ungmenni leita í klám ef þau þurfa upplýsingar eða fræðslu um kynferðislegar athafnir. Mikilvægt er að þau geri sér grein fyrir hvað á við í raunveruleikanum og hvað ekki. Það er því mikilvægt að við í þjóðfélaginu, skólar, foreldrar og fleiri, séum

til staðar og veitum þeim fræðslu um þessi efni. Það er til svo mikið af góðum myndböndum á netinu þar sem meðal annars er frætt um muninn á klámi og veruleika sem hægt væri að nota.

Kynfræðsla þar sem kennt er um samskipti kynja, kynhegðun, kynþroska, kynheilbrigði og klám ætti að mínu mati að vera skyldufag bæði í grunnskólum og framhaldsskólum. Ég er nú að kanna þörfina á slíkri fræðslu og kanna hvernig staðan er hjá íslenskum ungmennum í meistararitgerð minni. Þegar ungmenni eru á kynþroskaskiðinu og eru að þróa kynvitund sína, viðhorf sín til kynlífs og fleira er mikilvægt að þau fái fræðslu sem stuðlar að góðu kynheilbrigði. Við þurfum t.d. að tryggja að ef ungmenni horfa á klám fái þau fræðslu um hvað er talið hefðbundið eða normal í kynlífi svo þau geta miðað sig út frá því. Ef þau hafa góð viðmið, eru þau líklegri til að geta greint sjálf milli þess sem kemur fram í klámi og raunveruleikans.“



„Miðað við það sem við sjáum hjá Neyðarmóttöku vegna nauðgana hjá Landspítala og Stigamótum þá virðast gerendur í kynferðisafbrotamálum fá mikinn innblástur úr klámi,“ segir Þórður Kristinsson. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gerendur fá innblástur frá klámi

Þórður Kristinsson, mannfræðingur og kennari við Kvinnaskólann, segir vera mun á klámvæðingu og klámmenningu. Hið fyrrnefnda er það þegar áhrif kláms smeygja sér inn í menningu okkar. „Klámmenningin hefur verið í uppsveflu núna samanber rannsókn frá 2010 sem sýndi að íslenskir unglingsdrengrir ættu Norðurlandamet í klámnotkun,“ segir Þórður. „Tengingin er kannski þessi að með klámvæðingunni þá þykir klám og klámneysla sjálfsagðari. Þó að við séum að sjá merki kláms í almennri menningu, þá er meginstraumsklámið orðið miklu grófara en það var fyrir fimm, tíu eða fimmtán árum,“ segir hann.

Þórður segir mikilvægt að taka umræðuna um klám við ungmenni og ræða til að mynda um muninn á erotik og klámi og hvers vegna mikið af umræðunni snýst um að fólk er ekki að tala um sömu hlutina. Það eru til margar mismunandi skilgreiningar þar sem klám er aðgreint frá erotik og er þar helst að telja að í klámi felist einhver niðurlægning og misnotkun án þess að slík hegðun sé gagnrýnd. „Í því sem við köllum meginstraumsklám er niðurlægning og ofbeldi orðið edlilegt. Og sársauki þess sem er riðið, konunnar, virðist vera það sem á að vera kynæsandí. Sú skilgreining sem við notum á klámi, felur í sér að í klámi sé niðurlægning. Allt annað er erotik. Ef þau fá ekki mótvægi við þessa „kynfræðslu“ sem þau eru að sækja sér sjálf í gegnum klámið þá getur það haft þau áhrif að þau haldi að fullt af hlutum sem þau sjá í klámi sé í lagi.“

Hann segir ýmsar ranghugmyndir geta falist í þessu og klám geti verið skaðlegt. „Það getur verið það. Ef þú sérð hugmyndir sem þú heldur að sé svakalega sniðugt að prófa en virðir ekki mörk manneskjunnar sem þú stundar kynlíf með þá er það skaðlegt fyrir báða aðila. Síðan er það þessi litli hluti sem ánetjast klámi. Klám er notað við persónulegar aðstæður, í þessum aðstæðum leysast út boðefni sem eiga að notast við að byggja upp tilfinningaleg tengsl en sé það notað svona þá byggjast upp þessi tengsl við klám.“

Miðað við það sem við sjáum hjá Neyðarmóttöku vegna nauðgana hjá Landspítala og Stigamótum þá virðast gerendur í kynferðisafbrotamálum fá mikinn innblástur úr klámi. Við höfum rannsóknir sem



Þórður Kristinsson segir betur megi gera í kynfræðslu fyrir ungmenni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Klám sem kúgunartæki

Þeir sem eru eldri skilja kannski verr þennan veruleika sem samfélagsmiðlar og aukin allrahandan netnotkun hefur fært okkur,“segir Björt Ólafsdóttir, þingkona Bjartrar framtíðar. Björt er fyrsti flutningsmaður frumvarps um breytingar á almennum hegningarlögum sem miða að því að gera birtingu, vörslu og sköpun hefndarkláms refsiverðar. Mál hennar hefur ekki enn verið sett á dagskrá Alþingis og Björtu finnst það skjóta skökku við. Það sé ljóst að eining sé um málið þvert á flokka og það verði samfélaginu til góða að lögin nái utan um glæpi af þessu tagi. „Forseti Alþingis hefur ekki enn sett málið á dagskrá þrátt fyrir málaþurrð stjórnarliða.“

Hún segir ljóst að klámvæðingin hafi áhrif á þróun glæpa á borð við hefndarklám. „Ég held að það sé alveg ljóst að mörkin eru að færast til. Klámneysla hefur áhrif á það hvað fólk álitur vera edlilegt kynlíf. Ekki ætla ég að ákveða hvað venjulegt kynlíf er en það er sorglegt að vita af því að fólk færir mörkin lengra en því þykir þægilegt.“

Lögreglu hafa borist tvær tilkynningar á síðustu tveimur árum um tilvik þar sem hefndarklám er notað til kúgunar, hvort sem það er til að fá viðkomandi til að samþykkja kynferðislegt samneyti eða láta af hendi fjármuni.

„Það er áriðandi að taka á þessu sem fyrst. Ef klámefni er dreift um ungt fólk undir lögaldri þá má flokka það undir barnklám. En



Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, vill að hefndarklám verði gert refsvert en umræðan hefur ekki verið sett á dagskrá á þingi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÞETTA ERU BARA NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ SETJA FÓLK NIÐUR OG INNBLÁSNAR AF KLÁMI.**

lögin ná ekki utan um glæpi sem snerta ungt fólk yfir lögaldri.“

Björt segir helst ungar konur verða fyrir barðinu á hefndarklámi. Róttin sé kúgun. „Þetta eru

bara nýjar leiðir til að setja fólk niður og innblásnar af klámi. Þetta er hatursáróður um manneskjur. Við verðum alltaf að vera á tánum, það spretta upp nýjar og nýjar leiðir. Þetta er grasserandi og meidandi. Við verðum að flyta okkur að koma böndum á þessa glæpi áður en þeir skada fleira fólk.“

Fólk sem hefur orðið fyrir barðinu á hefndarklámi hefur sett sig í samband við Björtu. „Fólk er hissa á því að það sé ekkert búið að gera. Ef það er ekki refsvert að deila og dreifa hefndarklámi þá linnir því ekki. Það er ekki boðlegt. Skómmin á að vera þeirra.“



Nú fáanlegur **sjálfskiptur** með  
margverðlaunuðu EcoBoost vélinni  
frá aðeins **3.390.000 kr.**



## NÝR FORD FOCUS

➤ Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins í heiminum 3 ár í röð.

BEINSKIPTUR  
FRÁ **3.190.000** KR.

FORD FOCUS ER EINNIG FÁANLEGUR STATION FRÁ 3.350.000 KR.

SJÁLFSKIPTUR  
FRÁ **3.390.000** KR.



Jóla-  
kaupauki

Nokian vetrardekk að verðmæti 145.000 kr. fylgja öllum nýjum Ford Focus í desember. Þú færð bílinn á vetrardekkjum og sumardekkinn í skottið. Nýttu tækifærið.

Upplifðu frábæra aksturseiginleika  
Ford Focus – mest selda bíl heims.  
Komdu og prófaðu.



20 ára afmæli  
Ford hjá Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík    Brimborg Akureyri  
Bíldshöfða 6    Tryggvabraut 5  
Sími 515 7000    Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

[ford.is](http://ford.is)

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Blástæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP.

Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hó. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 108/125 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.





# Klukknahljómur í miðborginni okkar

## LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Jólaundirbúningurinn er hvergi skemmtilegri en í miðborginni. Verslanir og veitingar við allra hæfi. Skautasvell Nova á Ingólfstorgi og trúbadorar í öllum skúmaskotum. Lítil jól með jólasveinum og tilheyrandi úti á Gömlu höfn og Granda, ásamt fjölda spennandi sértíloða. Graduale Nobili kórinn gefur svo rétta tóninn í miðborginni.

Ólöf Arnalds spilar á eftirtöldum stöðum:

Litlu jólunum á Gömlu höfn og Granda kl. 14:00

Viðburðasviði á Ingólfstorgi kl. 15:00

Skólatorgi (á horni Laugavegs og Skólavörðustígs) kl. 16:00

Opið til klukkan 17 og víða lengur.  
Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin.



Bergstaðir  
Kolaport  
Ráðhúsið  
Stjórnuport  
Traðarkot  
Vesturgata  
Vitatorg



ALMENNA  
LEIGUFÉLAGIÐ



LITLU JÓLIN VIÐ GÖMLU HÖFN OG GRANDA.  
JÓLADAGSKRÁ OG LÉTTAR VEITINGAR Í  
FJÖLMÖRGUM VERSLUNUM.



20-50% afsláttur af jólavörum.

2 fyrir 1 af brunch og öllum drykkjum frá 10:30-15:00. Happy hour til kl. 19:00.

Grandagarði 33

Grandagarði 8



Jóla-kaffi, jóla-kakó eða jólaglögg á 600 krónur ásamt ýmis konar smakki.

Piparkökur og heit jólaglögg fyrir alla matargesti, bæði áfeng og óáfeng.

15% afsláttur af miðaverði. Frítt kaffi, te og heitt súkkulaði.

Hvítvín og konfekt ásamt flottri þjónustu og innpökkun.

Ilmandi kaffi/kakó + brownie tilboð - 850 kr!

Geirsgötu 7b

Geirsgötu 7

Fiskislóð 23-25

Grandagarði 31

Mýrargötu 2



45% afsláttur af sjóstangaveiðiferðum og lundaskoðunarferðum.

20% afsláttur, kakó og piparkökur. Iceland by Axel kynnrir vörur sínar frá kl. 15-17.

Kakó og piparkökur á 500 kr. Kjötsúpa á 990 kr. og 2f1 af fiski dagsins frá 11:30-18:00.

20% af öllum slám. 10% afsláttur af öðrum vörum.

2 fyrir 1 af jólahlaðborðsseðli í hádeginu (frá 12:00-14:30).

Ægisgarði 3

Geirsgötu 5c

Geirsgötu 9

Grandagarði 37

Geirsgötu 3b



Góðgæti í boði fyrir gesti og gangandi.

2 fyrir 1 af aðgangseyri frá kl. 17-21 og leiðsagnir fyrir fjölskylduna kl. 17 og 19.

15% afsláttur frá 11:30-14:00. Harmónikkuleikarinn Þorvaldur Jónsson leikur fyrir gesti.

Bjódum gestum upp á piparkökur, jólaglögg og fleira góðgæti.

Harmonikkujólatónleikar Margrétar Arnardóttur kl. 16 á safninu. Frítt inn frá 16-21.

Mýrargötu 26

Grandagarði 8

Geirsgötu 8

Geirsgötu 3

Grandagarði 2

MATUR  
OG  
DRYKKUR



The Coooco's Nest  
restaurant



Jóladögurður frá 11:30-15:00. Hálfvirði fyrir börn 7-12 ára. Frítt fyrir 6 ára og yngri.

20% afsláttur af hraðþrifum frá 08-19. Létt innanþrif á bílnum þínum.

Tilboð á völdum vörum.

Erum í jóla-skapi. Happy hour allan daginn frá kl. 11-22. Verið velkomin!

2 fyrir 1 á matseðli frá 12-15.

Grandagarði 2

Fiskislóð 29

Hólmaslóð 2

Grandagarði 23

Ægisgarði 2



KAFFIVAGNINN  
1985



Fjölbreytt úrval jólaísa í tilefni litlu jólanna á höfninni.

Jólaplattinn á aðeins 2.990 kr. í tilefni dagsins ásamt okkar frábæru fiskréttum.

Köku og vínsmakk ásamt tilboði á smákökum.

Jólabröns á hlaðborði frá kl. 11:00-16:00

Tilboð á völdum vörum, heitt kakó á könnunni, Glühwein og Weihnachtsstollen.

Grandagarði 21

Grandagarði 10

Grandagarði 19

Grandagarði 16

Geirsgötu 5a





# 354

fjöldaskotárásir á

# 339

dögum í Bandaríkjunum



## FJÖLDASKOTÁRÁSIR Í BANDARÍKJUNUM 2015

# 354

FJÖLDASKOTÁRÁSIR

# 47 220

RÍKI BORGIR

# 462

myrtir í fjöldaskotárásum það sem af er ári

# 1.314

hafa særst í fjöldaskotárásum í Bandaríkjunum

Á HVERJUM DEGI er gerð fleiri en ein fjöldaskotárás í Bandaríkjunum.

FJÖLDASKOTÁRÁS er árás þar sem fjórir eða fleiri særast eða eru myrtir.

Tölur úr gagnagrunnunum shootingtracker.com og gunviolencearchive.org. Ekki opinberir gagnagrunnar. Upplýsingar sóttar í fréttaflutning þarrendra miðla.



Ólöf Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/SILJA

Kröfur um að stemma stigu við stjórnarskrárvarinni skotvopnaeign almennings í Bandaríkjunum og vopnaburð lögreglu verða sífellt háværari í BNA.

Við skulum ekki láta svona mannförnir verða að hversdagslegri venju," sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti í ræðu sinni eftir enn eina skotárásina á hóp af varnarlauðu fólki í Bandaríkjunum, nánar til tekið í Colorado Springs, í síðustu viku.

Ítrekuð varnaðarorð forsetans í þessa veru virðast ekki hafa mikla þýðingu, sé tekið tillit til fjölda skotárása sem orðið hafa þar í landi

það sem af er ári, sú síðasta nú á miðvikudag. Tölurnar tala sínu máli – 354 fjöldaskotárásir byssumanna hafa átt sér stað á árinu sem nú er að líða, meira en ein á dag að meðaltali. Þessi staðreynd undirstrikar eina af skuggahliðum hins mikla ríkis í vestri. Þessar napurlegu tölur hafa auðvitað orðið uppspretta umræðu um vopnaburð lögreglu og stjórnarskrárvarða skotvopnaeign almennings þar í landi.

Efasemdir um að lögregla með byssu komi í veg fyrir glæpi fá æ meiri hljómgrunn. Kröfur

um að stemma þurfi stigu við rót vandans, frumstæðri byssu- menningu sem einkennist af almennri skotvopnaeign og þungvopnaðri lögreglu á öllum götuhornum, verða tíðari og háværari. Fróðlegt verður að fylgjast með umræðunni um þennan smánarblett á samfélaginu vestanhafs næstu misserin.

## Fjöldi árása eftir mánuðum árið 2015

Janúar 24	Febrúar 18	Mars 30	Apríl 18
Mái 38	Júní 42	Júlí 45	Ágúst 41
September 38	Október 23	Nóvember 35	Desember 2 það sem af er mánuði



# Útivist & sport

5. desember 2015

KYNNINGARBLAÐ

## Á hæsta tind og djúpt í frumskógi

Unnur Eir Arnardóttir hefur mikinn áhuga á fjölbreyttri útivist, sama hvort það er fjallganga í nágrenni höfuðborgarinnar, jeppaferðir inn á hálendið með tjald eða bakpokaferðalag í óbyggðum, ganga á jökul eða tind. Hún tilheyrir fallhlífahópi flugbjörgunarsveitarinnar.

„Mér finnst gaman að draga fjallahjólið fram á sumrin og fara um náttúruna hér í kring. Jafnvel skella mér í létt klettaklifur. Endrum og senn fer ég á kajak þegar ég er erlendis. Á veturna dreg ég fram gönguskíðin þegar viðrar vel og fer jafnvel í lengri ferðir með tjaldid og viðlegubúnað í eftirdragi. Ég er með sportköfunarréttindi og mótörhjólpróf sem ég væri til í að nýta mér betur en það er aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér. Svo hefur fallhlífarkort átt hug minn í nokkur ár og í dag tilheyrir ég fallhlífahóp flugbjörgunarsveitarinnar sem björgunarstökkvari,“ segir Unnur Eir Arnardóttir, flugfreyja og ævintýrakona.

### Matarboð á Langjökli

Unnur er von því að ferðast í hópi sem og ein á ferð. Hún segir það dásamlegt að kúpla sig út og njóta kyrrðar í íslenskri náttúru, ein með sjálfri sér. Hún hefur heldur ekki sett það fyrir sig að skipuleggja lengri ferðir til fjarlæggra landa á eigin vegum og jafnvel slegist í för með öðrum ferðamönnum í þeim löndum. „Í dag er ég svo lánsöm að sambýlismaður minn er einnig minn besti ferðafélagi. Bless-

unarlega deilum við áhugamálum og höfum verið öflug í ferðalögum og ævintýrum saman,“ segir hún og brosir. Unnur bætir við að kærastinn sé duglegur að bjóða henni á öðruvísi og óvenjuleg stefnumót, til dæmis í matarboð upp á Langjökul. „Við sambýlismaður minn erum dugleg að draga hvort annað í ævintýri, nú síðast fórum við tvö í gönguskíðaferð undir norðurljós-um og stjörnuþjórtum himni. Þrátt fyrir hörkufrost þá tjölduðum við í snjónum og höfðum það notalegt, enda bæði von slíkum ferðum. Við sækjum mikið inn á hálendið og á hverju ári fer ég í göngur þar um. Einnig inn í óbyggðir, Hornstrandir svo dæmi sé tekið. Að vera í náttúrunni er besta hugleiðsla sem manni býðst.“

### Mont Blanc, Machu Picchu og Hornstrandir

Aðspurð um eftirminnilegasta ferðalagið segist hún geta ímynd- að sér að það sé álíka erfitt að gera upp á milli ferðalaganna eins og að gera upp á milli barna sinna. „Hvert ferðalag hefur sinn sjarma, hvort sem það er að vera á sjó- kajak og berja mörgæsir augum í sínu náttúrulega umhverfi á ▶



Unnur sækir mikið inn á hálendið og á hverju ári fer hún í göngur þar um. „Að vera í náttúrunni er besta hugleiðsla sem manni býðst.“



## DESEMBERTILBOÐ Á VETRARKORTUM

**Fullkomin jólagjöf** fyrir fjölskylduna, vini og vandamenn!

**Vetrarkort í Bláfjöll og Skálafell** eru komin í sölu og fást í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3–5 og Mohawks, Kringlunni. Pantaðu og fáðu sent í síma 5303002 eða á [midar@skidasvaedi.is](mailto:midar@skidasvaedi.is).

  
SKÍÐASVÆÐIN

Vetrarkort í Bláfjöll og Skálafell

Sími: 4115555 og 5303002  
Opið alla virka daga kl. 9–13 og 13:30–17.



ÚTGEFANDI  
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301  
VEFFANG  
visir.is

UMSJÓNARMENN AUGLÝSINGA  
Jóhann Waage | johannwaage@365.is | s. 512-5439  
ÁBYRGÐARMAÐUR  
Svanur Valgeirsson

**GÖNGUSKÍÐA-  
PARADÍS**

**CraftSport**  
www.craft.is

**Komdu norður  
og brunaðu inn í nýja árið**

Gjafabréf í fjallið  
Frábær gjöf!  
Þú færð gjafabréfin á  
Akureyri Backpackers  
og í síma 462-2280

Komdu á skíði um jólin!  
Oprið milli jóla og nýárs!

**Komdu  
frekar  
norður!**

**Hlíðarfjall**  
Akureyri

Sími: 462-2280  
Opnunartíma má sjá á: www.hlidarfjall.is  
facebook /hlidarfjall

Vandað sjónvarpsefni og fjarskipti á frábæru verði

**FÁRÁNLEGA  
FLOTTUR PAKKI**

**365**  
365.is  
Sími 1817

► Nýja-Sjálandi, standa á hæsta tindri Vestur-Evrópu, Mont Blanc, við sólarupprás, dvelja djúpt inni í Amason-frumskóginum og hlusta á lifandi regnskóginn að nóttu til eða ganga Inkaslóðina í Andesfjöllum að hinni fornu og fyrrum týndu borg, Machu Picchu. Stjörnuþjórtu næturnar á Kilimanjaro, hæsta fjalli Afríku, eru ógleymanlegar sem og fjölmörgu fallhlífarstökksferðirnar erlendis. En fegurðin við ferðalög erlendis er að átta sig á því að heima er ávallt best. Bakpokaferðalög í stórbrotinni náttúru Hornstranda og ferðir í öræfin norðan Vatnajökuls eru án efa mesta augnakonfekt sem völ er á.“

**Draumaferðin á Suðurljólinum**

Unnur er afskaplega víðföru en hún á þó eina heimsálfu eftir. Hana hefur í dágóðan tíma dreymt um að fara í gönguskíðaferð síðustu gráðuna á Suðurljólinum, sem er 111 kílómetra löng leið. „Með stífri þjálfun, réttum undirbúningi og óbilandi trú á sjálfum sér er það gerlegt fyrir svona venjulega manneskju eins og mig, sem þó hefur góðan bakgrunn úr björgunarsveitarþjálfuninni og ferðum mínum. En auk þess þarf fjármagn, þrjúsku og eljusemi til. Að lokum er það undir manni sjálfum komið hvað maður er tilbúinn að leggja á sig og ganga langt til að elta drauma sína,“ segir þessi ævintýrakona, spennit fyrir komandi ferðum.



Ævintýrakonan Unnur hefur reynt ýmislegt, meðal annars að stökkva út úr flugvél í gúmmibát.



Unnur Eir hefur gengið Inkaslóðina í Andesfjöllum að hinni fornu og fyrrum týndu borg, Machu Picchu. MYNDIR Í EIGU UNNAR



Á toppi hæsta fjalls Afríku, Kilimanjaro.

**Ávallt viðbúinn!**

Nauðsynlegur búnaður í vetrasportið

**bcá**  
FLOORT

Snjóflóðabakpokar

Snjóflóðastangir

Skóflur

Bakpokar

Snjóflóðaýlar

**TAX  
FREE**  
JÓL Í NÍTRÓ

**NITRO**

Þar sem ævintýrið byrjar

Kirkjulundi 17 / 210 Garðabæ  
Sími 557 4848 / www.nitro.is



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## DUGNAÐUR

Elvar Örn Reynisson lætur ekki veðrið aftra sér frá því að hjóla allan ársins hring. Hann segist horfa á föstu bílana með vorkunnaraugum þegar hann hjólar fram hjá þeim.

PRÓGASTRÓ

2 hylki fyrir stóra máltíð léttir á meltingunni!

... og meltingin kemst í lag

**Njóttu þess að borða jólamatinn**

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmakaðanna



**LIFIR ÁFRAM** „Með þessari hönnunarlínu sem hófst 2013 vil ég heiðra minningu föður míns og afa og arfleifð mína,“ segir Hanna Sigríður Magnúsdóttir.

MYND/ANTON BRINK

## FALLEG JÓLASKEIÐ

**GAM KYNNIR** Friðardúfa prýðir jólaskeiðina í ár frá verslun Guðlaugs A. Magnússonar. Ný jólaskeið kemur á hverju ári og hefur gert um 69 ára skeið.

Verslun Guðlaugs A. Magnússonar við Skólavörðustíg var stofnuð árið 1924 og hefur um 69 ára skeið boðið upp á jólaskeið með nýrri hönnun á hverju ári en hver hönnunarlína telur tólf skeiðar. Það var árið 1946 sem Guðlaugur hannaði sína fyrstu jólaskeið sem smíðuð var úr sterling-silfri. Skeiðin naut strax mikilla vinsælda á meðal Íslendinga enda Guðlaugur einstakur listamaður og hugmyndaflugi hans fá takmörk sett.

Í dag er það barnabarn Guðlaugs, Hanna Sigríður Magnúsdóttir, viðskiptafræðingur og hönnuður, sem sér um hönnun jólaskeiðarinnar og rekstur verslunarinnar.

Aðspurð segir Hanna Sigríður að það hafi legið beinast við eftir daga föður hennar heitins að halda heiðri afa síns og föður á lofti með því að reka verslunina áfram og taka við þar sem frá var horfið. „Ég hef lifað og hræst við meðhöndlun silfurs og fallega hönnunargripa allt mitt líf. Með þessari hönnunarlínu sem hófst 2013 vil ég heiðra minningu föður míns og afa og arfleifð mína.“ Jólaskeiðina í ár prýðir friðardúfa ásamt búrgundírauðri emaleringu

en sá litur er tákn hins heilaga anda og kærleikans að sögn Hönnu Sigríðar. „Jólaskeiðin er því falleg gjöf í jólapakkann og glæsilegur hönnunarsafngripur.“

Sjálf hefur Hanna Sigríður erfitt listfengi og hönnunaráhugann frá fjölskyldu sinni og hefur m.a. hannað fallega skartgripa ásamt fallegum ornamantum í formi snjókorra og engla. „Innblasturinn að fyrsta englinum mín kom til mín í gegnum veikindi föður míns. Ég og við fjölskyldan vorum alltaf að halda í vonina eins og gengur og gerist þegar ástvinur veikist og á erfiðustu köflunum þá var það vonin sem virtist það eina sem ég átti eftir.“

Í kjölfar þessara tímamóta hannaði hún fyrsta engilinn sinn sem hún kaus að kalla engil vonar. „Sú hönnun fór svo að vinda upp á sig og í dag hanna ég nokkrar tegundir af englum, í nokkrum stærðum og úr ólíkum efni við eftir því hvað við á. Englarnir mínir sem ég geri úr silfri prýða bæði hálsmen og armbönd og hægt er að fá eyrnalokka líka.“

## KLASSÍSK

Allar nánari upplýsingar um jólaskeiðina má finna á [www.gam.is](http://www.gam.is) og á Facebook undir GAM - verslun Guðlaugs A. Magnússonar.



aarikka

kertastjakar frá

5.590,-

marimekko MOOMINS MOKKIAN aarikka iittala

FINNSKA BÚÐIN

Kringlan, s. 787 7744  
Laugavegur 27, s. 778 7744  
info@finnskabudin.is  
#finnskabudin

natures aid

Nýtt

Trim-It

Fitubrennsla

FRÁBÆR BLANDA SEM ÖRVAR MELTINGU OG EYKUR BRENNSLU

Innheldur eplaedik sem hjálpar til við hreinsun eiturefna úr líkamanum, kelp (brúnþörungur) sem er sérlega steinefnaríkt og styður starfsemi skjaldkirtilsins, B-6 sem hjálpar líkamanum m.a. við niðurbrot kolvetna og fitu, lesitín og hveitikím.

Gengur þér illa að léttast!

120 SOFTGELS

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.



Heilsuréttir fjölskyldunnar

Groenmetislasagna

**Góð gjöf** sem gleður

Opið sunnudag frá kl. 13-17

Kínverskar gjafavörur

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

**Svartir stakir jakkar**

kr. 17.900.-  
str. 36-48

**Ríta**

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

# FÉKK ALVEG NÓG AF SÓFAKARTÖFLUNNI

**DUGNAÐUR** Elvar Örn Reynisson komst í fréttirnar í vikunni sem hjólamaðurinn mikli. Elvar lætur veðrið ekki aftra sér frá því að hjóla allan ársins hring. Hann segist horfa á föstu bílana með vorkunnaraugum þegar hann hjólar fram hjá þeim.

Elvar Örn er menntaður matreiðslumaður og starfaði lengi sem slíkur, síðast á Kringlu-kránni. Nú starfar hann hins vegar í Erninum og sameinar þar starf og áhugamál. Hann segist ekki sakna kvöld- og helgarvinnunnar. „Ég tók mér smá pásu frá kokkinum og færði mig nær áhugamálinu,“ segir hann. Elvar breytti um lífsstíl árið 2011 þegar honum fannst hann vera orðinn of þungur. „Mér hefur alltaf þótt gaman að hjóla en ég hafði ekki þann tíma sem þurfti til að sinna áhugamálinu. Einn daginn fékk ég nóg af sófakartöflu-stílnum og ákvað að forgangsraða lífi mínu öðruvísi. Þar fyrir utan var ég farinn að hafa áhyggjur af framtíðinni. Ég fann vel fyrir því hversu þungur ég var. Þótt ég væri í yfirvigt var ég í ágætis formi því ég stundaði alltaf líkamsrækt þrátt fyrir að finnast hún leiðinleg. Einn daginn ákvað ég að sleppa öllu gosþambi og minnka nammiát. Ég drakk að minnsta kosti tvo lítra af kóki á kvöldin. Eftir að ég hætti því fann ég strax mun á vigtinni. Samfara því tók ég síðan mataræðið í gegn í skrefum,“ segir Elvar.

## EKKI MEGRUNARKÚR

Hann fór ekki í neinn sérstakan megrunarkúr en ákvað að taka alltaf einn hlut út úr mataræðinu í einu. Síðan var nauðsynlegt að vera í stöðugri líkamsrækt. Ég setti mér það markmið að hjóla alltaf ákveðið marga tíma á viku. Stundum hjólaði ég mjög mikið og ofkeyrði mig með tilheyrandi þreytu á eftir. Ég reyndi því að finna hinn gullna meðalveg í æfingum. Best er að fara millivegin og halda brennslunni stöðugri. Ég hjólaði alltaf í vinnu og á heimleiðinni tók ég oft aukaleið til að lengja túrinn. Það eru fimm kílómetrar heiman frá mér til vinnu en ég tók alltaf 32 km í bakaleiðinni. Eitt skipti fannst mér ég vera að gefast upp svo ég pantaði ferð til Danmerkur í hjólaferðalag. Það setti ákveðna pressu á mig að komast í betra form. Ég léttist um tíu kíló fyrir ferðina. Ég hjólaði síðan í tólf daga um Danmörku frá Kastrup til Sonnenborg þar sem vinur minn býr og valdi ekki stystu leiðina. Það var mjög skemmtileg ferð,“ segir Elvar.

## 60 KÍLÓ FARIN

Frá því Elvar hóf þennan feril hefur hann misst tæp sextíu kíló. „Ég er kominn í kjörþyngd en vil létta mig örlítið meira. Núna er ég 92 kíló en vil vera 86 kíló. Það er betra að vera léttur á hjólinu. Í dag get ég hjólað eins langt og mig langar til án þess að finna fyrir þreytu. Þolið er orðið mjög gott,“ segir hann.

Elvar lætur ekki veðrið aftra sér frá því að hjóla til og frá vinnu. „Það er skemmtilegt að hjóla í svona veðri eins og við höfum upplifað í vikunni. Veðrið er fallett, ekkert rok, og það er hressandi að hjóla. Það er gaman að upplifa alls konar veður utandyra. Ég er á breiðum naglalausum dekkjum sem henta þessu færi. Síðan á ég annað hjól sem er á nagladekkjum. Maður skiptir um eftir því sem þarf. Ég varð vitni að árekstrum í vikunni og fjölda fastra bíla. Ég vil heldur fara á hjólinu en að vera fastur í bíl í marga klukk-



**NYR LÍFSSTÍLL** Elvar hefur misst tæp sextíu kíló eftir að hann breytti um lífsstíl. Hann hjólar alla daga ársins og finnur ekkert fyrir veðrinu sem aðrir kvarta yfir.

tíma. Ég er í vindþéttum, millihljújum fötum, þarf ekki að vera dúðaður.“

## ALLTAF FREISTINGAR

Elvar segist vera mikill nammikarl. „Ég á mína nammidaga en reyni að fara frekar í popp en eitthvað sætt. Ég mun aldrei hætta að borða súkkulaði,“ segir kokkurinn og viðurkennir að sér finnist ekkert leiðinlegt að borða. „Aðgangurinn að hollum mat er orðinn greiður og þess vegna útbý ég grænmetisrétt í hádeginu og fæ mér ávexti. Ég passa upp á að verða aldrei svangur því þá er svo auðvelt að detta í súkkulaði. Jólin eru engin undantekning fyrir mig, freistingarnar eru allt árið í mínum huga, ekki eingöngu á þessum tíma. Ég kvíði því ekkert jólunum.“

Elvar ætlar að vera í Danmörku um jólin ásamt unnustu sinni, Margréti Thorlacius Friðriksdóttur. Þau kynntust í gegnum hjólreiðarnar. Elvar á tvær dætur með fyrri konu sinni.

„Með því að hjóla sameina ég líkamsrækt og hreyfingu, áhugamál og samgöngutæki. Auk þess er ég náttúruunnandi og hef gaman af því að taka myndir og myndbönd. Ég samtvinnna þetta allt og set síðan inn á bloggjið mitt ismadurinn.net,“ segir hann.

Elvar er keppismaður og hefur tekið þátt í mörgum hjólreiðakeppnum bæði hér á landi og erlendis. „Ég hef fengið mjög góðan stuðning og hvatningu frá félögum mínum í þessu sporti.“

## SETTI SÉR MARKMIÐ

„Ég hjólaði alltaf í vinnu og á heimleiðinni tók ég oft aukaleið til að lengja túrinn. Það eru fimm kílómetrar heiman frá mér til vinnu en ég tók alltaf 32 km í bakaleiðinni.“



20%  
AFSLÁTTUR  
AF SNYRTIVÖRUM,  
SOKKABUXUM  
& SKÓM

# Kjólar & Konfekt

3 ÁRA  
AFMÆLI

OPIÐ TIL  
KL. 18.00  
Í DAG



Kjöll  
stærð, 8-22  
**12.990**



Kjöll  
stærð, 8-18  
**10.990**



Kjöll  
stærð, 8-22  
**12.990**



Í KJÓLINN  
UM JÓLIN



Kjöll  
stærð, 8-18  
**10.990**



Kjöll  
stærð, 8-18  
**12.990**



OG  
FÖRÐUN  
Í STÍL



Kjöll  
stærð, 8-24  
**16.990**

real techniques OROBLU Tanya Burr L'ORÉAL PARIS MAYBELLINE ESSIE

Kjólar & Konfekt

Laugavegur 92

101 Reykjavík

sími 517 0200

www.kjolar.is





# FALLEGAR JÓLAVÖRUR

Á Jólamarkaði Skálatúns má finna fallegt handverk og gæða sér á gómsættum piparkökum og kakói.

Jólamarkaður Skálatúns verður haldinn á morgun á milli tíu og fjögur. Þar má finna mikið úrval af glæsilegum handverksvörum sem margar hverjar eru einstakar og til í takmörkuðu upplagi. Starfsfólk Vinnustofu Skálatúns býður öllum að líta við og þiggja heitt kakó og piparkökur og upplifa skemmtilega jólastemningu auk þess að geta keypt fallegar jólagjafir eða eitthvað til að skreyta eigið heimili, svo sem leir- og glerverk, púða, skart, vefnað, kort og fleira. Markaðurinn verður haldinn í Búðinni Okkar sem er til húsa í Úthlíð við Skálatún en þar fást allar handverksvörurnar.



Í Vinnustofum Skálatúns starfa um 35 manns með þroskahömlun. Þar er unnið að fjölbreyttum verkefnum, meðal annars er þar unnin handavinna þar sem sköpunargleðin ræður ríkjum. Þar má helst nefna vefnað, glervinnslu, útsaum, vélsaum, korta- og skartgripagerð.



## 40.000

**fréttabyrstir  
notendur**

**Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.**

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.

Nálgastu appið á [visir.is/fbl](http://visir.is/fbl) eða beint í gegnum:

Download on the App Store

Download from Windows Store

FRÉTTABLAÐIÐ



**NOTALEGT** Marta kveikir iðulega á fjölmörgum kertum til að mynda notalega stemningu.

# BYRJAR ALLA DAGA Á KERTABAÐI

**MARTA JONSSON KYNNIR** Marta Jonsson skóhönnuður elskar kerti. Hún kveikir stundum á fimmtíu kertum í einu til að mynda notalega stemningu, og ferðast auk þess með kerti til að hafa á hótélherbergjum. Það er því ekki að furða að hún lætur framleiða fyrir sig kerti sem hún hefur sjálf hannað.

**T**ími kertanna er runninn upp. Fátt er notalegra í svartasta skammdeginu en að lýsa það upp með fallegu kertaljósi. Þetta þekkir Marta Jonsson vel. „Það er ekkert betra en að kveikja kertaljós snemma morguns um helgi og öll jólin ef maður þarf ekki að vinna,“ segir Marta og bendir á að það sé allt önnur tilfinning að kveikja á kertum snemma morguns eða um kvöld. „Það er hvort tveggja jafn yndislegt en afar ólíkar tilfinningar sem fylgja því.“

Marta viðurkennir að hún sé ansi ýkt þegar kemur að kertum. „Ég get alveg kveikt á upp í fimmtíu kertum í einu. Oft stekkt ég inn í stofu og kveiki á nokkrum kertum bara til að hafa það kósi yfir tebollanum,“ segir Marta sem ferðast ávallt með kerti í töskunni. „Það er svo gott að fá sína eigin lykt í hótélherbergið,“ segir hún glaðlega.

Daginn byrjar Marta með kertabaði. „Ég fór í dásamlegt kertabað í morgun eins og ég geri reyndar á hverjum morgni nema þegar ég fer í stuttar ferðir.“

Marta heillast bæði af feegurð kertanna og þeim frið sem þau veita. „Það er ein af mínum bestu stundum að sitja með te eða kaffibolla við kertaljós.“

### ILMURINN SKIPTIR MIKLU

Marta segir kerti afar misjöfn. „Mér finnst gott að hafa smá ilm frá kertum en hef oft lent í því að kaupa kerti sem ég hef síðar þurft að henda af því lyktin var svo yfirgnæfandi,“ segir Marta sem er afar lykt næm að eigin sögn og fær hausverk af reykelsum og ilmötum. „Nema Bulgari-ilmvatninu sem ég hef

notað í fimmtán ár,“ segir hún glettin.

Hún ákvað því að láta sérframleiða fyrir sig kerti sem hún væri ánægð með. Þau fyrstu komu á markað árið 2013. „Það tók mig heilt ár að gera glasið á fyrsta kertinu því það varð að vera nákvæmlega eins og ég hugsaði mér,“ segir hún en kertin eru framleidd í Portúgal líkt og allir skórnir úr smiðju Mörtu.

„Kertin sem ég framleiði eru með mildri vanillulykt og ég get haft kveikt á fimmtíu kertum án þess að hún pirri mig. Ég hef líka fengið pósta frá konum sem segja að fjölskyldan sé í fyrsta sinn sammála um að kertalyktin sé góð,“ segir hún.

### GÓÐ GJÖF

Kerti Mörtu eru til í tveimur gerðum og af nokkrum stærðum. Þau fást í verslunum Mörtu Jonsson á Laugavegi 51 og í Kringlunni. Marta segir endingu þeirra afar góða. „Minnsta kertið okkar getur brunnið í allt að 30 klukkutíma.“

Marta mæli með kertum sem gjöfum. „Það eru svo margir sem eiga allt og við vitum ekkert hvað á að gefa þeim, en það er alltaf hægt að gefa kerti þar sem viðkomandi kemur til með að nota þau.“

### BAKAR MEÐ DÓTTURINNI

Marta kveikir oft á kerti þegar hún bakar með dóttur sinni sem er fimm ára. „Ég hef nú ekki gert mikið af því að baka piparkökur í gegnum tíðina en núna kólnar varla ofninn enda myndi litlan mín vilja baka á hverjum degi með mömmu sinni,“ segir Marta hlæjandi meðan hún stekkur í rauðu lakkskóna sína enda að drífa sig í jólapartí.

### BAKSTUR

„Ég hef nú ekki gert mikið af því að baka piparkökur í gegnum tíðina en núna kólnar varla ofninn enda myndi litlan mín vilja baka á hverjum degi með mömmu sinni.“

## HÝR JÓL

Jólasnjórinn verður í regnbogalitunum þann 12. desember þegar jólatónleikar Hinsegin kórsins fara fram í Nes Kirkju klukkan 19.30. Á dagskrá verða hýrir jólatónar í bland við dægurtónlist og popp. Spiluð verður tónlist Óðins Valdimars, David Bowie, Olly Murs og Tsajkovski.

Kórinn syngur undir stjórn Helgu Margrétar Marzelliusardóttur en meðleikari kórsins er Jón Birgir Eiríksson.

Uppselt er á fyrri tónleikana klukkan 17 og því var efnt til aukatónleika klukkan 19.30.





# FEMARELLE ER FRÁBÆR LAUSN

**ICECARE KYNNIR** Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Það er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.

**V**irkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförunum þrettán árum. Eva Ólöf Hjaltadóttir deilir reynslu sinni af notkun Femarelle. „Mér hafði ekki liðið nógu vel í svolitinn tíma, var á lyfjum við sykursýki og vegna veikinda í skjaldkirtli. Ég hafði þungst vegna lyfjanna. Einnig er ég með gigt og hef því haft mikla verki. Mér fannst óþægilegt að vera of mikið innan um fólk, var orðin svolítið þunglynd af vanlíðan. Mér fannst ekki gott að vera þar sem var hávaði og var því mjög

mikið að einangrast frá félagslífi,“ segir Eva Ólöf. „Ég er 71 árs og var ekki sátt við hvernig mér leið, ég vildi geta tekið meiri þátt í lífinu. Eftir að ég las umfjöllun um Femarelle leist mér vel á að prófa náttúrulega og hormónalauslausa meðferð, sérstaklega þar sem ég sá að hún getur haft áhrif á verki. Ég hef notað Femarelle í fjóra mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf. Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn.

Ég fer í sund á hverjum degi og sæki félagsvistina og fer í bingó vikulega. Mig er hætt að verkja um allan líkamann og ég nota Femarelle sem náttúrulega verkjameðferð því ef ég er með verk tek ég aukalega af því. Það besta er að börnin mín og tengdabörn segja að ég sé orðin miklu líflegri og hressari. Ég hef meira gaman af því að hitta barnabörnin mín, því ég get veitt þeim betri at-  
hygli. Ég hef að auki misst ellefu kíló án þess að reyna það, vegna þess að mér líður betur og ég get hreyft mig óhindrað.“

#### FEMARELLE HEFUR HJÁLPAÐ MIKIÐ

Valgerður Kummer Erlingsdóttir hefur notað Femarelle í nokkurn tíma og finnur nú vel hve miklu

máli það skipti fyrir hana að taka það. „Ég var byrjuð að finna fyrir breytingum hjá mér, var farin að svitna mikið yfir daginn og var oft með skapsveifur. Ég var ekki sátt við þessa líðan, ég fékk hormónatöflur hjá læknum en var aldrei róleg yfir að nota þær. Mér líður núna svo miklu betur en áður, og jafnvel betur en þegar ég var að nota hormónatöflurnar. Ég tek yfirleitt bara eitt hylki af Femarelle á dag, en stundum tvö þegar ég er í miklum hita á sumrin.“

Valgerður er svo ánægð með Femarelle að hún mælir með því við allar vinkonur sínar. „Ég veit að nokkrar eru að nota það líka. Femarelle hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið og bjargað líðan minni.“



**MUN SÁTTARI** Eva Ólöf Hjaltadóttir hefur endurheimt fyrra líf eftir að hún fór að taka Femarelle og er mun hressari nú.



**LÍÐUR BETUR** Femarelle hefur hjálpað Valgerði mikið en hún fann áður fyrir skapsveiflum og svitnaði mikið. MYND/GVA



**Icecare styrkir Ljósið**  
Í desember renna 100 krónur af hverjum seldum pakka af Bio-Kult – öllum tegundum – til Ljóssins, stuðningsmiðstöðvar krabbameinsgreindra.



# SVEFNVANDAMÁLIÐ ÚR SÖGUNNI

**ICECARE KYNNIR** Melissa Dream-töflurnar fá þig til að sofa betur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.

**S**vefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Sigríður Geirsdóttir er fimmtug kona í krefjandi stjórnunarstarfi og hefur átt við svefnvandamál að stríða af og til undanfarin tíu ár. Hún mælir eindregið með Melissa Dream fyrir alla þá sem eiga erfitt með að slaka á og festa svefn. „Svefnvandamálið lýsir sér þannig að ég næ ekki að „slökkva á mér“ á kvöldin, heilinn fer á fullt að hugsa um næstu vinnudaga og ég næ ekki að slaka nægilega á til að sofna. Fyrir nokkrum árum fékk ég vægt svefnlyf hjá lækni sem hjálpaði mér en ég var aldrei hrifin af því að taka svefnlyf að staðaldri. Kannski vegna hræðslu við að verða háð þeim, lyfin fóru einnig illa í mig, til dæmis vaknaði ég á morgnana með hálfgerða timburmenn, en þá líðan tengdi ég beint við notkun svefnlyfja. Fyrir nokkrum mánuðum ráðlagði góð vinkona mín mér að prófa Melissa Dream og verð ég að viðurkenna að það hentar mér mun betur en svefnlyfin,“ segir Lísu.

„Eftir að ég fór að nota Melissa Dream þá næg ég að slaka á og festa svefn. Ég sef eins og ungubarn og er hress morguninn eftir. Einnig hefur Melissa Dream hjálpað mér mikið vegna þess að ég hef pirringi í fótum sem angr-

aði mig oft á kvöldin. Það er líka góð tilfinning að notast við náttúruleg lyf ef þess gerist kostur.“

#### ÞAKKLÁT FYRIR MELISSA DREAM

Unnur Stephensen hefur einnig góða reynslu af notkun Melissa Dream og telur sig heppna að hafa uppgötvað það. „Þannig var að ég þurfti að vinna úr ákveðinni reynslu, sem var sársaukafull. Ég missti föður minn fyrir nokkrum árum og missti mömmu mína fyrir ári, þessi elska fékk Alzheimer og var á Skjólí í nokkur ár. Þegar mér leið sem verst fékk ég skrifað upp á svefntöflur frá lækni. Ég tók þær í nokkurn tíma og fannst þær hreint hræðilegar fyrir mig, ég var eins og voða á daginn þannig að ég hætti að taka þær inn,“ lýsir Unnur. Hún fór svo að nota MELISSA DREAM og telur það sannarlega hafa breytt miklu hjá sér og er innilega þakklát fyrir það.

#### EKKERT HEFUR REYNST EINS VEL

„Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma,“ segir Elsa Ásgeirsdóttir. „Ég starfa sem klæðskeri og hönnuður og starfinu fylgir oft mikið álag,“ segir hún og brosir. „Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina, var oft vöknuð um klukkan fjögur á næturnar og átti erfitt með að sofna



**EINA SEM HJÁLPAR** Elsa hefur prófað margt til að ná að hvílast og sofna en Melissa Dream-töflurnar eru það eina sem hefur virkað hingað til. MYND/GVA

aftur. Það sem er líka gott við Melissa er að nú heyrir fótapirringur sögunni til, en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn.“

Elsa las sér til um Melissa Dream-töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist líka vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn, mér líkar það betur. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!“

#### SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM

- Vísindalega samsettar náttúruvörur.
- Aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur.
- Innihalda ekki sljóvandi efni.
- Innihalda náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun.
- Innihalda B-vítamín sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi.
- Innihalda mikið magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.

**SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, [www.icecare.is](http://www.icecare.is)

IceCare



# METSÖLULISTI

## Bókabúðar

### Máls og menningar


1.



#### Gleðilegt uppeldi

Margrét Pála Ólafsdóttir


2.



#### Fiskarnir hafa enga fætur

Jón Kalman Stefánsson

3.



#### Leynigarður

Johanna Basford

4.



#### Sorcerer's Creed

Skuggi


5.



#### Sogið

Yrsa Sigurðardóttir

6.



#### Stríðsárin 1938-1945

Páll Baldvin Baldvinsson


7.



#### Nigella á ítölskum nótum

Nigella Lawson

8.



#### Eitthvað á stærð við alheiminn

Jón Kalman Stefánsson


9.



#### Stóri skjálfti

Auður Jónsdóttir

10.



#### Frelsi

Linda Vilhjálmsdóttir

26. nóv - 3. des 2015



BÓKABÚÐ  
MÁLS & MENNINGAR  
LAUGAVEGI 18

FÓLK|JÓL



**SKEMMTILEGIR BRAUÐKARLAR** Karlarnir eru úr brauðdeigi og bragðast best nýbakaðir með heitu súkkulaði. MYND/ANTON BRINK

## NÆSTUM JAFN SPENNANDI OG JÓLIN

**HEFÐIR FRÁ LÚXEMBOURG** Tinna Pétursdóttir er fædd og uppalin í Lúxemborg en þar er dagur heilags Nikulásar haldinn hátíðlegur 6. desember. Þá fá börnin pakka frá jólasveininum og ríkir ekki síður eftirvænting eftir þeim degi en jóluunum sjálfum. Þá eru líka bakaðir sérstakir brauðkarlar eða Boxemännercher.

Tinna Pétursdóttir nuddari ólst upp við að halda dag heilags Nikulásar hátíðlegan. Þá kemur jólasveinninn St. Nicolas til byggða og gefur börnunum pakka. Þau sem eru stillt fá líka brauðkarla eða Boxemännercher og rjúkandi súkkulaði.

„Það var alltaf ótrúlega spennandi að vakna þennan morgun og sjá skrifborðið í herberginu svigna undan þökkum en yfirleitt gefa foreldrar, systkini, ömmur og afar pakka þennan dag. Börn í Lúxemborg fá svo yfirleitt færri pakka á aðfangadag en þar sem foreldrar mínir eru íslenskir héldum við líka íslensk jól með tilheyrandi pakkaflóði,“ útskýrir Tinna.

Buxnakarlarnir fara að sögn Tinnu að sjást í bakaríum í Lúxemborg nokkrum vikum fyrir dag heilags Nikulásar. „Þeir eru ekki sætir og líkjast í raun brauði en það er voða gott að dýfa þeim í súkkulaði.“

Tinna, sem er búsett á Akranesi, hefur búið í Lúxemborg í samtals tuttugu ár. „Þó að mér líði vel á Íslandi er Lúxemborg mitt annað heimili og ég reyni að halda í kærar hefðir. Ég held reyndar ekki formlega upp á dag heilags Nikulásar hér heima, enda myndi það rugla börnin mín í ríminu, en hef stundum bakað brauðkarlana.“

Meðal þess sem Tinna hefur saknað frá Lúxemborg er Bofferding-bjórinn en hann er sá útbreiddasti þar í landi. „Fyrir þremur árum ákváðum við eiginmaður minn, Jökull Guðjónsson, að kanna hvort við gætum flutt hann inn en upphaflega hugmyndin var nú aðallega sú að við sjálf gætum nálgast hann í Ríkinu,“ segir hún og hlær. „Við fengum leyfið í haust og hafa viðtökurnar verið framar öllum vonum enda er þetta mildur og góður bjór sem passar með öllu.“ Tinna lætur ekki þar við sitja heldur flytur líka inn teppi frá Nuvola baby, nuvolababy.com, sem er með aðsetur í Lúxemborg og framleiðir gæðavörur fyrir börn.

Tinna deilir hér uppskriftinni að buxnakörnlunum en þá er tilvalið að baka á morgun, 6. desember.

**Boxemännercher**  
600 g hveiti  
60 g mjúkt smjör  
60 g sykur  
8 g salt  
1 egg  
1 pakki ger  
330 ml volg mjólk

Velgið mjólkina. Bætið gerinu við. Blandið hveiti, salti, sykri, smjöri og eggi í saman í skál. Bætið gerblöndunni við. Hnoðið saman og látið standa í klukkustund. Hægt er að blanda rúsinum eða súkkulaðibitum út í deigið ef vill. Búið til litla karla úr deiginu. Notið rúsinur eða súkkulaði í augu og hnappa. Penslið með eggi. Bakið við 180 gráður í um það bil 15 mínútur.



**HEILAGUR NIKULÁS** Tinna ólst upp við að halda dag heilags Nikulásar hátíðlegan en þann dag vakna börn í Lúxemborg upp við gjafir.



**BJÓR OG TEPPI** Tinna ræktar meðal annars tengslin við Lúxemborg með því að flytja inn lúxemborgskan bjór og teppi.



# DROTTNINGIN AF NEW YORK OG MEISTARI KJARVAL



Tilboðsverð: 6.990 kr.  
Fullt verð: 8.490 kr.



Tilboðsverð: 11.990 kr.  
Fullt verð: 14.990 kr.



Fáir Íslendingar hafa átt jafn dramatíska ævi og **Nína Sæmundsson**. Sveitastelpan úr Fljótshlíðinni fór til Kaupmannahafnar, bjó í Róm og París, varð fræg í New York og fann ástina í Hollywood.

**Meistari Kjarval** var síteiknandi og sískrifandi. Hann stráði um sig verkum hvert sem hann fór. Í fyrsta sinn eru teikningar hans og pár birtar á bók í stórfenglegri útgáfu.

Tilboðin gilda til og með 10. desember.



BÓKABÚÐ  
MÁLS & MENNINGAR  
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga  
til kl. 22.00

facebook.com  
/malogmenning





**dr.organic®**

# Sniglagel

NÁTTÚRULEGT FEGRUNARLEYNDARMÁL FYRIR HÚÐINA

- Lagfærir hrukkur, ör, bólur og sár
- Virkar á skömmum tíma
- Sniglaslím með aloa vera og lemongrass

Fæst í Lyfju, Heilsuhúsinu, Apótekinu og Fjarðarkaupum.



**GOTT SAMBAND** „Það er gaman fyrir viðskiptavinum að kynna hönnuðum yfir borðið og kaupa beint af þeim fallega gjafavörum,” segir Hanna Gréta, einn af skipuleggjendum jólamarkaðarins, sem hér er ásamt Aroni Frey, sem einnig verður með bás um helgina. MYND/GVA

## NOTALEG STEMNING

**JÓLAMARKAÐUR** Fjöldi íslenskra hönnuða tekur þátt í árlegum jólamarkaði sem haldinn er á Bus hosteli um helgina.

Íslenska Pop-Up fjelagið heldur árlegan jólamarkað á Bus hosteli um helgina þar sem hópur innleindra hönnuða sýnir og selur fjölbreytt handverk fyrir jólin. Þetta er þriðja árið sem hópurinn setur upp markað fyrir jólin en í fyrsta sinn sem hann er haldinn á Bus hosteli, sem er í Skógarhlíð í Reykjavík.

Á sögn Hönnu Grétu, eins skipuleggjenda jólamarkaðarins, fylgja ýmsir kostir því að versla á slíkum mörkuðum.

„Nándin við hönnuði og framleiðendur er allt önnur en í hefðbundnum verslunum. Það er gaman fyrir viðskiptavinum að kynna hönnuðum yfir borðið og kaupa beint af þeim fallega gjafavörum og eiga um leið gott spjall við þá. Það er ekki síður skemmtilegt fyrir okkur að spjalla við kaupendur, kynna þeim og heyra álit þeirra á vörum okkar. Á jólamarkaðinum um helgina má finna marga jólapakkana og um leið fyrir heimilið. Auk þess seljum við líka jólapappír og jólakort þannig að hér er hægt að klára jólagjafainnkaupin í einni ferð.“

Um helgina verða þrettán básar og er fjölbreytileikinn mikill að sögn Hönnu. „Áherslan er sem fyrr á íslenskt handverk, hönnun og framleiðslu. Við erum með fjölbreytt úrval af vörum á borð við textíl-vörur, myndlist, keramik-vörur, ýmislegt skart, út-skurð, bretti og óróa og svo

auðvitað jólaskraut, pappír og kort.“

Boðið verður upp á kaffi og smákökur auk þess sem kaffihús hostelsins er opið. „Þar má m.a. kaupa sér kakó og betri kökur þannig að ég get lofað notalegri jólastemningu hér um helgina. Það verða posar á staðnum og nóg af bílastæðum. Jólamarkaðurinn er sannarlega tilvalinn viðkomustaður á leið í miðbæinn eða á leiðinni heim eftir góðan dag.“

Hönnuðir sem selja um helgina eru Bifurkolla, Ísafold design, Gluggagallery, Íris Ösp Heiðrúnardóttir, Aron Frey Stefánsson, Hanna Gréta, Basalt Reykjavík, Ratdesign, Valdór Bóasson, Gola & Glóra, Mixmix Reykjavík, Gunnarsbörn og Bismagg.

Jólamarkaðurinn er haldinn á Bus hosteli í Skógarhlíð 10 í Reykjavík og stendur yfir milli kl. 12 og 17 í dag og á morgun. Allar nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Íslenska Pop-up fjelagið.




MAX GALLERISAUTJÁN LAUGARDAG 12. DES. KL. 03:00 2 SPORT

# STÆRSTA UFC-KVÖLD ÁRSINS

**GUNNAR NELSON** GEGN **DEMIAN MAIA**

**CONOR MCGREGOR** GEGN **JOSÉ ALDO**



## GUNNAR ER KLÁR Í BARDAGANN

**SPORT** Laugardagskvöldið 12. desember mætir Gunnar Nelson hinum brasílíska Demian Maia og í aðalbardaga kvöldsins kljást Conor McGregor og José Aldo.

**Ekki missa af stærsta UFC-kvöldi ársins.**



# NÝJAR VÖRUR

**VERTU FLOTTUST UM JÓLIN**



**Slá**  
**24.900 kr**

**Kápa**  
**49.900 kr**  
stærðir 38 - 46

  
**COSMO**  
Kringlunni

Léttgreiðslur í boði





## POPUP JÓLA MARKAÐUR

Iðkendum skautaiþróttarinnar hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár enda íþrótt sem hentar flestu fólki. Fyrsta skautafélagið var stofnað 1873 en í dag eru þrjú skautafélög starfrækt hérlendis. Skautasamband Íslands hélt nýlega upp á 20 ára afmæli sitt.

Öll fjölskyldan getur stundað skautaiþróttina saman, hvort sem það er inni í skautahöllum eða á útisvellum, auk þess sem hún er frábær heilsurækt að sögn Margrétar Jamchi Ólafsdóttur, formanns Skautasambands Íslands. „Það er einfalt fyrir byrjendur á öllum aldri að leigja skauta og prófa áður en fjárfest er í dýrum búnaði. Auk þess bjóða öll skautafélögin upp á skautaskóla fyrir byrjendur. Ég ráðlegg öllum ein-dregið að byrja á því að fara á námskeið til að læra grunnatriðin.“

Fyrstu heimildir um skipulagt starf hjá skautafélagi hérlendis eru frá árinu 1873 en þá stofnuðu nemar í Latínuskólanum Skautafélag Reykjavíkur og stunduðu þá skautahlaup á Tjörninni í Reykjavík. Óljóst er hvenær það hætti starfsemi en það var endurvakið árið 1893 og hefur verið meira og minna starfandi síðan.

## Vantar fleiri svell

Bylting varð síðan í iðkun skautaiþróttarinnar með yfirbyggingu skautasvella hér á landi, fyrst í Laugardalnum árið 1998 og á síðan á Akureyri árið 2000. „Í desember 2003 bættist svo við þriðja yfirbyggða svellið í Egilshöll en þá var verulega farið að þrengja að iðkendum í Laugardalnum

þar sem tvö félög deildu æfingartímanum. Björninn flutti í Egilshöllina og hefur dafnað vel í Grafarvoginum.“

Í dag er stundað listhlaup á skautum og hokki hjá Reykjavíkurfélögunum að sögn Margrétar og fyrir norðan bætist krullan við. „Nú er svo komið að aftur þrengir verulega að félögunum, sérstaklega í Reykjavík, bæði vegna iðkenda-fjölda og einnig vegna fjölda almennings sem vill stunda skauta. Tíminn í höllunum er nýttur til hins ýtrasta og því brýn nauðsyn að fá þriðja svellið á höfuðborgarsvæðinu og vonum við hjá Skautasambandinu að tal um svell í Garðabæ eða Kópavogi sem heyrst hefur undanfarið bendi til framkvæmda fyrir skautara á þessum svæðum.“

## Miklar framfarir milli ára

Skautasamband Íslands, sem hélt upp á 20 ára afmæli á þessu ári, heldur utan um allt sem lýtur að listhlaupi á skautum og sam-hæfðum skautadansi á Íslandi og einblínir fyrst og fremst á uppbyggingu skautaiþróttarinnar hér á landi. „Uppbygg-

ingin felst að miklum hluta í því að byggja upp íslenska þjálfara, dómara og tæknifólk en þannig byggjum við hraðar upp betri skautara. Íslenskir skautarar hafa á síðustu árum verið að bæta sig mjög í stigum og stigamet eru slegin á næstum því hverju móti. Það er mjög hvetjandi og segir okkur að færni og stöðugleiki er að aukast. Áberandi er líka hvað margir ungir skautarar eru að koma sterkir inn og verður gaman að fylgjast með þeim á næstu árum.“

Skautarar sem vilja ná árangri og stefna á keppni þurfa að æfa mikið. „Íþróttin er mjög tæknileg og líkamlega krefjandi. Það er það sem gerir hana aðlaðandi fyrir afreksfólkið. Einnig er það félags-skapurinn, en vináttan þróast og verður nán þegar skautarar æfa svona mikið saman.“

Áður fyrr mátti finna útisvell víða um land yfir veturinn, t.d. á íþróttavöllum, en þau eru að týna tölunni jafnt og þétt. „Útisvell eru núna meira nýtt sem tilbreyting í kringum jólahátíðina, eins og svellið sem er sett upp við Rockefeller Center í New York yfir hátíðarnar. Nú er tilraun með að setja svona útisvell upp á Ingólfstorgi í desember og verður gaman að fylgjast með því hvernig það gengur. Ég hvet a.m.k sem flesta til að stoppa við og prófa kringum jólin. Einnig má benda á almenningstíma í skautahöllum sem allar eru opnar yfir hátíðarnar.“

starr@365.is



Norðurljósín, lið Skautafélags Reykjavíkur í samhæfðum skautadansi, á síðasta Íslandsmóti.

MYND/HELGA HJALTADÓTTIR



Fjórar unglingsstúlkur á skautasvellinu á Melavelli í Vesturbæ Reykjavíkur í desembermánuði árið 1976.

MYND/SVEINN ÞORMÓÐSSON

## Jólagjafir vélsleðamannsins



### SR Viper M-TX árg. 2016



Verð frá kr. 2.690.000,-



rukka

30% afsláttur af öllum Rukka göllum í desember



Nolan hjálmur



Sleðaskór



Lambhúshettur



Hanskar



Gleraugu



www.yamaha.is

www.facebook.com/YamahaMotorIsland

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900





nettó

# FRÁBÆRT TILBOÐ

GILDIR 5.-9. DESEMBER

Verðsprengrja

Café  
Sigrún hollustan  
hefst  
heima



SIGRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR

AÐEINS  
1.980 KR

nettó

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í NETTÓ GRANDA OG NETTÓ MJÓDD

Mjódd · Grandi · Salavegur · Búðakór · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.





Götur í Norðurmýrinni í Reykjavík minna helst á jólakort þessa dagana og snjófargið krefst mikils af íbúum borgarinnar sem þurfa að sinna snjómokstri í kringum heimili sín.



Borgarbúar standa í ströngu ef þeir nota bíla sína.



Trjágreinarnar svigna undan snjónum.

## Vetrarríki

Höfuðborgin í snjóskrúða er falleg en erfið yfirferðar. Borgarbúar neyðast margir til að skilja bílinn eftir heima og þurfa að taka sér góðan tíma til að komast á milli staða.

Sumir kunna vel við hægaganginn og njóta fegurðarinnar og birtunnar en aðrir vonast eftir betri tíð.

**Gunnar V. Andrésson** ljósmyndari gekk um götur borgarinnar.



Neðst í Fossvogi er fallegur trjágroður sem nýtur sín enn betur í vetrarríkinu.



Börnin njóta útiverunnar og rólegheitanna sem fylgja veðrinu.



# JÓLASPRENGJA

AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG JÓLASERÍUM

GILDIR LAUGARDAG  
TIL MÁNUDAGS

30%  
AFSLÁTTUR



#### Skrautseriur 4 teg.

40 ljósa  
**2.659**  
verð áður  
3.799

#### Inniseriur

10-20 ljósa  
**419**  
verð áður  
599

35 ljósa  
**559**  
verð áður  
799

50 ljósa  
**699**  
verð áður  
999

#### Útiseriur LED

40 ljósa  
**2.449**  
verð áður  
3.499

80 ljósa  
**2.799**  
verð áður  
3.999

120 ljósa  
**3.499**  
verð áður  
4.999

180 ljósa  
**4.199**  
verð áður  
5.999

240 ljósa  
**5.529**  
verð áður  
7.899

#### Jólatréstoppur

26 cm.  
**685**  
verð áður  
979

31 cm.  
**1.119**  
verð áður  
1.599



#### Jólakúlur/könglar/hjörtu

12 stk. í pakka  
verð frá  
**685**  
verð áður  
979



#### Skreytingaefni

margar tegundir  
verð frá  
**489**  
verð áður  
699



**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





Erna segist vera lífsglöð að eðlisfari og hefur haft húmorinn að vopni þegar hún hefur tekist á við erfiðleika í lífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Blæðingar var ógeðslegt orð

**Erna Jónsdóttir** lifði með verkjum sem hún faldi því þetta voru kvennaverkir. Hún gat ekki eignast börn og vissi aldrei af hverju. Á sjötugsaldri las hún grein og í kjölfarið sjúkdómsgreindi hún sjálfa sig. Hún er með endómetríósu.

Erla Björg Gunnarsdóttir  
erlabjorg@365.is



Það var ekki talað um það sem er fyrir neðan mitti í gamla daga,“ segir Erna. Hún tekur á móti blaðamanni með bros á vör og glettnin skín af henni. Henni finnst ekkert mál að tala um blæðingar, verki í kringum blæðingar, blöðrur á eggjastokkum og ófrjósemi eða annað sem hún hefur þurft að eiga við vegna sjúkdómsins endómetríósu sem stundum er kallaður legslímufلاك. En hún hefur ekki alltaf getað talað svona hispurslaust um þessi mál.

„Maður talaði ekki um blæðingar, ekki einu sinni við vinkonur sínar. Ég fékk mikla verki við blæðingar, átti erfitt með að anda og lá í keng. En orðin blæðingar og túrverkir voru ljót orð. Við notuðum þau ekki þannig að eðli málsins samkvæmt var erfitt að ræða líðan sína. Ég hélt að þetta ætti að vera svona og þorði ekkert að segja. Maður kvartaði ekki.“

## Þvegið úr bindunum í laumi

Erna fór í sveit á sumrin en þar var heilmikið vesen að fara á blæðingar. „Við vorum með heimatilbúin dómubindi sem við þurftum að hengja þau út á snúru því þá saúst þau þannig að við þurrkuðum þau í laumi við oliukyndinguna. Svo mátti ekki þvo bindin með öðru tauti – enda voru þau „skítug“. Þetta var hið vandræðalegasta mál.“

Erna segir að ef verkirnir hefðu ekki tengst „einkasvæðinu“ heldur

öðrum líkamshluta hefði hún að öllum líkindum verið send í rannsóknir og rætt málin við foreldra sína. Hún lærði fljótt að leynd verkjunum og láta sem ekkert væri.

„Ég þurfti oft að láta mig hverfa úr samkvæmum eða heimsóknum. Þá var best að labba Laugavegin heim því ég gat stoppað af og til og þóst vera horfa í búðarglugga á meðan mesta verkjakastið stóð yfir. Einu sinni stóð ég fyrir framan fiskbúð og maður gekk fram hjá og sagði kíminn að þetta væri afar áhugaverð útstilling. Svo lærði ég að anda í gegnum verkina og fólk hefur örugglega haldið að ég væri eitthvað skrytín, talandi á innsoginu og andandi ótt og tit.“

## „Búið að taka allt innan úr mér“

Verkir Ernu voru mikið leyndarmál og sjálf vissi hún ekkert hvað amaði að henni. Þegar hún var 17-24 ára fór hún í þrjár aðgerðir vegna utanlegs-fósturs og blaðra á eggjastokkum. Erna fékk að heyra utan frá sér að það væri nú ekkert að henni fyrst hún liti svona vel út og hún gæti farið á böll. Einnig að hún væri líklega bara ímyndunarveik eða með svo lágan sársaukaþröskuld. Að lokum var búið að taka úr henni báða eggjaleiðara og því von hennar um að verða barnshafandi úti. Læknarnir ræddu ekki ástand hennar við hana. Enda vissu þeir mögulega lítið.

„Það var aldrei rætt hver orsökinn væri eða reynt að greina sjúkdóminn. Bara sagt að konur ættu til að fá blöðrur.“

Erna segir að ófrjósemin hafi verið erfiðust við veikindin. Fyrst um sinn hélt hún því fyrir sjálfa sig. „Það áttu allir börn og ég og unnusti minn vorum sífellt spurð hvort við

ætluðum ekki að koma með barn. Ég fór að hugsa hvort við ættum að hætta saman svo ég myndi ekki eyðileggja hans líf. En hann var góður þótt hann skildi þetta kannski ekki til fulls. Við tókumst á við þetta saman og bráðlega gat ég talað um þetta opinskátt. Þegar ég lenti í spurningum um barnleysið svaraði ég bara að það væri búið að taka allt innan úr mér,“ segir Erna og hlær. Hún segir léttleikann sem hefur fylgt henni alla tíð hafa hjálpað henni við að takast á við ýmis verkefni í lífinu.

## Þolir ekki baktal og feluleiki

Erna og maður hennar ólu upp tvær fósturdætur. Þau ættleiddu þær þó ekki formlega.

„Ég var alltaf í kringum börn og að hjálpa vinkonum mínum með þeirra barnahóp. Ég vann á barnaheimilum og hefði viljað eignast tíu börn. Ein vinkona mín sem ég var mikið hjá var að eignast fimmta barnið og því mikið um að vera á heimilinu. Sú stúlka kom með mér heim nokkurra mánaða og þegar móðirin eignaðist sjötta barnið þá ílengdist sú pössun. Í stuttu máli fór hún aldrei heim aftur. Ég hef nú hugsað í seinni tíð að kannski vorkenndu þau mér svo mikið að þau tíndu ekki að taka hana aftur af mér,“ segir Erna hlæjandi. „En þau eignuðust tíu börn og því var líka hjálp í mér.“

Önnur fósturdóttir Ernu er bróðurdóttir mannsins hennar sem kom til þeirra eftir að foreldrar hennar skildu. Dæturnar hafa alltaf verið í góðu sambandi við blóðforeldra sína og hafa í raun átt tvenna foreldra alla tíð.

„Við erum öll vinir og það hefur alltaf verið gott samband. Á ferm-

## Hvað er endómetríósa?

Endómetríósa er arfgengur sjúkdómur sem orsakast m.a. af því að frumur sambærilegar þeim sem finnast í innra lagi legsins finnast annars staðar í líkamanum, yfirleitt í kviðarholinu. Þegar kona fer á blæðingar, blæðir úr þessum frumum eins og legslímufrumum. Blóðið nær ekki að hreinsast úr líkamanum eins og tíðablóð heldur safnast fyrir og getur valdið blöðrumyndun og samgróningum á milli líffæra. Sjúkdómnum geta fylgt miklir verkir við blæðingar og milli blæðinga. Einkenni geta verið slæmir tíðaverkir, miklar blæðingar, meltingartruflanir, sársauki við hægðalosun, sársauki við þvaglát, ófrjósemi, síþreyta og fleira.

ingarmynd yngri dótturinnar erum við öll fjögur með henni. Þegar hún lýsti myndinni fyrir forvitnum skólafélögum sagði hún: „Þetta eru mamma og pabbi og pabbi og mamma.“ Allt var svo eðlilegt.“

En Erna fann alveg fyrir umtali og segir hún leyndarmál, feluleiki og pukur vera eitthvað sem hún þoli ekki í dag eftir lífsreynslu sína.

„Dæturnar fengu stundum skrytnar spurningar frá börnum sem höfðu heyrt slúður í eldhúsinu heima hjá sér. Þær voru spurðar hver væri „alvöru“ mamma þeirra og svona. Eftir að ég vissi að ég gæti ekki átt börn hætti ég feluleiknum og það var svo mikill léttir. En eftir að hafa verið í felum með vanlíðan mína svo lengi þá bara get ég ekki leyndarmál og þoli ekki baktal. Ég vil hafa allt uppi á borðum í dag.“

## „Ekkert sem ég gerði vitlaust“

Fyrir nokkrum árum las Erna grein sem var skrifuð af ungri konu með endómetríósu og var hún að lýsa þeim verkjum og erfiðleikum sem fylgja sjúkdómnum. Þá fékk Erna svar við ótal mörgum spurningum. Það fyrsta sem hún gerði var að sýna dætrum sínum greinina til að þær gætu skilið hvernig henni væri búið að líða öll þessi ár.

„Þetta var ótrúlegt. Þessi kona var að skrifa um mig. Á sama augnabliki létti á mér allri. Svo las ég fleiri greinar og þetta passaði allt við mig. Þetta er sjúkdómur, hugsaði ég. Það er ekkert sem ég gerði vitlaust. Nokkrum dögum seinna fór ég til hjartalækis. Hjá honum fékk ég verkjakast og fór í keng. Hann spyr hvort það sé eitthvað að og ég segi já. Svo bæti ég við hátt og snjallt: Ég er með legslímufلاك! Mér fannst ég ægilega myndin – komin á sjötugsaldur og nýbúin að fá að fréttu hvað væri búið að vera að mér alla ævi.“

Erna segir að það hefði breytt hennar lífi mikið ef samfélagið hefði verið opnara þegar hún var yngri. Enn í dag á níðæðisaldri fær hún verkjaköst, þau koma reyndar sjaldnar og hún segir mikinn mun að þekkja sjúkdóminn. Hún fagnar aukinni umræðu um „kvennavandamál“ enda sé mikilvægt að konur og allt samfélagið viti að um raunverulegan sjúkdóm sé að ræða. Einnig svo hann sé rannsakaður og reynt að leita leiða til að bæta líðan.

„Svo er dásamlegt að konur geti reynt að eignast barn með tækni-frjóvgun. Ég hefði reynt það sjálf ef það hefði verið í boði. En líf mitt hefur verið fullt af börnum þannig að ég er sátt. Ég hef elskað mörg börn.“



nettó

# Jólahús Nettó

*komdu við og smakkaðu*

**Sérfræðingar  
okkar**

lofa þér að smakka  
og gefa þér ráð

**Hamborgar-  
hryggur**

sagaður eftir  
óskum

**Hangikjöt**

einreykt, tvíreykt,  
frampartur, læri,  
lamb, sauður

*Vertu velkominn*

*í jólahús Nettó*

*í Mjódd, Nettó Granda,*

*Nettó Akureyri,*

*Nettó Egilsstöðum,*

*Nettó Selfossi og*

*Nettó Reykjanesbæ*

**OPNUNARTÍMAR  
JÓLAHÚSS NETTÓ**

**Virkir dagar**  
12-19

**Laugardagar**  
12-18

**Sunnudagar**  
12-18

**17. - 23. des**  
12 - 22

**24. des**  
10-12



# Skemmtum okkur á aðventunni

Jólin eiga ekki bara að snúast um að kaupa gjafir, þrifa og gera allt tilbúið fyrir aðfangadagskvöld. Það er um að gera að njóta þess besta sem desember hefur upp á að bjóða með þeim sem okkur þykir vænt um.

## Föndrið jólakort

Það er falleg hefð að senda jólakort og enn þá skemmtilegra að fá persónuleg og öðruvísi jólakort. Föndraðu skemmtileg jólakort með börnunum fyrir vini og ættingja.

## Leikið í snjónum

Ekkert jafnast á við gamaldags snjókast, eða að fara út að gera snjókarl eða snjóengil. Gefið ykkur tíma til að leika og hafa gaman.

## Farið út á sleða

Það er um að gera að nýta sér snjóinn til þess að renna sér á snjóbotu eða skíðum.

## Jólafondur

Það er alltaf gaman að fönndra saman. Af hverju ekki að skella í gamaldags músastiga eða búa til fallegar jólastjörnur?

## Jóla- markaðurinn

Kíkið á jólamarkaðinn við Elliðavatn sem er opinn allar helgar fram að jólum frá 11-16. Ýmsar uppákomur í gangi, jólasveinar á vappi og nýhoggin tré eru til sölu.

## Föndrið jólagjafir

Það er gaman að búa sjálfur til gjafir fyrir vini og ættingja. Bakið kókur, föndrið eða búið til heimagerðar snyrtivörur s.s. skrúbb. Persónulegt og skemmtilegt.

## Á skautum skemmti ég mér ...

Kíktu á skautasvellið á Ingólfstorgi. Fátt er jólahegra en að skauta í snjónum. Fritt er á svellið en koma þarf sjálfur með skauta eða leigja þá á staðnum. Það er opið frá hádegi og fram á kvöld til og með 23. desember.

## Horfið á jólamyndir

Horfið á skemmtilegar og klassískar jólamyndir saman. Fátt sameinar fjölskylduna meira en góð jólamynd.

## Jólasveinar í Þjóðminjasafninu

Það er orðin árleg hefð í Þjóðminjasafninu að sveinkarnir sæki safnið heim. Þeir byrja að mæta 12. desember og koma á slaginu 11, alla daga til og með aðfangadegi. Þar fá börnin að hitta þjóðlega jólasveina í öðruvísi búningum en þeir eru alla jafna.

## Grípið í spil

Rifjið upp gamla takta og gripið í gömlu góðu spilin. Ólsen ólsen og veiðimaður klikka seint.

## Skreytið piparkökur

Komið ykkur í jólaskapið með því að baka piparkökur og skreyta þær síðan. Setjið skemmtilega jólatónlist á og komið ykkur í jólagírinn. Þeir sem nenna alls engu umstangi geta keypt tilbúnar piparkökur og glassúr – þá er þetta leikur einn.

## Kynnist jólunum í gamla daga

Á Árbæjarsafni er alltaf sérstök jóladagskrá á sunnudögum fyrir jól. Forvitnilegt og skemmtilegt fyrir bæði börn og fullorðna að kynnast jólum liðinna tíma. Hrekkjótír jólasveinar gægjast á glugga og kíkja í potta, börn og fullorðnir fönndra og syngja jólalög. Jólasveinar eru á vappinu milli 14 og 16 og dansað er í krinugm jólatréð á torginu klukkan 15.

## Byggið snjóhús

Notið snjóinn og búið til snjóhús. Það er verkefni sem allir í fjölskyldunni geta tekið þátt í, stórir sem smáir. Það er síðan kósi að sitja í snjóhúsinu með heitt súkkulaði og smákökur.



# SAFARÍKAR KLEMENTÍNUR

Náðu þér í kassa af gómsætum vítamínsprengjum



Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

Vaxtalaus jólareikningur Netgíró\*  
Þú borgar jólainnkaupin **1. febrúar 2016**

\*Þú borgar enga vexti en greiðir 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef upphæð er yfir 3.000 kr. annars 0 kr.) og lántökugjald 3,95%



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# Iceland



# Góðir siðir á aðventunni

Viktoría  
Hermannsdóttir  
viktoría@frettabladid.is

Margir halda upp á siði og venjur á aðventunni. Elda sama matinn, grafa upp gamalt skraut sem góðar minningar fylgja og halda fast í uppákomur með fjölskyldunni. Aðventan er tími minninga.

## Laufabrauðsgerð með fjölskyldunni

Salka Sól Eyfeld söngkona sker út laufabrauð.

„Aðalhefðin hjá mér fyrir jólin og það sem mér finnst líka skemmtilegast að gera með fjölskyldunni í desember er árleg laufabrauðsgerð,“ segir söngkonan Salka Sól Eyfeld. Hún segir laufabrauðsgerð með fjölskyldunni vera ómissandi adventuhefð en fyrir jól hittist um tuttugu fjölskyldumeðlimir og komi sér í hátíðarskap við laufabrauðsgerðina. „Frændfólk mitt kemur að norðan og við gerum laufabrauð í massavís og soðið brauð líka,“ segir hún. Laufabrauðið er skorid eftir kúnstarinnar reglum. „Við skerum laufabrauðið bæði með hjóli og handgert. Ég geri aldrei með hjóli, bara handgert og framleiði þess vegna ekki mikið,“ segir hún hlæjandi. „Svo er þessu deilt niður á alla og fólk borðar á jölnum.“



Sölu Sól finnst ómissandi að skera út laufabrauð með stórfjölskyldunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Skreytir grimmt og fer á jólatónleika

Manuela Ósk Harðardóttir fatahönnunarnemi.

„Undanfarið hefur skólastressið étið mig upp nánast alla aðventuna, en nú sér brátt fyrir endann á því,“ segir Manuela Ósk Harðardóttir fatahönnunarnemi. Undanfarin ár hafa jólaprófin í Listaháskólanum tekið mikið af tíma hennar í desember en hún lætur það ekki á sig fá og passar að skreyta allt hátt og lágt. „Aðventukransinn er mikilvægur – og alltaf smá athöfn að kveikja á næsta kerti. Ég er rosalega mikið jólabarn og skreyti húsið mitt grimmt. Það er svo skemmtilegt og börnin eru hjartanlega sammála mér þar. Reyndar skreyti ég ekki bara húsið, heldur nánast allt í kringum mig – sjálfa mig meðtalda!“ Jólatónleikar Baggalúts eru líka föst hefð hjá mér á aðventunni, laufabrauðsgerð og sörubakstur – og svo skótuveislan á Þorláksmessu.“



Manuela Ósk Harðardóttir skreytir ekki bara húsið, líka sjálfa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Áslaug Friðriksdóttir segir aðventuna hefjast úti á landi, mandarinurnar eru teknar með í bústaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Aðventan hefst í jólabústað

Áslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúi nýtur lífsins með fjölskyldunni í bústað.

„Ég elska aðventuna. Hún er frábær,“ segir Áslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúi. Aðventan hefst úti á landi. „Í mörg ár hefur aðventan hafist á því að fjölskyldan fer í „jólabústað“ með stórfjölskyldu mannsins míns. Þar er spilað, bakað og fönðrað, farið í göngutúra, heita pottinn og allt þar á milli. Yfirleitt eru fyrstu mandarinurnar með í för og alltaf alveg eðaljólalabborð í boði tengdó. Í kjölfarið eru allir komnir í jólaskapið,“ segir hún. Þegar heim er komið eru fjölskyldumeðlimir komnir í mikið

jólaskap. „Þetta leiðir auðvitað af sér að fyrstu skreytingarnar heima fara upp um leið og heim er komið. Á aðventunni eiga nokkrir mér nákomnir afmæli og því hafa tilheyrandi jólaafmælisboð sett mikinn svip á þennan tíma. Að öðru leyti reynum við að koma inn eins mörgum letistundum og hægt er. Að velja jólagjafir er líka stórskemmtilegt, við höfum yfirleitt safnað saman ýmsu dóti sem við eigum og höldum að einhverjir aðrir vilji frekar eiga, svo kaupum við ýmsa hluti sem okkur finnast

fagrir eða skemmtilegir. Við vitum ekkert hverjir eiga að fá þá fyrr en pakkað er inn rétt fyrir jól. En þá er mesta fjörið að tengja hlutina við fólk sem á að fá þá,“ segir hún.

Það er síðan fjölmennt á jölnum hjá Áslaugu. „Á aðfangadag erum við með fjölda manns í mat, bæði fjölskyldu og oft vini. Nú er svo komið að ekki er hægt að afgreidda pakka á hefðbundinn hátt, því opnum við þá reglulega frá því boðið hefst og á meðan á borðhaldi stendur. Góð aðferð til þess að njóta enn betur. Mikið hlakka ég til!“

## Fjölskyldan öll klæðist samstæðum jólanáttfötum

Karl Sigurðsson söngvari segir frá skemmtilegum hefðum um aðventu.

„Fyrir utan jólatónleika Baggalúts sem verða fyrirferðarmeiri með hverju árinu, þá snúast náttúrulega helstu hefðir um mat,“ segir Karl Sigurðsson Baggalútur með meiru sem hefur í nægu að snúast fyrir jólin. Vinsældir jólatónleika Baggalúts hafa aukist með hverju árinu en Karl á sér aðrar fastar hefðir en að syngja á jólatónleikum fyrir jólin. „Ég fer í laufabrauðsgerð hjá fjölskyldu Tobbu og er orðinn ansi lunkinn að steikja. Svo reyni ég að komast í skótu á Þorláksmessu og að hitta matarklúbbinn minn í hádegismat þriðja í jölnum.“

Hann þarf ekki að stressa sig á jóla-innkaupunum í ár. „Í desember er svo málið að njóta þess að vera búinn að öllu, þ.e. að njóta þess að Tobba er búin að fara til Boston í nóvember og klára öll jólagjafainnkaupin fyrir okkur. Eftir síðustu ferð varð reyndar til ný hefð sem snýst um að fjölskyldan fær samstæð jólanáttföt. Sjáum hvort sú hefð lifir ekki bara áfram næstu árin.“



Karl Sigurðsson tónlistarmaður heldur stóra tónleika á ári hverju með Baggalút. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


„Þessi bók er veisla“

Vigdís Grimsdóttir



sögur  
DOTTIR






„Kristín Helga er frábær sögumaður ... Feiknaveit skrifuð saga kvenna á tuttugustu öld og fram á þá tuttugustu og fyrstu, mikilvægt innlegg í kvennasögu, bæði skemmtileg og fróðleg.“

Brynhildur Björnsdóttir / Fréttablaðið



**EF MAÐUR GERIR LITLAR  
BYLTINGAR ALLA DAGA ÞÁ  
HREYFIST VERÖLDIN MEÐ  
MANNI ÞANGAÐ SEM  
FÖRINNI ER HEITIÐ.**

Litlar byltingar er kröftug og áhrifamikil saga tíu kvenna sem eiga sér drauma um betri daga.







**1.498**  
kr. kg

Bónus Beikon



**598**  
kr. kg

Ali Grísabógur, ferskur



**2.998**  
kr. kg

Íslandsnaut Piparsteik  
Ungnautasteik, fersk

**VISTVÆN BRÚNEGG**



**598**  
kr. 816 g

Stjörnu Brúnegg  
12 stór egg, 816 g  
Verð áður 698 kr.

**12**  
egg



**698**  
kr. pk

Coke kippa  
4x1,5 l



**198**  
kr. saman

Coke og Prince  
250 ml og 50 g

**NÝBAKAÐ!**



**198**  
kr. stk.

Bónus Ostaslaufa  
120 g

**NÝBAKAÐ!**



**298**  
kr. stk.

Bónus Normalbrauð  
650 g



**Ný uppskera  
beint frá Spáni**



**229**  
kr. kg

Appelsínur  
Beint frá Spáni



**298**  
kr. 125 g

Lambhaga Bónusblanda  
125 g



**298**  
kr. 125 g

Lambhaga Spínat  
125 g

Ný uppskera  
**1,36 kg**



**459**  
kr. pk.

Jólaepli  
Amerísk, lítil, 1,36 kg

**ORKUGJAFI Í DESEMBER**



**349**  
kr. 250 g

Bónus Fetaostur  
250 g, 2 teg.



**159**  
kr. 200 g

Bónus Sýrður rjómi  
10%, 200 g



**298**  
kr. stk.

fróosh  
fruit: bottled

Froosh safar  
8 tegundir, 250 ml





# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



**ENDINGARGÓÐAR  
SOKKABUXUR**

**798**  
kr. stk.

**Doppiofilo 22 den**  
Endingargóðar, gegnsærar 22 den, mjúkar sokkabuxur með fallegri áferð, nude og svartar. Strengurinn er breiður og þægilegur, rúllar ekki niður.



**ÞEKJANDI OG  
ÞÆGILEGAR**

**998**  
kr. stk.

**Doppiofilo 70 den**  
Endingargóðar, þekjandi 70 den svartar, mjúkar sokkabuxur með fallegri áferð, nude og svartar. Strengurinn er breiður og þægilegur, rúllar ekki niður.



**1.198**  
kr. stk.

**Hiver 70 den**  
Endingargóðar, þekjandi svartar 70 den sokkabuxur. Með mjög góðum teygjanleika úr prívíddartækni og skrefbót úr bómull.

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS!



**Ósteikt**

**1.379**  
kr. pk.

**Ömmubakstur Laufabrauð**  
Tilbúið deig í 20 laufabrauð



**Ósteikt**

**1.398**  
kr. pk.

**Kristjáns Laufabrauð**  
Tilbúið deig í 20 laufabrauð



**JÓLASVEINAR  
ATHUGIÐ!**

**198**  
kr. stk.

**PEZ karlar**  
3 áfyllingar



**179**  
kr. stk.

**Kinder Egg, 1 stk.**



**2,5**  
kg

**1.798**  
kr. 2,5 kg

**Kristjáns Steikingarfeiti**  
2,5 kg



**298**  
kr. 10 m

**Jólapappír**  
70 cm breidd, 10 m

**10**  
metrar



**LÝSUM-UPP  
SKAMMDEGIÐ**

**198**  
kr. 2 stk.

**Útikerti**  
2 stk.



**159**  
kr. stk.

**Leiðiskerti**  
Með loki, 36 klst.



**259**  
kr. stk.

**Kubbakerti**  
Hvítt eða rautt  
12x6 cm



**275**  
kr. stk.

**Kubbakerti**  
Hvítt eða rautt  
12x7 cm



**349**  
kr. stk.

**Bic Kveikjari**  
Stór



# BONUS EKKERT BRUÐL

Opunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



## Schengen-svæðið

### Aðild að ESB og Schengen

Austurríki  
Belgía  
Danmörk  
Eistland  
Finnland  
Frakkland  
Grikkland  
Holland  
Ítalía  
Lettland  
Litháen  
Lúxemborg  
Malta

Portúgal  
Pólland  
Slóvakía  
Slóvenía  
Spánn  
Svíþjóð  
Tékkland  
Ungverjaland  
Þýskaland

Aðild að ESB en ekki með í Schengen  
Bretland  
Írland



### Aðild að Schengen en utan ESB

Ísland  
Noregur  
Sviss  
Liechtenstein

### Aðild að ESB og væntanleg að Schengen

Króatía  
Rúmenía  
Búlgaría  
Kýpur



## Þrjátíu ár frá undirritun í Lúxemborg

Sumarið 1985 var Schengen-samkomulagið undirritað í Lúxemborg, nánar tiltekið um borð í Mósselferjunni Princesse Marie-Astrid sem lá við bryggju í smábænum Schengen.

Samkomulagið undirrituðu fulltrúar fimm landa: Frakklands, Þýskalands og Benelux-landanna þriggja; Belgíu, Hollands og Lúxemborgar.

Samkomulagið fól í sér að landamæraeftirlit milli þessara fimm landa yrði smám saman lagt niður.

Fimm árum síðar gerðu þessi lönd með sér ítarlegan sáttmála, þar sem fyrirkomulag Schengen-svæðisins er útfært nánar.

Schengen-sáttmálinn tók síðan gildi árið 1995. Næstu árin bættust fleiri ríki í hópinn og árið 1999 var Schengen-sáttmálinn tekinn inn í

lögjög Evrópusambandsins. Það var svo árið 2001 sem Norðurlöndin öll gengu á einu bretti í Schengen-samstarfið, en Norðurlöndin höfðu haft með sér vegabréfasamband áratugum saman.

Nú eru aðildarlönd Schengen-samstarfsins 26 talsins. Þar eru innifalin 22 af 28 aðildarlöndum Evrópusambandsins ásamt Íslandi, Noregi, Sviss og Liechtenstein.

Með tímanum munu svo fjögur ný Evrópusambandslönd, Búlgaría, Króatía, Kýpur og Rúmenía, bæstast við.

Bretland og Írland standa utan við Schengen-samstarfið að mestu og sinna eigin landamæraeftirliti, en hafa þó samið um að taka að hluta þátt í samstarfinu, einkum á sviði lögreglu- og dómsmála.

# Schengen í uppnámi

Flóttamannastraumur til Evrópu og ótti við hryðjuverk hafa orðið til þess að reglur Schengen-ríkjanna eru til endurskoðunar.

Guðsteinn Bjarnason  
gudsteinn@frettabladid.is



Schengen-samstarf Evrópuríkjanna hefur verið í nokkru uppnámi undanfarið, eftir að flóttamenn tóku að streyma í stríðum straumum frá Sýrlandi og fleiri hrjádum löndum.

Ekki bættu vöðaverkin í París fyrir nokkrum vikum úr skák.

Þeim röddum fjölgar sem segja nauðsynlegt að taka upp innra landamæraeftirlit á Schengen-svæðinu.

Strax í lok sumars varaði Angela Merkel Þýskalandskanslari við því að Schengen-samstarfið væri í uppnámi vegna flóttamannastraumsins, en þá reiknuðu þjóðverjar með því að taka við 800 þúsund flóttamönnum á þessu ári. Nú er talið að fjöldi þeirra sé kominn yfir milljón.

### Myndi þýða endalok Schengen

François Hollande Frakklandsforseti hefur sömuleiðis varað við því að Schengen-samstarfið geti verið í uppnámi, ef ekki tekst að finna leið til að tryggja ytri landamæri Schengen-svæðisins: „Við munum þurfa að setja aftur upp landamæraeftirlit og eftirlit,“ sagði hann í september, „og það mun þýða endalok Schengen í þeim

skilningi að það sé svæði sem lýtur ákveðnum reglum en tryggir um leið ferðafrelsi.“

Ungverjaland hefur nú þegar lokað landamærum sínum að Serbíu og Króatíu.

Austurríki hefur tekið upp eftirlit við landamæri Ungverjaland og Þýskaland hefur tekið upp eftirlit við landamæri Austurríkis.

Þá hafa bæði Svíþjóð og Noregur tekið upp landamæraeftirlit með fólki sem kemur frá Danmörku.


Loks tóku Frakkar upp eftirlit með landamærunum að Belgíu eftir að hópur öfgamanna myrti 130 manns í París 13. nóvember síðastliðinn.

### Tímabundið afnám ferðafrelsis

Það var svo nú í vikunni sem dómsmálaráðherrar Evrópusambandsríkjanna komu saman í Brussel til að ræða tillögu um að veita ríkjum tímabundna heimild til að setja upp landamæraeftirlit til tveggja ára.

Í reglum Schengen-svæðisins er nú þegar heimild til þess að vera með innra landamæraeftirlit í allt að sex mánuði, ef óhjákvæmilegt þykir.

Í aðdraganda fundarins í Brussel hafa þau aðildarríki sem nú þegar hafa tekið upp landamæraeftirlit í einhverri mynd, verið sérstaklega gagnrýnd fyrir að upplýsa ekki önnur Schengen-ríki



# 53

ÞÚSUND KÍLÓMETRAR ERU YTRI LANDAMÆRI SCHENGEN-SVÆÐISINS



## Samstarf Schengen-ríkjanna

Schengen-samstarfið gengur annars vegar út á frjálsa för fólks yfir landamæri milli ríkja innan svæðisins, hins vegar náið samstarf ríkjanna í lögreglu- og dómsmálum ásamt því að skiptast á upplýsingum um einstaklinga, stolna muni og annað sem yfirvöld gætu þurft að hafa afskipti af.

Á sviði lögreglumála snýst samstarfið meðal annars um leit að grunudóm einstaklingum og eftirlit með fólki í öðrum löndum.

Á sviði dómsmála snýst samstarfið meðal annars um að hraða brottvísun einstaklinga úr landi og heimildir til fullnustu dóma í öðrum löndum.

Upplýsingakerfi Schengen er lykilþáttur í þessu samstarfi öllu. Þar eru skráðar viðvaranir og hvers konar hættumerki tengd tilteknum einstaklingum, farartækjum, skotvopnum, skilríkjum, peningaseðlum og verðbréfum sem lögregluvirköld geta þurft vitneskju um.

Hér á landi er það embætti ríkislögreglustjóra sem sér um rekstur og ber ábyrgð á upplýsingakerfinu.

Aðgang að upplýsingunum hafa ríkissaksóknari, lögreglan, útlendingastofnun og samgöngustofa, auk þess sem tollgæslan, landhelgisgæslan og innanríkisráðuneytið geta óskað eftir upplýsingum úr kerfinu.

Aðganginn má þó einungis virkja þegar starfsmenn þessara stofnana þurfa nauðsynlega á honum að halda til að geta sinnt starfi sínu.



VIÐ MUNUM ÞURFA AÐ SETJA AFTUR UPP

LANDAMÆRASTÖÐVAR OG EFTIRLIT OG ÞAÐ MUN ÞÝÐA ENDALOK SCHENGEN.

François Hollande, Frakklandsforseti

nægilega vel um fyrirætlanir sínar: „Þetta hefur torvelað nágrannaríkjum þeirra mjög að búa sig undir breytingar á ferðaleiðum flóttafólks,“ segir í rökstuðningi með drögum að breytingum á Schengen-sáttmálanum sem lögð voru fyrir fundinn í Brussel.

Í reynd þýðir þetta að Evrópusambandið geri að engu, að minnsta kosti tímabundið, það grundvallaratriði Schengen-svæðisins að fólk geti ferðast á milli landa innan þess án þess að framvísa vegabréfum á landamærum.

### Mæðir mest á Grikklandi og Ítalíu

Flóttamannastraumurinn til Evrópu frá Mið-Austurlöndum og norðanverðri Afríku hefur verið í hámarki þetta árið, svo annað eins hefur ekki sést áratugum saman.

Mest hefur þetta mætt á Grikklandi og Ítalíu, enda koma flóttamennirnir fyrst þangað, en flestir hafa síðan reynt að komast til Þýskalands og Svíþjóðar.

Samkvæmt Dyflinnarreglugerð Schengen-svæðisins er ætlast til þess að þau ríki sem flóttafólki kemur fyrst til afgreiði mál þeirra. Þetta hefur hins vegar engan veginn gengið upp vegna þess að hvorki Ítalía né Grikkland, og allra síst þó Grikkland, hafa fjárhagslega burði til þess að ráða við þetta verkefni.

### Grikkjum hótað en Tyrkjum boðið fé

Grikkir hafa verið gagnrýndir fyrir að þiggja ekki boð annarra Evrópusambandsríkja um aðstoð. Nú er jafnvel svo komið að ráðamenn sumra ESB-ríkja hóta því að reka þurfi Grikkland úr Schengen-svæðinu.

Á hinn bóginn hefur Evrópusambandið lofað Tyrkjum peningum fyrir að halda flóttafólki innan landamæra sinna, þannig að færri fari vestur eða norður yfir landamærin til aðildarríkja Evrópusambandsins.

Tyrkir eru að einhverju marki þegar byrjaðir að stöðva flóttafólk á landamærunum, þótt peningarnir frá Evrópusambandinu hafi reyndar frekar verið hugsaðir til þess að bæta hag flóttafólks í Tyrklandi með það í huga að það geti hugsað sér að doka þar við áfram.



# JÓLAGJAFIRNAR FÁST Í A4

**25%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
SPILUM OG  
PÚSLUM\***

**3.-7.  
DESEMBER**

**BINGÓ  
50%  
AFSLÁTTUR**



\*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir meðan birgðir endast. Vöruval er mismunandi eftir verslunum.

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi

www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](#) [Pinterest.com/A4fondur](#) og [instagram.com/a4verslanir](#)

# A4



# Spennusagan Dimma er fallegasta bókarkápa ársins 2015

Það ætti auðvitað ekki að dæma bókina eftir kápunni en engu að síður skiptir bókarkápa miklu máli, getur vakið áhuga og skapað réttu stemninguna. Hér hefur sveit álitsgjafa tekið að sér að skoða úrvalið og skutla í álit á þeim fallegustu og bestu árið 2015. Allt er þetta til gamans gert og segir auðvitað ekkert um gæði viðkomandi bóka.

## Fallegasta bókarkápan 2015




### 1. sæti

Dimma, spennusaga eftir Ragnar Jónasson sem er rísandi stjarna í glæpasagnaheiminum. Kápan er eftir Ragnar Helga Ólafsson sem hefur hannað fjöldann allan af frábærum bókarkápum í gegnum tíðina.

●● *Mjög vel heppnuð og töff. Það er einhver mystik í letrinu sem lýsir titlinum svo vel. Þessi finnst mér best og rétt á undan Leiðin úti heim. Flott týpografía en útgefandi hefði alveg getað sleppt því að troða þessum texta inn á sem er gjörsamlega ofaukið.*

●● *Hrein og afdráttarlaus og hæfir efninu fullkomlega. Kemur ekki á óvart að þessi er eftir besta kápuhönnuð landsins.*


●● *Eitthvað svo seiðandi og spennandi kápa en samt svo einföld.*



### 2. sæti

Eitthvað á stærð við alheiminn, seinni hluti ættarsögunnar eftir Jón Kalman Stefánsson. Ragnar Helgi Ólafsson hönnuður tekur tvö efstu sætin.

●● *Dulúðug og seiðandi mynd sem gerir mig forvitna. Leturval og framsetning vel samsett og falleg heild. Fallegt, ljóðrænt í stíl við það sem hann hefur verið að gera.*



### 3. sæti

Týnd í paradís eftir Mikael Torfason. Kápa eftir myndlistarmanninn Jón Óskar. Eina kápan sem flaug inn á lista yfir bestu og verstu kápunar.

●● *Verk eftir Jón Óskar! Svalasta myndlistarmanninn í bransanum. Þetta er engin samkeppni. Verkið er retró og hæfir efninu vel.*

## Ljótasta bókarkápan 2015


### 1. sæti

Inn í myrkrið eftir Ágúst Borgþór Sverrisson. Kápuhönnun eftir Pétur R. Pétursson.

●● *Hún stendur ekki út úr. Þreytt og umbrotið er einhvern veginn þannig að „Inn í“ sést ekki, heldur bara „myrkrið“ og þá verður þetta eins og bók eftir Stefán Mána; Myrkrið, Húsið, Nautið, Slátrið, Skipið...*

●● *Sumar eru ekkert endilega ljótar, smekkur manna er misjafn. Nokkrar bókakápur eru leystar með svo einföldum hætti að þær gefa of lítið uppi. Sem dæmi má nefna Myrkur Ágústis Borgþórssonar.*

●● *Æ, hef ég ekki séð þetta 1.000 sinnum áður?*





### 2. sæti

Stóri skjálfti eftir Auður Jónsdóttir. Kápuhönnun Lubbi slf.

●● *Alveg ótrúlega tilprifalítil kápa, þurr og leiðinleg. Eins og hönnuðurinn hafi ekki nennt þessu. Og ef hönnuðurinn nennir ekki að hanna kápu af hverju ætti maður að nenna að lesa? Auður ætti að hundskamma útgáfuna fyrir hörmuleg vinnubrögð.*

●● *Það eru svo miklir vannýttir möguleikar í þessari kápu. Þarna gæti verið stórskemmtilegur leikur við titilinn en er aftur á móti mjög óspennandi og þínu eins og þetta sé uppkast sem eigi eftir að klára.*



### 3. sæti

Týnd í Paradís eftir Mikael Torfason. Kápa eftir myndlistarmanninn Jón Óskar.

●● *Þessi fellur algjörlega á leturmedferðinni. Eins og myndskreytingin er skemmtileg og örugglega lýsandi fyrir innihaldið þá er þessi leturgerð eins og fyrir gamla kúrekamynd og er bara ekki að virka.*

●● *Þó að ég elski Jón Óskar og flest hans verk, þá er þetta letur það ljótasta sem ég hef séð.*

## Komu talsvert til umræðu

### Blýengill

●● *Fallegust er Blýengillinn, þó að ég viti ekki einu sinni um hvað sú bók fjallar.*


●● *Fislétt og falleg.*



### Nautið


●● *Er þetta mat-seðill?*

●● *Landssamband nautgriparæktenda smelti í flotta ársskýrslu.*



### Egilssögur

●● *Egill Ólafs í myndum sem Jón forseti, prestur, spilverkari, flagari og þurs, alvöru ljósmyndir en ekki eitthvert leiðinda grafískt kenderi.*



### Leiðin út í heim

●● *Hrifinn af þessari, fær topppeinkunn.*

●● *Einföld, skemmtileg og öllu snúid á hvolf.*



## Álitsgjafar Fréttablaðsins

**Hildur Sigurðardóttir**  
grafískur hönnuður

**Hilmar Þorsteinn Hilmarsson**  
grafískur hönnuður

**Jakob Bjarnar Grétarsson**  
blaðamaður

**Jón Kaldal**  
ritstjóri

**Margeir Gunnar Sigurðsson**  
bóksali

**Kristjana Guðbrandsdóttir**  
blaðamaður

**Ólöf Birna Garðarsdóttir**  
grafískur hönnuður

**Ólöf Skaftadóttir**  
blaðamaður

**Þorsteinn Joð Vilhjálmsson**  
kvikmyndagerðarmaður




nettó

# TILBOÐ Á JÓLABÓKUM Í NETTÓ

GILDIR 5.-6. DESEMBER


AÐEINS  
4.549 KR



VERÐ: 4.689 KR



VERÐ: 2.969 KR




VERÐ: 2.679 KR



VERÐ: 4.689 KR



VERÐ: 3.349 KR



VERÐ: 4.689 KR



VERÐ: 4.689 KR



VERÐ: 4.689 KR



VERÐ: 4.689 KR

nettó

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í NETTÓ GRANDA OG NETTÓ MJÓDD

Mjódd · Grandi · Salavegur · Búðakór · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.



# Blóðið í jörðinni við Panipat

## Flækjusaga

**Illugi Jökulsson** fjallar um tvær orrustur á Indlandi í sinni síðustu flækju-sögugrein.



Það búa svo margir á Indlandi að borgin Panipat telst bara vera smáborg, hún er raunar í 151sta sæti yfir indverskar borgir að mannfjölda. Samt búa þar þrjú hundruð þúsund manns, nærri jafn margir og Íslendingar allir. Þetta er lágreist borg sem upphaflega óx upp í kringum blómlegan teppaðnað en þjónar einnig frjósömu landbúnaðarhéraði þar um kring. Afurðir eru flestar fluttar suður á bóginn til ferlíkisins Nýju Dehlí, höfuðborgar Indlands, ellefu milljón manna skrimslis sem er í hundruð kílómetra fjarlægð frá Panipat. Eina hundruð og tuttugu kílómetra í norðaustri ber Himalaja-fjöll við himin. Rætur fjallanna eru álíka langt frá Panipat og Hvolsvöllur er frá Reykjavík.

### Örlagaríkastu orrusturnar

Og hví er ég að eyða tíma í að segja hér frá borginni Panipat? Jú, svo vill til að við þessa kyrrlátu borg, þar sem yfirleitt ber fátt til tíðinda, þar hafa verið háðar tvær af sögulegustu orrustum á Indlandi, gríðarlegir bardagar sem réðu málum á svæðinu í áratugi og aldri á eftir, en það er til marks um hve lítið við á Vesturlöndum vitum um sögu Indlands að í bókum sem við skrifuðum um „örlagaríkastu orrustur sögunnar“ þar er aldrei minnst orðið á orrusturnar við Panipat.

Sú fyrri var háð árið 1526. Þá hafði hreiðað um sig í borginni fimmtán þúsund manna innrásarher norðan úr Mið-Asíu, hann laut stjórn manns sem yfirleitt er kallaður Babúr og var mongólaskrar ættar, fæddur í hinum fagra Fergana-dal sem nú tilheyrir Úsbekistan, Kyrgistan og Tadjikistan. Babúr taldi sig afkomanda hins mikla Tímúrs sem hafði lagt undir sig Mið-Asíu og Miðausturlönd laust fyrir aldamótin 1400, og hann var ráðinn í að feta í fótspor hans. Hann kom sér upp öflugum her en var þó að lokum hrakinn frá Mið-Asíu af bandalagi fénda sinna, og ákvað þá að leita fyrir sér suður á Indlandi. Indland skiptist þá í nokkur sjálfstæð smáríki – ef smáríki er þá rétta orðið um landflæmi sem flest voru bæði viðáttumeiri og mun fjölmennari en stærstu ríki Evrópu, svo dæmi sé tekið – en í Indusdal og í norðurhluta Indlands, þar á meðal í Dehlí, hafði ríki Lodí-ættarinnar verið við lýði í sjötíu ár. Lodíarnir röktu ættir sínar til Afganistan og voru múslimar.

Babúr lagði nú allt undir þegar hann einsetti sér að knésetja Lodí-ríkið með einu hnitmiðudu höggi. Hann leiddi her sinn yfir afgönsku fjöllin og til Panipat og beið þar eftir gagnárás Ibrahim Lodi soldáns sem þótti djarfur herforingi en kannski helstil ópólinmóður.

### Filar og fallbyssur

Og Lodí mætti frá Dehlí til Panipat þann 21. apríl 1526 og hafði þrisvar sinnum fjölmennari her en Babúr frá Fergana, og skal sér í lagi vakin athygli á að Lodí tefldi fram allt að þúsund stríðsfilum, rétt eins

## /// Ríki Afgana þegar stærst var



### Æ FLEIRI DEMANTAR SÖFNUÐUST Í KÓRÓNUR MÓGÚLANNA EN ÞRÓTTUR OG FRUMKVÆÐI Í RÍKINU FÓR MINNKANDI. STÖÐNUNAR FÓR AÐ VERÐA VART.

og tíðkast hafði í indverskum herjum allt frá því Indverjar vörðust Alexander mikla nærri t vö þúsund árum áður. En Babúr átti heldur betur svar við filunum, því hann beitti stórskotaliði og byssuskyttum með framhlaðninga í meiri og markvissari mæli en nokkurn tíma hafði áður sést í veröldinni. Þarna í upphafi sextándu aldar hafði Evrópa nefnilega alls ekki neina frumkvæðni eða forystu í hernaðartækni; ekkert Evrópuríki átti um þær mundir byssuveitir sem hefðu staðist skyttum Babúrs snúning. Og þá ekki lengur Lodí eða filar hans, og fljótlega eftir að orrustan hófst við Panipat brast flótti í lið Dehlí-manna og riddaralið Babúrs rak svo flóttann og brytjaði niður skelfingu lostna dátana á flóttanum. Meðal þeirra er féllu var Ibrahim Lodi sjálfur og var nú ættarríkið á svipstundu úr sögunni.

Með þessari einu orrustu við

Panipat gerbreyttist saga svæðisins. Babúr varð fyrsti keisari í veldi Mógúla sem náði brátt yfir mest allt hið mikla flæmi Indlands og kallast í munni fólks Mógúla-ríkið. Eru af því stórfenglegar sögur og var veldi Mógúla áreiðanlega hið öflugasta í sögunni á sautjándu öld og hefðu öflugustu Evrópuríkin ekki átt séns í stórskotalið Mógúla-keisaranna þegar her þeirra var öflugastur.

Á átjándu öldinni fór hins vegar allt að breytast. Æ fleiri demantar söfnuðust í kórónur Mógúlanna en þróttur og frumkvæði í ríkinu fóru minnkandi. Stöðnunur fór að verða vart. Á sama tíma óx þróttur Evrópuríkja í kjölfar aukinna siglinga og uppgangs kapítalismans sem sleppti margvíslegum kvikindum lausum, bæði til góðs og illis. Alla öldina sljákkaði í hinum múslimsku Mógúlum en nýtt veldi hindúa teygði sig æ lengra út frá upphafsstöðvum í Maratha á miðju Indlandi. Svo var komið um miðja átjándu öld að keisarar Mógúla í Dehlí voru ekki annað en demantsskreyttar silkihúfur en leiðtogar Maratha fóru í raun með stjórnina. Framgang sinn áttu þeir að hluta til að þakka andstöðunni við útlendinga sem voru farnir að krækja í æ fleiri spildur við sjóinn og langt fram á öldinni voru Maratha-menn engir eftirbátar Engendinga í sjóhernaði.

### Allt í handaskolum

En einmitt þegar segja má að Indverjar hafi þurft mest á öflugu og samstæðu Maratha-veldi að halda til að sporna gegn ásælni útlendinga, þá fór allt í handaskolum. Eins og ég sagði frá í flækjusögu fyrir hálfum mánuði reis nánast upp úr þurru nýtt herskatt stríðsveldi í Afganistan upp úr miðri

átjándu öld undir forystu Ahmad Shah Durrani og 14. janúar 1761 stefndi hann herjum sínum til úrslitaorrustu gegn Maratha-ríkinu, og líkt og fyrir 235 árum var enn barist við Panipat norður af Dehlí.

Og þetta varð engin smáræðis orrusta. Kannski hafði annar eins mannföldi aldrei áður tekist á á einum degi í sögunni. Hátt í tvö hundruð þúsund börðust daglangt á frjósömu flatlendinu kringum Panipat. Foringi Maratha-manna hafði verið tregur til að leggja til orrustu en menn hans grátbáðu um að fá að berjast. Hinn afganski her Durrans hafði rofið birgðaleiðir Maratha-manna mánuði fyrir og þeir voru að deya úr hungri; þá töldu þeir skárna að berjast og verða vopndaðir.

Og vissulega varð ótrúlega mörgum þeirra að ósk sinni. Eftir hræðilega stórskotahrið og hjaðningavíg fótgönguliðs réði riddaralið Afgana að lokum úrslitum og flótti brast á lið Maratha-manna. Allt að áttatíu þúsund féllu í orrustunni sjálfri en eftir að henni lauk tóku við ægileg fjöldamorð. Stríðsfangar af trú hindúa sem höfðu gefist upp voru hlekkjaðir og síðan afhausaðir í tugþúsundatali. Margir þeirra fengu vatnssopa og lúku af hrisgrjónum áður en þeim var slátrað, líklega átti það að vera til merkis um miskunnsemi. Hermenn Afgana gengu svo berserksgang inni í borginni Panipat, börn allt niður í fjórtán ára voru háshöggvin fyrir framan foreldra sína, konum var nauðgað í þúsundatali og ótal margar steyptu sér í brunna eða gengu með öðrum hætti fyrir ætternisstapa til að sleppa við þau örlög. Breskur blaðamaður sem horfði upp á blóðbadið giskaði á

að rúmlega sjötíu þúsund manns hefðu týnt lífi í fjöldamorðum eftir orrustuna, það er eins og nálega hver einasti kjaftur á troðfullum fótoltavellinum Old Trafford. Og tuttugu og tvö þúsund konur og börn voru svo reidd í þrældóm til Afganistan í bambusbúrum, og þarf vart að orðlengja að á leiðinni þangað norður í fjöllin hafa ótal margir hinna verðandi þræla látið lífið.

Ahman Shah Durrani sem orti fögur ástarljóð í fristundum lét sér þetta vel líka. Og hér vitum við fátt um þennan hrylling.

### Lexía Breta og Rússa

Á endanum þornaði blóðið í moldinni við Panipat eða seig niður í svörðinn. Þessi seinni orrusta varð afdrifarík ekki síður en sú fyrri. Hið öfluga ríki Durrans í fjöllum í Afganistan varð að vísu ekki langlíft og hörfaði fljótlega frá Indlandi. En Maratha-ríkinu hafði verið greitt þungt högg og þaðan í frá var ekkert ríki á Indlandi þess umkomið að sporna gegn innrásum Breta sem færðu sig æ meira upp á skaftið uns þeir réðu öllu Indlandi um miðja nítjándu öld.

En Bretar þóttust líka hafa sína lexíu að læra af orrustunum við Panipat. Þótt þeir næðu Indlandi gleymdu þeir ekki sögunni – innrásarherjunum tveim sem komið höfðu norðan úr afgönsku fjöllumunum og sótt í átt til Dehlí og varnarlinan við Panipat hafði brugðist í bæði skiptin. Og ekki sist þess vegna gátu Bretar ekki látið Afganistan í friði á nítjándu öld, þaðan töldu þeir illt von á hverri stundu. Og Rússar, sem brutu undir sig Mið-Asíu á nítjándu öld, höfðu líka tekið eftir því að um fjalladalina í Afganistan var leið suður til Indlands.



H7



kr. 72.000

# JÓLAGJÖFIN Í ÁR

Tær og einstakur hljómur með BANG OG OLUFSEN.

BANG & OLUFSEN

**ORMSSON**

Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800





# TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,


## Hildigunnur Halldórsdóttir

Laugarnesvegi 89, áður til heimilis að Hagamel 26,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 28. nóvember, verður jarðsöngin frá Áskirkju þriðjudaginn 8. desember kl. 13.00.

Hjördís Sigrún Pálsdóttir  
Þorgerður Pálsdóttir  
Bentína Unnur Pálsdóttir

Björgúlfur Pétursson  
Guðmundur K. Marinósson  
Kristinn Á. Halldórsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Sonur minn,

## Stefán Júlíus Arthússon

lést á líknardeild Landspítalans 23. nóvember síðastliðinn. Útför hans hefur farið fram í kyrrbey.

Fyrir hönd systkina og annarra aðstandenda,

Arthúr Sveinsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Guðbjörg Krístrún Guðmundsdóttir Roesel

sem andaðist á Landspítalanum í Fossvogi 19. nóvember, verður jarðsöngin frá Háteigskirkju föstudaginn 11. desember kl. 13.00.

Roy Richard Roesel Jr.

Tamara Lisa Roesel  
Nanna B. Benediktz  
Helgi Þór Guðmundsson  
Birgir Hlynur Guðmundsson og barnabarnabörn.

Michele Trappella  
Guðmundur B. Stefánsson  
Kirstin Dóra Árnadóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

## Sigurður Kristófer Óskarsson

Dalbaut 16, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 29. nóvember á Hrafnistu í Reykjavík, verður jarðsöngin frá Háteigskirkju miðvikudaginn 9. desember kl. 13.00.

Sigríður F. Guðmundsdóttir

Hafdis Ósk Sigurðardóttir  
Linda Ósk Sigurðardóttir  
Brynjar Jakobsson  
Helgi Gunnarsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Jón G. Bjarnason

## Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



Eyvindur P. Eiríksson hefur gengið í hin ýmsu störf en lengst af hefur hann sinnt kennslu.

## Nýmóðins málfræðingur sem ferðast hefur víða

Rithöfundurinn Eyvindur Pétur Eiríksson er heiðraður í dag í tilefni af áttæðisafmæli hans. Eftir hann liggja um fjörtíu einstök verk en skrifin urðu hans aðalstarf árið 1990.

Efnt verður til málstefnu í Norræna húsinu um verk og feril rithöfundarins Eyvindar Péturs Eiríkssonar í tilefni af áttæðisafmæli hans. Í kvöld verður fagnað á Sólun, þar sem fjöldi manns kemur fram. Eftir Eyvind liggja fjölmörg verk; skáldsögur, ljóðabækur, leikrit og fleira. Hann hefur ferðast mikið vegna listarinnar og búið víða. Hann hefur gengið í ýmis störf, þótt hann hafi lengstum sinnt kennslu. Hann er hörkutól og er á meðal þeirra síðustu sem ólust upp á Ströndum og Hornströndum.

### Gaman að líta til baka

„Já, það er afskaplega gaman að líta til baka og sjá þennan fjölda verka sem liggur eftir mann. Allt í allt eru þetta um fjörtíu einstök verk,“ segir Eyvindur þegar blaðamaður innir hann eftir hversu mörg verk liggja eftir hann. Eyvindur er skarpur og á nóg af sögum af viðburðaríkri ævi. Sögur sem ekki rúmast í einni bládagrein. Sögur um ferðalög, hvort sem það eru ferðir um Sovétríkin á sjöunda áratug síðustu aldar eða heimsókn til frumbyggja byggða Kanada fyrir um þrjátíu árum.

„Ætli ég megi ekki teljast svolítið duglegur,“ segir hann og heldur áfram: „Sérstaklega þar sem skrifin verða ekki að mínu aðalstarfi fyrr en ég kem heim frá Danmörku og Finnlandi í kringum 1990.“

### Stoltur af börnunum

Eyvindur er ekki síst þekktur fyrir afsprengi sín, sem hafa haft áhrif á íslenska menningu, en hann á fjögur börn. „Ég er ótrúlega stoltur af börnunum mínum. Ég á dótturina Rósu sem er mikil dugnaðarkona. Síðan á ég þrjá syni, Eiríkur er tölvunarfræðingur búsettur í Danmörku og svo búa þeir Eyjólfur og Erpur hér á landi.“ Þeir tveir síðastnefndu eru auðvitað þekktir fyrir framlag sitt til íslenskrar rappmenningar.

„Eyjólfur er frumkvöðullinn í þessu. Það verður bara að segjast eins og er að Erpur lærdi af honum, Eyjólfur dró hann inn í þetta. En Erpur er „slagfærdig“ eins og sagt er,“ útskýrir hann og hlær.

### Málfræðingur af nýja skólanum

Eyvindur er stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri. Hann er með BA-gráðu frá Háskóla Íslands í dönsku og ensku, ásamt kennslufræði. Síðar nam hann íslensku og finnsku og er cand.mag. í íslenskri málfræði. Í ljósi menntunar sinnar segist hann oft hafa fengið spurninguna um slettur sona sinna í rappinu. „Ég er málfræðingur af nýja skólanum. Ég tel að það sé ekkert að því að við notum tökuorð yfir hugtök sem voru kannski ekki áður til. Mestu máli skiptir að grunnhugsunin sé á íslensku. Móðurmálið stendur okkur svo nærri og tungumálið er svo flókið kerfi, svo samfífið okkar grunni. Móðurtungan er dýpst og sterkust í okkur. Þegar litil mál deyja, þá deyja menningarheimar. Þannig að þegar menn hætta að hugsa á sínu



Erpur Eyvindarson er sonur Eyvindar en auk hans á hann Rósu, Eirík og Eyjólf.

móðurmáli, skapast hætta,“ segir Eyvindur. Hann rifjar upp tíma þegar hann dvaldi á meðal frumbyggja í Kanada. „Þar vorum við með túlka sem skildu ekki tungumálið sem ömmur þeirra og afar töluðu. Þetta voru krakkar sem höfðu lært ensku og skildu nútímasamfélagið, en eldri kynslóðirnar töluðu bjagaða ensku, en tjáðu sig á sínu eigin tungumáli.“

### Verðlaunaður

Eyvindur hefur unnið til nokkurra verðlauna fyrir verk sín, meðal annars Laxness-verðlaunin. Hann hefur einnig verið tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Í kvöld verður hluti verkanna fluttur af ýmsum listamönnum. Meðal þeirra sem koma fram eru Vilborg Dagbjartsdóttir, Egill Ólafsson, Steindór Andersen og Dóri DNA, auk margra fleiri, þar á meðal sonanna Erps og Eyjólf. Ástráður Eysteinnsson prófessor heldur erindi um verðlaunasöguna Landið handan fjarskans og Dagný Kristjánsdóttir prófessor verður með erindi um eldri ljóð Eyvindar í Norræna húsinu á málstefnunni. Njórdur P. Njarðvík prófessor, Jóhanna Harðardóttir Kjalnesingagoði, Hrafn Andrés Harðarson skáld og fleiri varpa ljósi á ýmsa þætti í ferli Eyvindar.

kjartanatli@frettabladid.is



Vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, dóttur, systur og frænku,

## Arnheiðar Önnu Ólafsdóttir

sem lést 13. okt. sl., sendum við hjartans þakkið öllum þeim fjölmörgu sem minnst hafa hennar og stutt okkur með ást, umhyggju og kærleika, á þessum erfiða tíma.

Guð blessi ykkur.

Guðlaug Erla Jónsdóttir Ólafur Baldvin Jónsson  
Gulla, Hafþór og Bjargey  
Maggá og Linda

Ég er málfræðingur af nýja skólanum. Ég tel að það sé ekkert að því að við notum tökuorð yfir hugtök sem voru kannski ekki áður til.





Eins og hefð er fyrir frumflytur Söngfjlagið nýtt jólagag á tónleikumum. MYND/BRIAN FITZGIBBON

# Hinn einstaki tónn færir fólk til Írlands í fornöld

Söngfjlagið heldur adventutónleika undir stjórn Hilmar Agnars Agnarssonar í Langholtskirkju á morgun, 6. desember. Þar verður líka leikið á einstakt írskt hljóðfæri.

„Þema tónleikanna er keltesk jólatónlist í bland við íslenska,“ segir Hilmar Agnar Agnarsson um adventutónleika Söngfjlagisins í Langholtskirkju á morgun, sunnudag, klukkan 16 og 20. Hljóðfæraskipan er með fjölbreyttasta móti því leikið verður á keltesk hljóðfæri, meðal annars þjóðarhljóðfæri Íra, svonefnda uilleann sekkjapípu.

„Við erum búin að leita og leita að þessari írsku sekkjapípu, hún er svo sérstök og það eru svo fáir sem geta spilað á hana í heiminum,“ lýsir Hilmar Örn og bætir við kampakátur: „Svo bara fann ég hana

uppi á Skaga, þar býr stúlka sem á þetta hljóðfæri, Íri frá Dublin. Um leið og fólk heyrir tóninn þá er það komið til Írlands í fornöld.“ Auk sekkjapípunnar einstöku verður leikið á keltenska hörpu, trommu, fiðlu, mandólín, orgel, gítar og margar gerðir flauta.

Sérstakir gestir tónleikanna eru írsku söngkonurnar Regina McDonald og Bláth Conroy Murphy úr hinum heimspekta sönghópi Anúna, sópransöngkonan Björg Þórhallsdóttir og sönghópurinn Vox Populi.

„Það er Söngfjlaginu sérstakur heiður

ad fá liðsauka frá Anúna. Nær öll verkin sem hópurinn flytur eru sérsamin eða útsett fyrir hópinn af Michael McGlynn,“ segir Hilmar Örn.

Eins og hefð er fyrir frumflytur Söngfjlagið nýtt jólagag á tónleikumum. Ad þessu sinni er það kórfeilaginn Hjörleifur Hjartarson, einnig þekktur sem helmingur dúósins Hundur í óskilum, sem á heiðurinn að því en Haraldur V. Sveinbjörnsson útsetti lagið.

Svo spillir ekki stemningunni að tónleikagestum gefst færi á að syngja með í völdum lögum. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir, afi og langafi,  
**Guðmundur Konráðsson**  
Hrísmóum 4, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ 12. nóvember. Jarðarför hefur farið fram að ósk hins látna.

**Guðmunda Andrésdóttir**

**Konráð Guðmundsson**  
**Bryndís Guðmundsdóttir**  
**Svavar Guðmundsson**  
**Guðlaug R. Guðmundsdóttir**  
barnabörn, langafabarn og Guðlaug Konráðsdóttir.

**Guðrún Guðnadóttir**  
**Ásgeir Agnarsson**

**Kristinn M. Arnórsson**



Elsku faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Örn Helgason**  
sálfræðingur,  
Hagamel 41, Reykjavík,  
lést þann 28. nóvember síðastliðinn.

**Stefán Már Arnarson**  
**Svala Arnardóttir**  
**Sigríður A. Arnardóttir**  
**Helgi Arnarson**  
og afabörn.

**Arthúr Björgvin Bollason**  
**Vilhjálmur Ó. Sigurhjártarson**  
**Erna Ólafsdóttir**



Kæru ættingjar og vinir, nær og fjær. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdafaðir, afa og langafa,

**Sigurðar Einarsson**  
**Karlssonar**

málarameistara, Ekursmára 21, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til allra þeirra ættingja, vina og heilbrigðisstarfsfólks sem af alúð, umhyggju og tryggð hlúðu að Sigurði í veikindum hans. Þið eruð ómetanleg.

**Hjördís Ólafsdóttir**

**Karl Sigurðsson**  
**Gunnar Sigurðsson**  
**Anna Sigurðardóttir**  
**Linda Margrét, Eypór Ingi, Gylfi Freyr, Sigurður Egill, Elías Karl, Óðinn, Máni, Bjartur og Kristel Marín**

**Heiðbjört Gylfadóttir**  
**Kristín H. Hafsteinsdóttir**  
**Eliás Viðisson**



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Ingunn Þórðardóttir**  
Dunhaga 15,

lést á Mörk hjúkrunarheimili laugardaginn 28. nóvember. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 9. desember kl. 15.00.

**Svava Þóra Þórðardóttir**  
**Ingunn Guðrún Einarisdóttir**  
**Þórður Einarsson**  
**Helgi Einarsson**

**Gunnar Kristjánsson**  
**Helgi Gisli Birgisson**

Heiða Lilja og Svava Sóley



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hjálmar B. Gíslason**

frá Hesteyri, Furugerði 1,

verður jarðsönginn frá Neskirkju mánudaginn 7. desember kl. 13.00.

**Snorri Hjálmarsson**

**Gísli Hjálmarsson**

**Ína Dóra Hjálmarsdóttir**

tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eigin konu, móður, tengdamóður og ömmu,

**Steinunnar Kristjánsdóttur**

Bakkabraut 7d, Kópavogi,

sem lést hinn 25. október síðastliðinn.

Guð blessi ykkur öll.

**Sigurjón Á. Einarsson**

**Magnús Örn Halldórsson**

**Björk Snorrardóttir**

**Einar Á. Sigurjónsson**

**Egill Árni Sigurjónsson**

**Embla Ósk og Andrea**

**Marianna Guðbergsdóttir**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæru

**Guðrúnar Sigurðardóttur**

Kviakletti, Hallormsstað.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Benedikt G. Blöndal**

**Sigrún Blöndal**

**Sigurður Björn Blöndal**

**Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir**

**Björn Sveinsson**

**Sigurbjörg Gylfadóttir**

og barnabörn.



Elskuleg sambýliskona, móðir, amma og systir,

**Magnea Þorfinnsdóttir**

Þórðarsveig 3, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 28. nóvember. Útförin mun fara fram í kyrrþey.

**Jóhann Lúthersson**

**Sigurbjörg Ó. Antonsdóttir**

**Harpa Antonsdóttir**

**Guðjón Ólafsson**

**Olga Friðrika Antonsdóttir**

barnabörn og systkini.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Þorgerður Björk Tryggvadóttir**

Gautavík 32, Reykjavík,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 24. nóvember. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 7. desember kl. 15.00.

**Kjartan Þór Arnþórsson**

**Kristín Eva Ólafsdóttir**

**Karen Kjartansdóttir**

**Berglind B. Kjartansdóttir**

**Óliver Máni, Karen Agla og Klara Von**

**Jun Rafael Deluna**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bjarni Guðjónsson**

framreiðslumaður, Grandavegi 47,

lést á Landspítalanum 29. nóvember. Jarðarförin fer fram í Neskirkju, miðvikudaginn 16. desember kl. 15.00.

**Gróa Reykdal Bjarnadóttir**

**Guðrún Valgerður Bjarnadóttir**

**Jón Þorvaldur Bjarnason**

**Guðjón Bjarnason**

afa- og langafabörn.

**Þórhallur Borgþórsson**

**Hrafnhildur Kjartansdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.





# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

- 1 Soltknir Kvenir sakna einnar sem er ei meir (9)
- 11 Fiðurfé hendist til baka (12)
- 12 Metum kjaft út frá óljósum orðrómi (9)
- 13 Við bregst ég austfirskri byggð (12)
- 14 Segir að gamlir feður séu dýrir og setur þeim þröngar skorður (9)
- 15 Stigurinn sem sá fetar, er ætíð gefur gallaðar gjafir (12)
- 16 Að draumur og draugur rynnu saman væri vel séð (7)
- 17 Skrái vonir um músik og málverk (11)
- 22 Gráðugur kýs að vera hermir (7)
- 23 Ergi ranga menn með rugli (5)
- 26 Fer eftir röri við upptöku (10)
- 28 Reiðugu, hin ruku út í fússi (8)
- 32 Staur fyrir kauða (5)
- 33 Set skottu fyrir skartklædda (9)
- 34 Nýgræðingar fá jörð við Thule (8)
- 35 Veran getur verið gjaldmiðill sé hún rétt af (5)
- 36 Hinn brúni kommakveðskapur (9)
- 37 Þekking fjöldans greinir milli góðs og ills (8)
- 38 Sjáum ekki eftir þeim stundum (5)
- 40 Sturla brjálást út af slangri (6)
- 44 Völdu belju (4)
- 45 Hnóð múrs úr bakaðri eðju (11)
- 46 Þessar stórkostlegu buxur henta hetju (8)
- 47 Krossblóm hvítt hvar vel er grýtt og blautt (11)
- 48 Fjár sjóðshnoðri er ekki erfiður viðureignar (9)

**LÓDRÉTT**

- 1 Skap veit á stríð og allt kraumar vegna flots (11)
- 2 Strípað nagdýr leitar tauma í rúgi og byggi (11)
- 3 Leita lykta fjölskyldunnar með tilstilli ákveðins skilningarvits (11)
- 4 Keyrið allt niður í ekkert svo rétt sé mælt (11)
- 5 Var band Stipes uppahald Crosbys án áreynslu? (8)
- 6 Ég á morðingja sem kæfir gamla dísilrokka (8)
- 7 Fær sá harði arð af því þú ýttir á eftir ruglinu? (8)
- 8 Gríp til granakrafts ef rafmagnið fer (8)
- 9 Það er búið með embættið, því olli rifrildið (9)
- 10 Þessum vankaða spóa líður eins og hann sé hrjúfur (9)
- 18 Hnappaslot – og alltaf kemur vitlaust númer (10)
- 19 Hér er brimhamur, ég set í knýjandi gang (7)
- 20 Tilklippi kringum það sem við lögum að líkama (8)
- 21 Ólyfjan fellir iðin kvikindi (10)
- 24 Loftmiklar nætur kalla á hlífðarbúnað (9)
- 25 Besta búllan til að læra skv. plani yfirvalda (11)
- 27 Eftir smá suð spann ég eitthvað upp um jacuzzi (8)
- 29 Frátekið fyrir gagnfjærað lamb (10)
- 30 Hvað kostar töltið yfirleitt? (10)
- 31 Ætla inn á meginlandið, því krafa barst þaðan (10)
- 39 Veiddi bragðaref með mjólkurhristingi (6)
- 41 Ljóri fullur af tóbaki? (5)
- 42 Heyri fis bergmála erlendan ilm (5)
- 43 Hnippið í hæringinn (5)
- 44 Spæni lurka (5)




Lausnarorð síðustu viku var **SMÁKÖKUBAKSTUR**



**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Ljósmodir af Guðs náð** eftir Katju Ketu frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Linda Leifsdóttir, Reykjavík.**



**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist hættulegt náttúrufyrirbæri. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 9. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „5. desember“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

## Þrautir

**Bridge** Ísak Örn Sigurðsson

**Gott útspil**

Deildakeppni 1. deildar lauk með sigri sveitar Lögfræðistofunnar. Í sveitinni voru Jón Baldursson, Sigurbjörn Haraldsson, Aðalsteinn Jörgensen, Bjarni H. Einarsson, Steinar Jónsson og Sverrir Ármannsson. Í úrslitum spiluðu 4 efstu sveitir. Spil dagsins er frá fyrstu lotu í leik Grant Thornton og Lögfræðistofunnar. Sveinn Rúnar Eiríksson og Júlíus Sigurjónsson fetuðu sig upp í 6 spaða á NS hendurnar og sá samningur var spilaður á 3 borðum af fjórum. Norður gjafari og allir á hættu:

- |               |               |               |
|---------------|---------------|---------------|
| <b>VESTUR</b> | <b>NORÐUR</b> | <b>AUSTUR</b> |
| ♠ 106         | ♠ Á95         | ♠ 742         |
| ♥ K10963      | ♥ 4           | ♥ D72         |
| ♦ KG52        | ♦ Á8764       | ♦ 1093        |
| ♣ K4          | ♣ DG87        | ♣ 6532        |
|               | <b>SUÐUR</b>  |               |
|               | ♠ KDG83       |               |
|               | ♥ ÁG85        |               |
|               | ♦ D           |               |
|               | ♣ Á109        |               |

Jón Baldursson sat í vestur og spilaði spaða út, eins og allir varnarspilarnir gegn slemmu. Það var eina útspilið sem hnekkti spaðaslemmu, því trompanir á hjarta í blindum nægja ekki í 12 slagi. Eina borðið sem spilaði ekki spaðaslemmu, spilaði 3 grónd og fékk 10 slagi.

**Skák** Gunnar Björnsson



Oliver Aron Jóhannesson (2.198) átti leik gegn Sigurði Arnarsyni (2.005) á Íslandsmóti skákfélaga sl. haust.

**Svartur á leik**

52...Hxe5+! 53. fxe5 Rf4+ 54. Kf3 Rxd5 og hvítur gafst upp. Haraldur Baldursson hefur tryggt sér sigur á u-2000 móti TR. [www.skak.is](http://www.skak.is): Nýtt fréttabréf ÍS.

## Sudoku

**LÉTT**

4	8	1	5					9
6	9				5			
2			3			7		
	6	5			8	9		
			9		6			
1	4	7	8					5
9			1					6
	3							
5			8		4		3	

**MÍÐLUNGS**

		1					2		
	9	4		2	3	5			
	8		6		9			1	
5	7	6			1	9			
		2		8	4			5	
			3	1			7	2	
7				4					
		5		7	6	3	4		

**PUNG**

	1		8						
5	8	9		1					
	3	7	4			8	1		
				5				8	
	7		9		1			4	
		3						9	2
			5			3	6		
									9
8	1			9		2			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

2	4	7	1	5	8	3	6	9	4	8	1	5	3	2	9	6	7	5	4	8	7	1	2	9	6	3
9	1	3	2	6	7	4	5	8	3	7	6	8	9	4	2	1	5	6	7	1	9	3	5	8	4	2
5	6	8	9	3	4	7	1	2	2	9	5	1	6	7	3	4	8	9	2	3	8	6	4	1	5	7
3	2	5	4	7	6	8	9	1	5	1	7	2	4	8	6	3	9	4	5	2	6	9	3	7	8	1
1	7	4	5	8	9	2	3	6	6	2	9	7	5	3	4	8	1	7	3	6	1	4	8	2	9	5
6	8	9	3	1	2	5	7	4	8	3	4	9	1	6	5	7	2	8	1	9	2	5	7	4	3	6
4	3	6	7	2	1	9	8	5	9	4	8	3	2	1	7	5	6	1	8	4	3	2	6	5	7	9
7	9	1	8	4	5	6	2	3	7	5	3	6	8	9	1	2	4	3	9	5	4	7	1	6	2	8
8	5	2	6	9	3	1	4	7	1	6	2	4	7	5	8	9	3	2	6	7	5	8	9	3	1	4

## Póstdreifing

við komum því til skila

# VIÐ ELSKUM SNJÓ EN...

værirðu til í að hafa útiljósinn kveikt og stéttina auða ... fyrir okkur?

[www.postdreifing.is](http://www.postdreifing.is)



**30%**  
AFSLÁTTUR

**folalda**  
VEISLA

FOLALDAPIPARSTEIK  
FERSK  
VERÐ ÁÐUR  
3.398 KR/KG

**2.379** KR/KG



KALKÚNABRINGUR  
ERLENDAR/FROSNAR  
VERÐ ÁÐUR  
2.498 KR/KG

**2.098** KR/KG



**DANISH CROWN**  
HÁGÆÐA  
NAÚT

NAUTALUNDIR  
DANISH CROWN  
VERÐ ÁÐUR  
3.998 KR/KG

**3.798** KR/KG



KS KRYDDUÐ  
HELGARSTEIK  
VERÐ ÁÐUR  
2.598 KR/KG


**2.078** KR/KG



**25%**  
AFSLÁTTUR

KJÖTSEL HANGIFRAMP.  
ÚRBEINAÐUR  
VERÐ ÁÐUR  
2.998 KR/KG

**2.249** KR/KG



GRÍSA MÍNÚTUSTEIK  
FERSK  
VERÐ ÁÐUR  
2.449 KR/KG

**1.959** KR/KG



**50%**  
AFSLÁTTUR

SÆTAR KARTÖFLUR  
VERÐ ÁÐUR  
369 KR/KG

**185** KR/KG



**40%**  
AFSLÁTTUR

SJÁVARKISTAN  
REYKTUR OG GRAFINN LAX  
VERÐ ÁÐUR  
3.998 KR/KG

**2.399** KR/KG



MACKINTOSH Í DÓS  
1.315G

**1.999** KR/DS



MACKINTOSH 550G POKI  
STUTTUR STIMPILL/ÚT DES.  
GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST  
VERÐ ÁÐUR 998 KR/PK

**699** KR/PK



CELEBRATIONS Í DÓS  
766G

**2.498** KR/DS



Taktu þátt!  
**JÓLALEIKUR**  
Nettó & Egils  
Appelsín

Kauptu kippu af 4x2 l Egils Appelsíni og þú gætir unnið gjafabréf fyrir sömu upphæð og þú verslaðir fyrir! Dregið verður á Þorláksmessu.



## Konráð og félagar á ferð og flugi 177

Bragi Halldórsson

Konráð horfði hugsi á gátuna. „Hverskonar gáta er nú þetta?“ „Örugglega eitthvað til að rugla mann og plata,“ sagði Kata snúðug eins og venjulega. „Alltaf verið að plata mann,“ bætti hún við. Lísaloppa las leiðbeiningarnar fyrir gátuna. „Þetta er orðagáta og hér stendur,“ las hún. „Búið er að rugla stöfunum í nöfnum nokkra fuglategunda í hverri línu. Ef þú getur raðað þeim rétt í kassana, mynda stafirnir í hringjunum nafn fugls ef lesið er niður.

Getur þú ráðið orðaruglið og séð hvaða fuglar þetta eru?

VMURÁ	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
FRHNA	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
FLÁT	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
ÓLRMU	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
LYISMLR	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>



©TVA/NS/VI

## Brandarar

Siggi við Kalla vin sinn. „Viltu leika við nýja hundinn okkar?“ Kalli: „Æ, ég veit það nú ekki. Bitur hann?“ Siggi: „Það er einmitt það sem ég þarf að rannsaka.“

Gestur: Góðan daginn, ég er kominn til að stilla píanóð þitt.“ Húsráðandinn: „Nú, ég hef ekki pantað neina píanóstillingu.“ Gestur: „Ég veit það vel, það var nágranni þinn sem pantaði stillinguna.“

Kennari við nemanda: „Stafaðu orðið rúm.“ Nemandi: „R Ú M M.“ Kennarinn: „Sleptu öðru M-inu.“ Nemandinn: „Hvoru?“

Hvað sagði svo hringurinn við þri-hyrninginn? „Ái, þú stingur!“

Svo var það Skotinn sem var svo nískur að hann hló eingöngu á kostnað annarra.



„Ég fer oft í jeppaferðir með fjölskyldunni, leik mér úti í náttúrunni og lendi í ævintýrum,“ segir Heba sem hér er í einni slíkri ferð í Þórsörk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lentum á bólakafi í krapa og festumst

**Heba Sól Stefánsdóttir** er ellefu ára en hefur ferðast meira um Ísland en margir á hennar aldri. Útivera og skíðamennska eru í uppáhaldi og líka jeppaferðir í óbyggðum sem stundum eru ævintýralegar.

**Hvað heitir þú og hvað ertu gömul?** Heba Sól Stefánsdóttir og er 11 ára.

**Hvað er það fyrsta sem þú manst eftir, Heba Sól?** Ég man í leikskóla þegar vinkona mín var að borða spagettí og það kom spagettí út úr nefinu á henni og ég vildi vera eins og tróð spagettí upp í nefið á mér.

**Hver er uppáhaldsnámsgreinin þin í skólanum?** Stærðfræði.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?** Það er margt; teikna, mála, föndra, tefla skák, syngja í kór, spila á píanó og vera í blaki en ferðalög með fjölskyldu og vinum, útivera og

skíðamennska eru í mestu uppáhaldi. Ég fer oft í jeppaferðir með fjölskyldunni og stundum með pabba í vinnunni. Þá sé ég fullt af nýjum stöðum, er úti að leika í náttúrunni, spila og lendi í ævintýrum.

**Er einhver staður á Íslandi í uppáhaldi?** Eiginlega eru þeir margir en einn þeirra er í miklu uppáhaldi, það eru Tindfjöll. Þar eigum við skála og við komum yfirleitt þegar það er snjór og stundum kemur pabbi með vélsleða og dregur okkur upp brekkurnar og við skíðum niður. Svo er líka svo kósí í skálanum.

**Geturðu sagt frá einhverju ævintýri?** Eitt sinn þegar ég fór með pabba inn í Landmannalaugar þá vorum við tíu tíma á leiðinni og það var 22 stiga frost. Við ætluðum að hjálpa bíl sem var fastur en lentum sjálf á bólakafi í krapa og festumst. Við sátum föst í þrjá tíma en vorum svo heppin að hinn bíllinn var búinn að kalla í hjálparsveit sem kom og dró okkur upp. Þegar við komum var klukkan orðin tvö um nótt.

**Ertu byrjuð að skreyta fyrir jólin?** Við erum búin að setja jólaljós úti en skreytum meira á næstu dögum.

## Grýla og Leppalúði komin á kreik

Foreldrar jólasveinanna, þau Grýla og Leppalúði, eru heldur ógeðfæld hjón. Grýla er stór og ljót en hún er oft á ferli fyrir jólin að leita að óþægum krökkum. Yfirleitt finnur hún samt enga því öll börn eru svo góð. Bóndi hennar Leppalúði er heldur minni og væskilslegri en kona hans. Hann hangir mest heima í hellinum og er ósköp latur og værukær.

Grýla er hins vegar skörungur. Ómar Ragnarsson lýsti matseldinni hjá henni á þessa leið:

*Og matseldin hjá Grýlu greyi er geysimikið streð.  
Hún hnoðar deig og stórrí sleggju slær hún buffið með.  
Með járnkarli hún bryður bein og brýtur þau í mæl og hrærir skyr í stórrí og sterkri steypuhrærivél.  
Ó Grýla, ó Grýla, ó Grýla í gamla hellinum.*

Á sunnudaginn klukkan 14 er komið að árlegum viðburði í Þjóðminjasafninu þar sem Grýla og Leppalúði skemmta gestum. Einnig ætla söngkonan Hafðís Huld að koma fram.

Skemmtunin er ókeypis og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.



HELGARFJÖR FYRIR **FLOTTASTA FÓLKID**

**A** Afinn sem allir elska og fjöru vinkonurnar Skoppa og Skritla skemmta börnum og foreldrum á laugardags- og sunnudagsmorgnum á **Stöð 2**.

365.is | Sími 1817

365




nettó

# TILBOÐ Á JÓLABÓKUM Í NETTÓ

GILDIR 5. - 6. DESEMBER

AÐEINS  
4.549 KR



VERÐ: 4.689 KR




VERÐ: 4.689 KR



VERÐ: 3.215 KR



VERÐ: 3.215 KR



VERÐ: 4.689 KR




VERÐ: 4.689 KR




VERÐ: 4.689 KR



VERÐ: 3.818 KR



VERÐ: 5.024 KR



VERÐ: 11.049 KR

nettó


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í NETTÓ GRANDA OG NETTÓ MJÓDD

Mjódd · Grandi · Salavegur · Búðakór · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Vetrarlegt veður á landinu í dag. Norðanátt, víða hvasvindi eða stormur (18-23 m/s) en fer að lægja vestanlands í kvöld. Stórhrið fyrir norðan, en skafrenningur og einhver el á sunnanverðu landinu.

### Heimurinn

Kaupmannah. Oslo: 9°	Stokkhólmur: 10°	Gautaborg: 10°	Helsinki: 6°	Þórshöfn: 4°	Nuuk: -11°
London: 12°	Amsterdam: 9°	Paris: 6°	Berlin: 7°	Madrid: 14°	Brussel: 8°
Róm: 14°	Boston: 2°	New York: 1°	Orlando: 19°	Moskva: 4°	Singapúr: 27°
Tókýó: 9°	Sydney: 18°				

### Flóð & fjara

Flóð	Fjara
<b>Reykjavík</b>	
01.54	08.05
2,98m	1,51m
14.10	20.37
3,05m	1,33m

Akureyri	
06.02	12.07
1,20m	0,67m
18.08	00.18
1,11m	0,55m

Ísafjörður	
04.04	10.03
1,64m	0,90m
15.57	22.37
1,74m	0,79m

### Tunglstaða



Minnkandi  
**36%**

Sólarupprás:  
**10.55**

Sólarlag:  
**15.40**

### Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-2° ↓ 11	-2° ← 10	0° ↙ 27	-1° ← 18	2° ↑ 12

### Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-6° ↓ 7	-11° ↖ 6	-3° ↙ 20	-4° ← 14	-2° ↗ 13

### Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-4° ↓ 13	-11° ↗ 3	-2° ↓ 21	-6° ← 5	-1° ↖ 11

### Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-2° ↓ 14	-12° ↗ 2	1° ↓ 22	-4° ↙ 10	-0° ↖ 16

### Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-1° ↓ 16	-3° ↙ 6	3° ↙ 27	-2° ↙ 11	-2° ↗ 4

## Myndasögur

### PONDUS



### GELGJAN



### BARNALÁN



## TIL SÖLU

TOYOTA LANDCRUISER 200ÁRG. 2014 EK 11.000 KM VERÐ: 17.500.000

**BÍLASALA AKUREYRAR HF**  
FREYJUNESI 2 • 603 AKUREYRI  
SÍMI 461 2533 • sala@bilak.is

# Vild

365

Skráðu þig á **365.is**

Sjálfvirka fríðindakerfið


## SKRÁÐU ÞIG Í VILD

Engir punktar, engin aukakort og ekkert vesen

20% AFSLÁTTUR	20% AFSLÁTTUR	15% AFSLÁTTUR	15% AFSLÁTTUR
10% AFSLÁTTUR	7 KR. AFSLÁTTUR	7 KR. AFSLÁTTUR	



# SVONA Á AÐ SKRIFA UM LÍFIÐ



„Skemmtileg og heillandi aflestrar ... einstaklega fallega skrifuð ... vel skrifaðar endurminningar sem erfitt er að leggja frá sér.“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ



„... hún hélt mér allan tímann ... svona á að skrifa um lífið.“

INGI FREYR VILHJÁLMSOON / STUNDIN



„Bókin er um margt miklu áhugaverðari en margar aðrar bækur þar sem menn skrá ævi sína. Eiginlega er þetta ekki hefðbundin ævisaga.“

ÞORSTEINN PÁLSSON / DV




„... Óskar Guðmundsson fer á kostum í bókinni um Skúla. Stíllinn er fjörugur, og sögumaðurinn sparar hvorki andagift né litríkt orðfæri.“

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON / DV

„Lífsgleðin skín í gegn og það er hvergi dauður punktur í bókinni ... greinagóð og lipurlega skrifuð ... ritið mun halda á lofti nafni þess manns, sem vildi vel og munaði um í samfélagi sínu.“

SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON / MORGUNBLAÐIÐ







Bandarískir hermenn með með skráningarnúmer á hjálmunum á leið frá Reykjavík á vígvelli meginlands Evrópu 26. júní 1944.

## Stríðið skóp hér nýtt samfélag

Í bókinni **Stríðsárin 1938-1945** eftir Pál Baldvin Baldvinsson er fjallað ítarlega um róttækustu mótunarár íslensks samfélags.

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Stríðsárin frá 1938 til 1945 eru skarpasti mótunartími íslensks samfélags frá upphafi. Fyrir skömmu kom út bókinni **Stríðsárin 1938-1945** eftir Pál Baldvin Baldvinsson. Bókin er mikil að vöxtum og í henni koma fram ýmsar nýjar og forvitnilegar upplýsingar auk fjölda áður óbirtra ljósmynda. Verkið var tilnefnt til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir vikunni. Pál Baldvin segir að hann hafi byrjað á þessu verkefni í apríl fyrir þremur árum.

„Þetta var gömul hugmynd sem var búin að liggja hjá Jóhanni Páli útgefanda í nokkuð mörg ár og hann tók svo af skarið og réð mig til verksins. Ég taldi eðlilegast að þetta væri byggt upp eins mikið á samtímaheimildum og hægt væri en að sumu leyti yrði snúið aftur í það form sem Valdimar Jóhannsson og Gils Guðmundsson settu upp þegar þeir hófu að gefa út *Öldina* okkar 1951. En þar eru náttúrulega ekki nema kannski tíu síður lagðar undir hvert ár og markmiðið var að höggva í sama knérunn en hafa þetta miklum mun ítarlegra. Viðmiðið væri um hundrað síður á stærstu árin en síðan bólgnaði verkið út og á miðju vinnslutímabili var ljóst að það þyrfti að skera niður fyrri hlutann, árin 1941 og 1942 voru mjög efnismikil. Eftir þau minnkadi umfangið, það eru minni samfélagsátök og styrjöldin færir fjær okkur eftir því sem lengra líður þó miklir flutningar fari um Ísland á flugflotanum til innrás á meginlandið. Meðan stríðið var háð í Norður-Atlantshafinu og undan Noregsströndum var þetta afskaplega þungt og nálægt okkur en

eftir innrásina í Evrópu þá færir öfriðurinn fjær.“

### Herbúðir nær og fjær

Pál Baldvin segir að eftir að Bandaríkjamenn komu hingað árið 1941 hafi orðið miklar breytingar. „Málið er að Bretar reistu sínar herbúðir alveg ofan í byggðinni, einfaldlega til að spara flutninga og uppbyggingu á vegum, en bandaríska herstjórnin fór hins vegar strax í að byggja sínar herstöðvar úr alfaraleið og hélt þeim meira einangruðum. Um leið og það gerðist var herinn ekki jafn mikið ofan í byggðinni eins og var á því eina og hálfu ári sem Bretar og Kanadamenn voru hérna með landher. Samgangurinn minnkaði þó ekki enda Bandaríkjamenn miklum mun fleiri en fyrstu sveitirnar sem komu hingað 1940.

Þjónusta jókst því að miklum mun og með komu Bandaríkjamanna hefst mikið velsældarskeið efnahagslega þó svo fólk hafi verið byrjað að flykkjast á mölina fyrir þann tíma. Það var meira að segja orðið þröngt um húsnæði í Reykjavík fyrir komu Bretanna en fátæktin var svo mikil í samfélaginu að það voru engin efnahagsleg tækni á uppbyggingu. Þegar Bretarnir komu þá kusu þeir að leigja íbúðir fyrir sína yfirmenn, enda þeir ekki að fara að húka í óeinangruðum bröggum með óbreyttum hermönnum, þá voru þeir með tugi íbúða á leigu. Þannig að stéttaskiptingin sem var í breska hernum á þeim tíma, sem breytti svo breskum stjórnarmálum í kosningunum 1945, var mjög mikil. Stéttamunurinn á milli yfirmanna og óbreyttra var gríðarlegur.“

### Átök og ýfingar

Í bókinni velur Pál Baldvin þá leið að fjalla einnig um einstaklinga á meðal alþýðunnar og leitast þann-

**ÞETTA BREYTTI SAMFÉLAGINU FRÁ ÞVI AÐ VERA MJÖG STAÐNAÐ FISKVEIÐI- OG LANDBÚNAÐAR-SAMFÉLAG Í ÞAD AÐ HÉR VAR HRUNDIÐ AF STAÐ LÍFSGÆÐA- OG LÍFSHÁTTABYLTINGU SEM HEFUR STAÐIÐ ÓSLITIÐ SÍÐAN.**

ig við að gefa sem besta heildarmynd af samfélaginu á þessum árum. „Mörgum hefði þótt eðlilegt að halda sig bara við hina stóru opinberu atburði, m.a. í samskiptum herliðs og almennings sem og stjórnvalda sem eru vissulega stór hluti af þessari sögu. En það var mér keppikefli að ná inn minningum og lýsingum á lífi alþýðufólks; karla, kvenna, unglinga og barna. Hernámið var svo allumlykjandi í íslensku þjóðlífi að það snerti alla og víða um land. Þannig voru til að mynda börn frá þéttbýlum svæðum flutt svo hundruðum skipti frá bæjunum til sveitanna vegna ótta við bæði gashernað og lofthernað. Enda var flug þýskra véla hér yfir nánast daglegur viðburður lengi vel og því rökrétt að óttast að hér yrði sprengjufall. Því var ungum börnum komið úr bænum og eins til þess að forða þeim frá samskiptum við herliðið. Því her er alltaf her þó svo dagleg umgengni við herliðið hafi lengi vel verið með afar friðsamlegum hætti.

Það er ekki fyrir en stærsti hlutinn af herliðinu er bandarískt sem fara að verða árekstrar á milli heimamanna og gestanna eins og Hermann Jónasson kallaði þá. Sérstaklega verða áberandi líkamarsárir á konur og einnig átök á milli íslenskra karlanna og hermanna, bæði með skotvopnum og hnífum. Þessar ýfingar voru nánast regla á þessum árum enda var á



Pekkt vetrarmynd úr Trípoli-kampi við Suðurgötu í Reykjavík.



Pósthúsið í Camp Hálogaland þar sem reis stór braggi sem síðar var kunnur sem íþróttahúsið Hálogalanfnd.



Pál Baldvin Baldvinsson vann í þrjú ár að Stríðsárabókinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

götunum þriggja þjóða lögreglu-lið, bandarískt, breskt og íslenskt, og eftir því sem velferðin eykst þá eykst skemmtanahald og áfengisneysla bæði hjá Íslendingum og hermönnum og því fylgdu óneitanlega aukin átök.“

### Gríðarleg samfélagsbýlting

Pál Baldvin bendir líka á að farskipahluti þessarar sögu sé einnig dæmi um eitthvað sem við höfum illa náð utan um. „Það var ótrúlegur straumur af skipum hingað frá því síðla árs 1940 og allt til ársloka 1944. Á þessum tíma voru Reykjavík, Akureyri og Seyðisfjörður mjög athafnasamar hafnir bæði fyrir farskip og herskip og hingað streymir ótrúlegur fjöldi af skipum.

Hvað varðar átökin í hafinu höfum við í gegnum tíðina einblint mikið á þau átök sem íslensk skip lentu í, m.a. einfaldlega vegna skorts á gögnum. En á síðustu árum hefur netið opnað gagnabanka sem gjörbreyta þessu og þar á meðal er vefur sem hefur skoðað

kafbátaferðirnar þýsku og hefur aðsetur í Hafnarfirði og Guðmundur Helgason stýrir. Fleiri slíka alþjóðlega vefi er að finna m.a. í Bretlandi og Noregi og aðgengið að þeim upplýsingum hefur breytt gríðarlega miklu. Fram koma upplýsingar um afdrif skipa, farm, björgunarafræk Íslendinga og skipverja sem var komið með hingað vegna sjóskada og margt fleira.“

Þetta er á meðal þeirra nýju upplýsinga sem koma fram í þessu stóra verki eftir Pál Baldvin sem bendir á að áhrifin á íslenskt samfélag hafi verið gríðarleg. „Þetta breytti samfélaginu frá því að vera mjög staðnað fiskveiði- og landbúnaðarsamfélag í það að hér var hrundið af stað lífsgæða- og lífsháttabýltingu sem hefur staðið óslitið síðan. Við förum frá því að vera fátæklingar, allslaust barningsfólk, breytumst í bjargálma launamenn sem gera kröfur um lífsgæði sem áður voru flestum ókunn: í húsnæði, fatnaði, mat og munaðarvöru. Stríðið skóp hér nýtt samfélag.“



# Nýr Microsoft Lumia 950 og 950XL með Windows 10 á íslensku

- Notaðu símann eins og tölvu með Continuum
- Öflugur vökvakældur örgjörvi
- Ný og betri 20MP myndavél
- Augnskanni - ekkert lykilorð
- 4K myndbandsupptaka
- Háskerpu skjár
- Hraðhleðsla



Nánari upplýsingar á:  
[www.ok.is/Lumia950](http://www.ok.is/Lumia950) | [www.ok.is/Lumia950XL](http://www.ok.is/Lumia950XL)



## Á eftir að ná langt

### TÓNLIST

#### Sinfóniutónleikar



Sinfóniuhljómsveit Íslands flutti verk eftir Bach, Händel, Albinoni og Mozart.

**Einleikari:** Baldvin Oddsson  
**Stjórnandi:** Matthew Halls  
**Eldborg, Hörpu**  
Fimmtudaginn 3. desember

Hér í gamla daga skiptist fólk í andstæðar fylkingar eftir því hvort það fílaði klassíska tónlist eða ekki. Það var slegist um það á síðum dagblaðanna. Mörgum fannst ótækt hve mikið rými klassíkin fékk í Ríkisútvarpinu. Einn greinarhöfundar skammaðist yfir útsendingu sinfóniugargs. Hann talaði um Brandara-konsert eftir Jóhann Sebastián Bjakk.

Bjakk var einmitt á dagskránni í Hörpu á fimmtudagskvöldið. Nánar tiltekið sjötti Brandenburgarkonsertinn eftir Bach. Þar var leikið á sjö

hljóðfæri: Tvær víólur, þrjú selló, sembal og bassa. Þetta var óvanaleg hljóðfærasamsetning. Segja má að það hafi vantað toppinn í hljóminn, þ.e. fiðlurnar. Fyrir bragðið fékk tónsmíðin á sig sérkennilegt yfirbragð. Flutningurinn var þó ekki alveg nógu góður. Sumir víólutónarnir voru dálítið ónákvæmir. Fyrir bragðið var ekki almennilegur fókus í túlkuninni. Heildarsvipurinn var losaralegur; sennilega hefði mátt afa verkið meira. Sjálfsagt var konsertinn það erfiðasta á dagskránni. Bara sjö raddir



## Jólauppboð

í Gallerí Fold

sunnudaginn 6. desember kl. 16  
og mánudaginn 7. desember kl. 18



Kristín Jónsdóttir

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

#### Forsýning alla helgina í Gallerí Fold

laugardag kl. 11–17, sunnudag kl. 12–15,  
mánudag kl. 10–17 (þau verk sem boðin eru upp á mánudag)

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA  
**fold**

Rauðarársígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

## JÓLAGJAFIR FYRIR DÝR OG DÝRAVINI Í DÝRARÍKINU HOLTAGÖRÐUM

**20%**

AFSLÁTTUR AF  
GLÆSILEGUM  
FUGLABÚRUM

54 LÍTRA  
EHEIM FISKABÚR  
MEÐ LOKI, LJÓSI,  
HREINSARA OG  
HITARA

JÓLATILBOÐ  
**17.637**

ÚRVALIÐ  
ER HJÁ  
OKKUR

STÚTFULL  
VERSLUN AF  
GÓÐUM OG  
GLEÐILEGUM  
JÓLAGJÖFUM

FRÁBÆR  
JÓLATILBOÐ  
OG GÓÐ  
VERÐ

**DÝRARÍKIÐ**

Holtagörðum ... fyrir dýravini

♥  
GÆÐIN SKIPTA MÁLI

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins

Sími 568 66 68

Opið 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar

gerðu tónlistina nakta. Minnstu misfællur heyrðust auðveldlega. Annað var mun betra. Hluti úr Vatnatónlist Händels hefði reyndar mátt vera tærari í málmblastrinum. Almennt talað var hún nokkuð hrá, styrkleikajafnvægið hefði mátt vera nákvæmara. En Hátiðarsvita úr sinfóníum Bachs í útsetningu stjórnandans, Matthew Halls, var þrýðilega flutt. Hún var hátiðleg og fjörug í senn. Tæknilega séð var hún örugg, samspilið var akkúrat, hljómurinn breiður og fallegur.

Það var þó fyrst og fremst tvennt sem gerði að verkum að tónleikarnir fæ fjórar stjörnur. Annars vegar var það einleikarinn á trompet, hins vegar sinfónía eftir Mozart. Einleikarinn hét Baldvin Oddsson og var í aðalhlutverkinu í konsert í B-dúr op. 7 nr. 3 eftir Tomaso Albinoni. Hann er ungur að árum en spilaði eins og engill. Leikur hans var ótrúlega hreinn og fallega mótaður. Hann var fullkomlega áreynslulaus og vandaður. Hröð tónhlaup voru fumlaus og jöfn, trillur svo

skýrar að maður dáðist að. Baldvin á eftir að ná langt á tónlistarbrautinni, það er alveg ljóst.

En með fullri virðingu fyrir Albinoni, Händel og Bach, þá tók Mozart þá alla í nefið. Albinoni er vissulega minniháttar tónskáld, en Bach og Händel ekki. Samt komust þeir ekki með tærnar þar sem Mozart hafði hælana. Tónlist hans er svo alltumlykjandi og dásamleg, hún er margbrotnari og miklu meira lifandi. Snilldin er alger, fágúnin óviðjafnanleg. Á efmiskránni var hin svonefnda Haffnersinfónía og hljómsveitin spilaði hana einkar glæsilega. Sagt hefur verið að Guð sé í smáatriðunum og hér voru smæstu blæbrigði afar fagurlega mótuð. Heildarsvipurinn var stórbrotinn og tignarlegur, en samt unaðslega gleðþrunginn. Þetta var innblásinn flutningur. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Haffnersinfónía Mozarts var snilld og einleikur Baldvins Oddssonar var magnaður.

## Boli boli bankar á dyr

### BÆKUR

#### Nautið



#### Stefán Máni

Útgefandi: Sögur útgáfa

Prentun: Oddi

Blaðsíðufjöldi: 233

Kápuhönnun: Arnar Geir Ómarsson

Skepnan í manninum hefur verið skáldum hugleikin frá alda örófi og þar hafa naut nokkuð komið við sögu. Hér má minnst Minotáris sem var fangelsaður af föður sínum, Mínosi konungi á Krít, í völundarhúsi þar sem hann var látinn rífa fanga á hol, nautsins Glæsis í Eyrbyggjasögu, en Glæsi eru gerð skil í samnefndri skáldsögu Ármanns Jakobssonar, og Þorgeirsbola, draug ungs nautkálfs sem var magnaður upp af ósáttum vonbiðli og gekk aftur með húðina hálflegna af. Allar þessar myndir nautsins sýna samspil manns og náttúru þar sem maðurinn er mesta skrímslið sem misnotar náttúruna/dýrið sem snýst á endanum gegn honum sjálfum.

Í skáldsögunni Nautið eftir Stefán Máni má finna mörg þessi naut og svipi þeirra afturgengna. Sagan tekst þó helst á við mannskepuna sjálfa og það óhugnanlega og firtra sem hún getur tekið upp á og þegar upp er staðið er nautið kannski eina heiðarlega veran í bókinni og sú sem allir sækja í á einn eða annan hátt.

Sagan hefst þegar tvær ferðakonur hnjóta um vegsummerki um skelfilegan glæp á sveitabæ. Skipt er um sögusvið og við kynnumst Hönnu sem hefur fallið kylliflöt í sollinn í Reykjavík, á ógeðslegan ofbeldisglæpaforingja fyrir kærasta og virðast allar bjargir bannaðar. Þá er aftur klippt og nú inn í fangaklefa á Eskfirði þar sem dularfullur maður bíður örloga sinna. Við sögu koma einnig demantar og kókaín, einangrun og ótti og saman mynda þessir þættir

kjöraðstæður fyrir glæpi og svik. Þróun frásagnarinnar er langt frá því að vera fyrirséð og það hvernig púslin falla saman í lokin situr lengi með lesandanum og fær hann til að líta til baka yfir söguna og sjá visbendingar sem honum voru kannski ekki endilega ljósar á meðan á lestrinum stóð.

Nautið er gríðarlega spennandi og á köflum mjög óhugnanleg bók. Leiðarstefið nautið er vel nýtt og kemur víða fyrir í ólíkum myndum,

til dæmis er unnustinn ofbeldishneigði mikill aðdáandi Chicago Bulls og þá koma kúrekar einnig oft við sögu. Í rauninni má segja að sögusviðið allt minni á hið goðsögulega villta vestur, lögleysan er alger, fólk skipast í hlutverk sem það á engu möguleika á að sleppa úr og það er í höndum einstaklinganna sjálfra að ná því fram sem þeir vilja, með misjöfnum árangri.

S a m - úðin liggur einna helst hjá Hönnu, konunni (jafnvel með stóru K-i) sem á sér aldrei viðreisnar von í þessu karlavestri og er fornað hvað eftir annað á altari græðgi og mannvönsku.

Fregnir hafa borist af því að til standi að gera sjónvarpsþáttaröð eftir bókinni og það er ekki erfitt að sjá hvernig sú hugmynd gæti hafa komið upp. Lýsingar eru nákvæmar og stundum nánast of auðvelt að sjá fyrir sér myndarnar sem dregnar eru upp af aðstæðum og atvikum. Einhverjum kynni að þykja freistandi að sleppa því að lesa bókina og bíða bara eftir þáttunum. Vissulega verður spennandi að sjá hvernig samspil Baldvins Z og Stefáns Mána þróast við að koma þessari sögu í myndform en alveg ástæðulaust að láta það hafa af sér ánægjuna við að lesa Nautið upp til agna. **Brynhildur Björnsdóttir**

**SAMANTEKT:** Óhugnanlega vel skrifuð, vel fléttuð og vel spennandi saga.





# JÓLAFJÖR



Jólastjarna,  
fæst í BYKO Breidd.  
**995 kr.**  
55095034  
Almennt verð: 1285 kr.

# 25%

## AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRUM\*



# GLEÐILEGA HÁTÍÐ

19 DAGAR  
TIL JÓLA!

## JÓLADAGSKRÁ BYKO BREIDD



**Hreimur og Árni**  
laugardag frá 14-15.

**Sirkus Íslands**  
laugardag frá 13-15.

**Vigga og sjonni**  
sunnudag frá 13-14.

**Heppnir  
viðskiptavinir**  
fá miða á  
Vegbúann eða  
Línu langsökk.



**JANUS**  
lóftljós, 2xG9.

**2.995 kr.**

52238150  
Almennt verð: 3.995 kr.



**NAVE** kastari,  
króm, G9.

**695 kr.**

52251119  
Almennt verð: 995 kr.



**ANNE** kúpull,  
25 cm, E27, 42W.

**795 kr.**

52237039  
Almennt verð: 1.495 kr.



**Galanz**

Örbylgjuofn,  
17 l, 700W.

**8.995 kr.**

65103260  
Almennt verð: 12.995 kr.



**Hnifasett,**  
5 hnifar og  
skrælari.

**3.195 kr.**

41114360  
Almennt verð: 4.295 kr.



**Roasting** bakki,  
37x27 cm, 5x6 cm

**1.495 kr.**

41114357  
Almennt verð: 1.995 kr.



**WINDSOR** hnifaparasett, 44 stk.

**9.495 kr.**

41114344 Almennt verð: 12.995 kr.



**TRÍSTAR**

**TRÍSTAR**  
töfrasproti,  
hvítur, 170 W.

**1.795 kr.**

42355669  
Almennt verð: 2.495 kr.



byko.is

**VÖFFLUVEISLA**  
Í ÖLLUM VERSLUNUM  
LAUGARDAG FRÁ 13-15



**BYKO**

GERUM PETTA SAMAN



**SAMBÍÓINN** NÁÐU Í SAMBÍÓ APPID ÞAD MARGBORGAR SIG

SAGAN UM MOBY DICK BYGGIR Á RAUNVERULEGUM ATBURÐUM - ÞETTA ER SU SAGA. FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRANUM RON HOWARD

CHRIS HEMSWORTH FER FYRIR URVALSLIÐI LEIKARA Í ÞESSARI MÖGNUGU MYND

OLYMPUS HAS FALLEN 7 FOR VÖRÐETTA

FRÁ ÞEIM SOMU OG FERÐU OKKUR

INSIDE OUT

THE WRAP

THE PLAYLIST

THE NEW YORK TIMES

LOS ANGELES TIMES

**GÓÐA RISAEDLAN** L

**HEART OF THE SEA 2D** KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40

**HEART OF THE SEA 2D VIP** KL. 12 - 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40

**HEART OF THE SEA 3D ÓTRUB** KL. 9

**SURVIVOR** KL. 5:50 - 8 - 10:10

**GÓÐA RISAEDLAN IS.TAL 2D** KL. 11 - 12 (AU) - 1:30 - 3:40 - 5:50

**GÓÐA RISAEDLAN IS.TAL 3D** KL. 11:50 (AU) - 2 - 4:10 - 6:20

**GOOD DINOSAUR ESKT TAL 2D** KL. 11 - 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8

**SOLACE** KL. 8 - 10:40

**PAN IS.TAL 2D** KL. 11 - 1:20 - 3:40

**EVEREST 2D** KL. 10:10

**EGILSHÖLL**

**IN THE HEART OF THE SEA 2D** KL. 5:30 - 8 - 10:35

**GÓÐA RISAEDLAN IS.TAL 2D** KL. 1 - 3:20 - 5:40

**GÓÐA RISAEDLAN IS.TAL 3D** KL. 2

**SOLACE** KL. (5:40 (SUN)) - 8

**SPECTRE** KL. 2:30 - 6 - 8 - 9

**THE LAST WITCH HUNTER** KL. 10:20

**PAN IS.TAL 2D** KL. 1 - 3:30

**KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI**

**IN THE HEART OF THE SEA 2D** KL. 5:20 - 8 - 10:40

**SURVIVOR** KL. 8

**GÓÐA RISAEDLAN IS.TAL 2D** KL. 1 - 3:10 - 5:50

**GÓÐA RISAEDLAN IS.TAL 3D** KL. 1 - 3:10

**SPECTRE** KL. 5:20 - 8:30 - 10:20

**PAN IS.TAL 2D** KL. 1 - 3:20

**KEFLAVÍK**

**IN THE HEART OF THE SEA 2D** KL. 5:20 - 8 - 10:40

**KRAMPUS** KL. 8

**GÓÐA RISAEDLAN IS.TAL 2D** KL. 1:30 - 3:40 - 5:50

**GÓÐA RISAEDLAN IS.TAL 3D** KL. 1 - 3:10

**HUNGER GAMES 2D** KL. 10:20

**SOLACE** KL. 10:10

**AKUREYRI**

**IN THE HEART OF THE SEA 2D** KL. 5:20 - 8 - 10:40

**SURVIVOR** KL. 8

**GÓÐA RISAEDLAN IS.TAL 2D** KL. 1:30 - 3:40

**GÓÐA RISAEDLAN IS.TAL 3D** KL. 1 - 3:10

**THE GOOD DINOSAUR ESKT TAL 2D** KL. 5:50

**SOLACE** KL. 10:10

**SPARBÍÓ** MERKTAR MEÐ GRÆNU Eða APPELSÍNUGULU KR. 950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

**SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ**

You Better Watch Out.

**KRAMPUS**

**STAR WARS THE FORCE AWAKENS** FORSALA HAFIN

Frumskýnd 17. desember

**The Night Before**

**GÓÐA RISAEDLAN**

Tom Hanks magnaður í kallaðri stríðsmynd Steven Spielberg

**BRIDGE OF SPIES**

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

**LAUGARÁS BÍÓ**

**miði.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**Coca-Cola** LAUGARARÁS

**KRAMPUS**

**HUNGER GAMES 4 2D**

**The Night Before**

**GÓÐA RISAEDLAN** TILBOÐ KL. 2

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
KRAMPUS	6, 8, 10:45
HUNGER GAMES 4 2D	5, 8, 10:10
THE NIGHT BEFORE	8, 10:10
GÓÐA RISAEDLAN 2D	2, 5
HANASLAGUR	2, 3:50
HOTEL TRANSYLVANIA 2	1:50

# Góða skemmtun í bíó

**SAMBÍÓINN** **SAMBIO.IS**

**GÓÐA RISAEDLAN** **PAN**

**SPARBÍÓ** MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

**GÓÐA RISAEDLAN** **Hanaslagur** **HÓTEL TRANSYLVANIA 2** **VERTU MEÐ BARNAAFMÆLIÐ NJÁ OKKUR**

**FJÖLSKYLDUPAKKINN** Allir borga barnaverð

MINNST 4 MÍÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA NÁNAR Á WWW.SMARBIO.IS

**MIÐASALA** smarabio.is emidi.is miði.is

**SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ**

**LAUGARÁS BÍÓ** **Ódýrt í bíó** **miði.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**GÓÐA RISAEDLAN** SÝND KL. 2

**Hanaslagur** SÝND Í 2D ÍSL.TAL SÝND KL. 2

**HÓTEL TRANSYLVANIA 2** SÝND Í 2D ÍSL.TAL SÝND KL. 1:50

**TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS**

# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

5. DESEMBER 2015

## Jólagleði

**Hvað?** Jólagleði Reykjavík Letterpress  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Lindargötu 50 (bakhúsi) 25% af öllum vörum, jólalog, piparkökur og glögg. Jólapappír, gjafapokar, jólakort, merkimiðar ásamt jólakortaeefni og umslögum úr alls konar djúsi pappír. Litlir gormar fá tækifæri til að fönðra jólakort á meðan stóru gormarnir sötra jólaglög og skoða úrvalið!

**Hvað?** Langir laugardagar  
**Hvenær?** 11.00  
**Hvar?** Miðborg Reykjavíkur Fyrsti laugardagur í hverjum mánuði er jafnan nefndur Langur laugardagur því þá eru verslanir opnar lengur en ella, til kl. 17 eða lengur, og er einnig boðið upp á lifandi tónlist og skemmtiatriði.

Send ljós þitt og trúfesti þína, þau skulu leiða mig...

www.versdagsins.is

## Tónlist

